FINNBOGI MARINÓSSON

*Lærði að fiskur getur verið veislumatur*

• matur • tíska • helgin

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



RAGNHEIÐUR GRÖNDAL

*Dreymdi um vinsældir á eigin forsendum*

FÖSTUDAGUR FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

28. nóvember 2008 — 326. tölublað — 8. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


## FÖSTUDAGUR

### Rauðir og rómantískir



Sýningin Jólakjólar verður opnuð á morgun í Listasafni ASÍ.

TÍMAMÓT 32

### Syngja með Söndru



Friðrik Ómar og Eurobandið syngja með Söndru Kim í Þýskalandi.

FÓLK 54

### Úrræði í peningamálum

Reiði almennings vegna kreppunnar er skiljanleg en ekki má gleyma að hún er alþjóðleg sem bitnar ekki aðeins á Íslendingum, skrifar Hannes Hólmsteinn.

UMRÆÐAN 26

### Aftur sigur



Íslenska kvennalandsliðið í handbolta vann sinn annan sigur í röð í undankeppni HM.

ÍÞRÓTTIR 50

## VEÐRIÐ Í DAG




**SNJÓÉL NYRÐRA** Í dag verða norðan 5-13 m/s, hvassast austan og suðaustan til með snörpum hviðum. Él norðan og austan til, annars yfirleitt bjart veður. Frost 4-12 stig, kaldast til landsins.

VEÐUR 4



**KERTIN STANDA Á GRÆNUM GREINUM** Aron Hansen, starfsmaður Orkuveitunnar, var í óða önn við að skreyta Óslóartréð á Austurvelli í gær. Tréð, sem þykir mjórra en oft áður, verður skreytt 288 ljósaperum. Kveikt verður á trénu á sunnudaginn kemur. Þetta er í 57. sinn sem kveikt verður á Óslóartrénu á Austurvelli sem er vinagjöf. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# 550 milljóna niðurskurður hjá RÚV

**Ný rekstraráætlun Ríkisútvarpsins verður kynnt í dag. Rekstrarniðurskurður er um 550 milljónir króna. Um þrjátíu starfsmönnum verður sagt upp.**

**VINNUMARKAÐUR** Skorið verður niður um 550 til 600 milljónir króna í rekstri Ríkisútvarpsins ohf. vegna aðstæðna í efnahagslífinu. Á milli tuttugu og þrjátíu starfsmönnum verður sagt upp störfum, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Endurskoðuð rekstraráætlun Ríkisútvarpsins verður kynnt í dag. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er niðurskurðurinn nálægt fimmtán prósentum af rekstri fyrir yfirstandandi starfsár. RÚV var ætlað um þrír milljarðar í starfsfé í fjárlagafrumvarpi ársins 2009 sem er nú til endurskoðunar. Að auki fær stofnunin rúmlega milljarð króna í tekjur af auglýsingum. Niðurskurðurinn nemur því um 550 til 600 milljónum.

Niðurskurðinum fylgja uppsagnir tuttugu til þrjátíu starfsmanna stofnunarinnar, samkvæmt heimildum.

Ómar Benediktsson, stjórnarformaður RÚV, og Páll Magnússon útvarpsstjóri staðfestu við Fréttablaðið í gær að endurskoðuð rekstraráætlun yrði kynnt í dag en vildu að öðru leyti ekkert tjá sig um málið.

Fjármagnskostnaður stofnunarinnar er að sliga reksturinn, samkvæmt heimildum blaðsins, eins og fleiri fyrirtækja og stofnana hérlendis. Eins að mikil óvissa sé um reksturinn vegna upptöku nefskatts 1. janúar næstkomandi, sem ekki hefur verið gengið frá, og fyrirséð að heimildir stofnunarinnar til að beita sér á auglýsingamarkaði verða takmarkaðar. Aðgerðirnar sem kynntar verða í dag séu því til að bregðast við stöðunni eins og hún er í augnablikinu en aðeins sé um fyrstu skref að ræða. Búast megi við mun harkalegri niðurskurðaraðgerðum þegar allt hefur verið talið og kynning rekstraráætlunar á morgun sé fyrsta skrefið af mun sársaukafyllri aðgerðum.

- shá

Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum lofar íbúum veislu :

# Fólki fjölgar í Eyjum

**SAMFÉLAGSMÁL** „Nú hefur það gerst í fyrsta sinn í sautján ár að íbúum hefur fjölgað hér í Vestmannaeyjum,“ segir Elliði Vignisson bæjarstjóri. „Í fyrra vorum við 4.040 en síðast þegar ég gáði 4.080.“

Hann segir þetta ekki einungis skrifast á versnandi atvinnuástand á höfuðborgarsvæðinu. „Ég segi það vegna þess að hlutfallslega var fjölgunin meiri á fyrri hluta árs.“ En hvað veldur? „Sveitarfélagið hefur verið að styrkjast seinustu árin, íbúar hafa miklar væntingar til bættra samgangna og svo hefur sjávarútvegurinn verið að eflast og fyrirtækin hér eru engin undantekning.“

Bæjarstjórinn lofaði bæjarbúum allsherjar veisluhöldum þegar íbúum færi að fjölga og segist hann nú þurfa að fara að huga að því. - jse

Góðan daginn

Viðskiptaráðherra mælti fyrir frumvarpi um gjaldeyrishöft á Alþingi í gær:

# Takmarkanir á gjaldeyrisviðskiptum

**EFNAHAGSMÁL** Seðlabankinn fær heimild til að setja reglur sem takmarka eða stöðva tímabundið tiltekna flokka fjármagnshreyfinga milli landa, samkvæmt frumvarpi sem Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra mælti fyrir á Alþingi í gærkvöldi. Í athugasemdum við efni frumvarpsins segir að talsverð hætta sé á að aðilar sem eiga verulegar fjárhæðir í krónum muni leggja kapp á koma fjármununum úr landi. Slíkir fjármagnsflutningar geti leitt til verulegrar gengislækkunar íslensku krónunnar.

Þá er vísað til áætlunar stjórnvalda til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, hækkunar stýrivaxta og aðhalds. Óvíst sé hvort þær aðgerðir nægi til að koma í veg fyrir fjármagnsútflæði og er því talið óhjákvæmilegt að beita tímabundnum takmörkunum á gjaldeyrisviðskipti. Slíkum gjaldeyrishöftum fylgi hins vegar ýmis neikvæð hliðaráhrif svo stefnt er að því að afnema þau svo fljótt sem auðið er.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að Seðlabankinn geti sett reglur um að skylt sé að skila erlendum gjaldeyri sem innlendir aðilar hafa eignast.

Málið var ekki útrætt þegar blaðið fór í prentun. - ovd

Kafbátur mánaðarins
SUBWAY
...snjall leikur í hádeginu!
329 kr.
18 Subway staðir um allt land

Casa
20% afsláttur á RITZENHOFF
Tilboðið gildir frá 27.11.08 til 29.11.08

## SPURNING DAGSINS



*Árni, ertu rúgbrauð eða franskbrauð?*

„Í stöðunni væri líklega vanþakklæti að vera ekki franskbrauð, þótt íslenski þrumarinn standi fyrir sínu.“

Skáldsagan Tími nornarinnar eftir Árna Þórarinsson hefur verið að gera það gott á metsölulistum í Frakklandi, auk þess sem bókin er kennd í menntaskólum þar í landi.

Áburðarverksmiðjan í Gufunesi dæmd til að greiða þjáningabætur:

# Bætur vegna ammoníaks

**DÓMSMÁL** Áburðarverksmiðjan hefur verið dæmd til að greiða konu tæpar 200 þúsund krónur í bætur vegna óþæginda sem hún hlaut af heitri ammoníaksgufu.

Það var haustið 1998, að verið var að ræsa sýruverksmiðju í Áburðarverksmiðjunni í Gufunesi. Fyrsta ræsing mistókst og því þurfti að endurræsa sýruverksmiðjuna og hleypa þar með í tvígang út heitri ammoníaksgufu, sem fylgir ræsingunni.

Konan, sem bjó í næsta nágrenni, fann til óþæginda og kvartaði strax en ekki var brugðist við því. Ekki var fallist á bótakröfu konunnar vegna varanlegs heilsutjóns en hins vegar tímabundins og voru henni dæmdar þjáningabætur.

Konan krafðist um 4,4 milljóna króna í bætur. Hún taldi sig hafa orðið fyrir miklu tjóni við það að Áburðarverksmiðjan slepptí út í andrúmsloftið hálfu tonni af 140 gráða heitu ammoníaki.

Niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur var sú að konan hafi ekki hlotið varanlegan miska og varanlega örorku af völdum ammoníaksins. Hins vegar var fallist á að Áburðarverksmiðjan bæri ábyrgð á tímabundnu tjóni hennar vegna ammoníaksgufunnar. - jss



**ÁBURÐARVERKSMIÐJAN** Óhappið átti sér stað í Áburðarverksmiðjunni í Gufunesi.

Landsmenn sýni samstöðu:

# Þjóðfundur á Arnarhóli

**MÓTMÆLI** Borgarahreyfing um þjóðfund stendur fyrir fundi á Arnarhóli 1. desember næstkomandi. Í tilkynningu frá hreyfingunni eru landsmenn hvattir til að sýna samstöðu og krefjast breytinga á stjórn landsmála og breytinga á stjórnsýslu með því að leggja niður vinnu og mæta á þjóðfundinn klukkan 15 á mánudaginn. Þá hvetur Borgarhreyfingin til þess að samtök launþega veki athygli félagsmanna sinna á fundinum og að Samtök atvinnulífsins sýni vilja sinn til þjóðarsáttar og hvetji aðildarfélög sín til að gefa starfsfólki leyfi frá störfum. - ovd



**HVATNINGARVERÐLAUN** Óskar Bergsson, formaður Borgarráðs, afhendir Höllu Bogadóttur, framkvæmdastjóra Kraums, Njarðarskjöldinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VIL-

Ferðamannaverslun ársins:

# Kraum hlýtur Njarðarskjöld

**VERSLUN** **Verslunin Kraum hlaut í gær Njarðarskjöldinn, hvatningarverðlaun Reykjavíkurborgar og Íslenskrar verslunar.**

**Er þetta í þrettánda sinn sem Njarðarskjöldurinn er afhentur en markmið með veitingu verðlaunanna er að hvetja til bættrar og aukinnar verslunarþjónustu við ferðamenn í Reykjavík.**

**Í niðurstöðum dómnefndar segir að það sem upp úr standi við valið að þessu sinni sé einkar glæsilegt úrval íslenskrar hönnunar í versluninni.** - ovd

Stígamót taka til sinna ráða:

# Halda tösku- og veskjauppboð

**SAMFÉLAGSMÁL** Konurnar í Stígamótum bregðast við kreppunni með óhefðbundinni fjáröflun. Þær hyggjast annars vegar selja og hins vegar bjóða upp töskur og veski hinn 13. desember næstkomandi.

„Átakið hófst í byrjun vikunnar og erum við strax búnar að fá fullt af framlögum,“ segir Karen Linda Eiríksdóttir, fjölskylduráðgjafi hjá Stígamótum og forsprakki fjáröflunarinnar, en tekið er við tösku- og veskjaframlögum í hádeginu fram til 13. desember. - ve

# Óvissa um umsamið lán OR vegna kreppu

**Orkuveita Reykjavíkur fær ekki lokagreiðslu láns frá Þróunarbanka Evrópu vegna framkvæmda sem þegar hafa farið fram. Ekki er fyrirhugað að segja upp starfsfólki eða hækka gjaldskrá. Framkvæmdir verða skornar niður.**

**EFNAHAGSMÁL** Þróunarbanki Evrópu neitar að greiða lokagreiðslu umsamins láns til Orkuveitu Reykjavíkur (OR) þrátt fyrir að framkvæmdum sé lokið og úttekt hafi verið gerð á þeim. Lánið, sem tekið var vegna Hellisheiðarvirkjunar, greiðist eftir framvindu verksins. Vegna slæms efnahagsástands hér á landi vill bankinn ekki afhenda féð, rúmlega 6 milljarða króna.

Hjörleifur Kvaran, forstjóri OR, segir dráttinn á afhendingu fjárins koma sér mjög illa. „Af okkar hálfu hafa engar vanefndir orðið en þeir vilja ekki lána peninga hingað vegna ástandsins.“



**HJÖRLEIFUR KVARAN**

Í haust samdi OR um 25 milljarða króna framkvæmdalán við Fjárfestingabanka Evrópu. Það lán fæst heldur ekki afgreitt af sömu ástæðum og hitt. Lánið var fyrst og fremst hugsað í framkvæmdir við Hverahlíðavirkjun og stækkun Hellisheiðarvirkjunar. Þeim framkvæmdum verður frestað. Þá verða engar nýjar framkvæmdir á næsta ári og dregið verður úr öðrum framkvæmdum. Er þar sérstaklega að nefna stórt og mikið fráveituverkefni á Vesturlandi, en því verður seinkað og klárað 2010 í stað 2009.

Hjörleifur segir að allt verði gert til að halda vinnu fyrir starfsfólk fyrirtækisins og engar uppsagnir séu fyrirhugaðar núna.



**HELLISHEIÐARVIRKJUN** Orkuveitan á samkvæmt samningum að fá rúmlega 6 milljarða króna í lokagreiðslu láns vegna framkvæmda við virkjunina. Þrátt fyrir að verkið hafi verið tekið út vilja lánadrottnar ekki afhenda féð vegna efnahagsástandsins á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Af okkar hálfu hafa engar vanefndir orðið en þeir vilja ekki lána peninga hingað vegna ástandsins.
>
> **HJÖRLEIFUR KVARAN**
> FORSTJÓRI ORKUVEITUNNAR

Hluti af verkum sem áður voru boðin út, svo sem við viðhald og endurnýjun, verði nú unnin innan fyrirtækisins.

Eigið fé Orkuveitunnar rýrnar hratt. Það var 46 prósent um síðustu áramót en 21 prósent í 9 mánaða uppgjöri. „Fjárhagsleg staða okkar er engu að síður sterk,“ segir Hjörleifur. „Þó eigið fé yrði neikvætt höfum við nóg haldbært fé til að standa við skuldbindingar okkar. Ástandið þyrfti að vera mjög slæmt mjög lengi til að annað væri uppi á teningnum.“

Engin ákvæði eru í lánasamningum OR um að lánin gjaldfalli ef eigið fé verður neikvætt, líkt og tíðkast víða.

Ekki er fyrirhuguð gjaldskrárhækkun hjá Orkuveitunni. Um 50 prósent rafmagns sem OR dreifir kemur frá Landsvirkjun. „Ef Landsvirkjun hækkar, eða Landsnet hækkar flutningskostnað, kemur sú hækkun þess vegna að einhverju leyti inn hjá okkur. En við munum ekki hækka okkar rafmagn, né heita vatnið miðað við áætlanir. Ef allt fer á versta veg gæti það eðlilega breyst.“

kolbeinn@frettabladid.is

Verklagsreglur við sölu eigna:

# Sala verði tilkynningaskyld

**VIÐSKIPTI** **„Ég stefni að því að allt söluferli verði tilkynningaskylt, ferlið þarf að verða áður en sala gengur fram og allir fjárfestar eigi jafnan aðgang að því,“ segir Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra.**

**Hann ræðir í dag við Fjármálaeftirlit, skilanefndir og bankaráð. „Það stendur upp á okkur að skýra þetta ferli og tryggja að það verði gagnsætt,“ segir Björgvin. Hann var spurður hvað yrði um það sem nú á sér stað.**

**Greint hefur verið frá sölu TM til Kaldbaks. Heimildir Rúv herma að Nýi Landsbankinn taki yfir skuldir. Kaldbakur er í eigu manna sem áttu í Glitni. Gagnrýnt er að eigendur gömlu bankanna makki á bak við tjöldin.** - ikh

Eldflaugavarnaáform:

# Tékknesk þingdeild samþykk

**TÉKKLAND, AP** Efri deild tékkneska þingsins samþykkti í gær samninga sem ríkisstjórn landsins hefur gert við þá bandarísku um uppsetningu ratsjár í grennd við Prag. Búnaðurinn á að verða hluti af hnattrænu eldflaugavarnakerfi Bandaríkjamanna.

Neðri deild þingsins á enn eftir að leggja blessun sína yfir áformin, en þar ræður stjórnin ekki yfir meirihluta og getur því ekki gengið að samþykki vísu.

Pólska þingið á líka eftir að staðfesta samninga um uppsetningu gagneldflauga fyrir kerfið þar í landi. Barack Obama, verðandi forseti Bandaríkjanna, hefur ekki gefið upp hvernig hann metur þessa samninga. - aa


MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI

Er mikið álag í vinnunni?

*LGG+ er fyrirbyggjandi vörn!*

Oft koma fyrstu einkenni streitu fram sem stöðug þreyta og óþægindi í maganum og ónæmiskerfið starfar af minni krafti en áður. Rannsóknir sýna að LGG+ vinnur gegn þessum neikvæðu áhrifum og dagleg neysla þess tryggir fulla virkni.



HVITA HUSID / SIA


Verslunin Þingholt hreinsar út og selur allt, nema tóbak, á helmingsafslætti:

# Verslunin Þingholt kveður

**SAMFÉLAGSMÁL** **Við vorum rétt í þessu að skella restinni af lagernum á fimmtíu prósenta afslátt,“ sagði Einar Valdimarsson, sem ásamt eiginkonu sinni, Jóhönnu Sigurðardóttur, rekur verslunina Þingholt á Grundarstíg. Þau hjónin voru í óðaönn að ganga frá seinnipartinn í gær, þar sem verslunin verður lokað í dag.**

**Einar og Jóhanna hafa rekið Þingholt undanfarin ellefu ár. Saga hennar er þó enn lengri en þangað hafa íbúar Þingholtanna getað leitað í um sextíu ár.**

**Opnun Bónusverslunar í næsta húsi gerði það að verkum að þau hjónin sjá ekki grundvöll fyrir rekstri verslunarinnar lengur. „Við erum búin að vera mjög lengi í verslunarbrölti og sáum að það myndi aldrei ganga að vera með verslun á borð við okkar við hliðina á stórverslun.“**

**Hann segir að þau hjónin eigi eftir að sakna fólksins í hverfinu og ekki síður menntskælinganna sem þangað sækja í hádegis- og kaffihléum.**

**Einar og Jóhanna hafa lifað og hrærst í verslunarrekstri nær allt sitt líf og ráku meðal annars kaupfélagið á Kirkjubæjarklaustri um árabil.**



**VERSLUNIN HÆTT** Jóhanna Sigurðardóttir og Einar Valdimarsson voru í óða önn að pakka saman í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Hvað nú tekur við er óráðið. „Á meðan heilsan er í lagi hefði maður viljað vinna lengur. Það getur vel verið að manni leggist eitthvað til.“** - hhs

# FRÁBÆRT ÍSLENSKT VERÐ

**Verð aðeins**
**199.995 kr.**




full HD 1080P | HDMI | digital Approved product

## Palladine 42" Full HD EPT4250MD

- *Upplausn: 1920 x 1080 Full HD*
- *Skerpa: 3000:1*
- *Birtustig: 500 cd/m²*
- *2 x HDMI tengi*
- *2x Scart tengi*




Hátækni

**Opnunartími:** virka daga 9-18 | laugardaga 12-17

Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is

PIPAR • SÍA • 82207

## GENGIÐ 27.11.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 140,75 | 141,43 |
| Sterlingspund | 217,67 | 218,73 |
| Evra | 181,99 | 183,01 |
| Dönsk króna | 24,419 | 24,561 |
| Norsk króna | 20,259 | 20,379 |
| Sænsk króna | 17,623 | 17,727 |
| Japanskt jen | 1,4767 | 1,4853 |
| SDR | 210,32 | 211,58 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
243,1769

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Viðskiptaráðherra segir Alþjóðagjaldeyrissjóðinn svartsýnan í mati á eigum Landsbankans:

# Vonar að eignir gangi upp í skuldirnar

**EFNAHAGSMÁL** „Sjóðurinn gerir ráð fyrir ýmsum breytum í sinni áætlun sem hann segir að sé ekki endilega víst að gangi eftir. Þeir taka þessa tölu sjálfsagt til að vera ekki um of bjartsýnir og gera kannski ráð fyrir hinu versta,“ segir Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra.

Fram kemur í skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) sem birt var í fyrradag að hann geri ráð fyrir að um helmingur af eignum bankanna ytra dugi fyrir innlánum sem íslenska ríkið, og þar með skattgreiðendur, þarf að ábyrgjast.

Samkvæmt mati sjóðsins yrði þar um að ræða um 245 milljarða króna, eða hátt í 800 þúsund krónur á hvern Íslending. Þetta er einkum vegna Icesave reikninga Landsbankans.



BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON



GYLFI MAGNÚSSON



ÞÓRÓLFUR MATTHÍASSON

„Við auðvitað vonum að eignirnar gangi meira eða minna upp í þetta og ég trúi því að eignir Landsbankans muni ganga upp í þessar skuldir. Þannig að ég held að mat sjóðsins sé heldur svartsýnt og ég held að það yrði óviðunandi ef það gengi eftir,“ segir Björgvin.

Björgvin segir sjóðnum skylt að gera áætlun. Hann áætli ýmislegt fleira, eins og um verðbólgu. „Ég geri ekki athugasemdir. Þetta er bara mat miðað við það sem liggur fyrir núna. Það er ekki byggt á neinu sérstöku öðru, en mat á eignum bankanna er mjög erfitt núna,“ segir Björgvin, spurður um hvort AGS hafi ekki í raun sett nokkurs konar verðmiða á eignir bankanna ytra.

Gylfi Magnússon dósent segir sjóðinn gefa sér þessa tölu sem mat á horfum fyrir Ísland. Þetta sé þó ekki beinlínis sett fram sem mat á því hvert verð eignanna verði þegar þar að kemur. Sér þyki mat sjóðins þó heldur svartsýnt.

„Ég hygg að sjóðurinn reyni að hafa vaðið fyrir neðan sig í verðmati á brunarústum. Það er betra að verðmeta þær of lágt en of hátt,“ segir Þórólfur Matthíasson prófessor. **- ikh**

Öryggismál í Írak:

## Bandaríkjaher áfram til 2011

**ÍRAK, AP Íraska þingið samþykkti í gær samning við Bandaríkjastjórn um öryggismál, en samkvæmt samningnum verður bandarískum hersveitum heimilt að dvelja í landinu í allt að þrjú ár enn. Þar með er í fyrsta sinn búið að lögfesta tímaramma fyrir brottför Bandaríkjamanna frá Írak.**

**Stjórnarflokkar sjía og Kúrda studdu samninginn, og það gerði stærsti flokkur súnní-múslima líka. Sá hafði sett ýmis skilyrði fyrir samþykki sínu.**

**Togstreitan um samninginn opinberaði þann djúpstæða klofning sem er í stjórnmálum landsins milli trúflokka og hvernig hann hindrar samstöðu þjóðarinnar, sex árum eftir fall Saddams Hussein. - aa**

Hæstiréttur staðfestir dóm:

## Þrjú og hálft ár fyrir nauðgun

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest þriggja og hálfs árs fangelsisdóm héraðsdóms yfir Gunnari Rúnari Gunnarssyni. Héraðsdómur dæmdi Gunnar Rúnar í desember í fyrra fyrir tvö skjalafalsmál, umferðarlagabrot og nauðgun. Hann hafði samræði við konu á heimili hennar og notfærði sér að hún gat ekki spornað við verknaðinum. Gunnar Rúnar krafðist fyrir Hæstarétti sýknu af nauðguninni. Dómurinn taldi sannað með vísan til framburðar konunnar, játningar Gunnars fyrir lögreglu og niðurstöðu DNA-rannsóknar að Gunnar hefði brotið gagnvart konunni. **- jss**

### ÁRÉTTING

Fyrir mistök birtist röng útgáfa af frétt um Frakklandsför Árna Þórarinssonar í blaðinu í gær. Rétta útgáfu má finna á Vísi.is. Beðist er velvirðingar á þessu.

# Sérsveitir reyndu að frelsa gísla á hótelum í Mumbai

**Árásirnar á tvö hótel og fleiri staði í Mumbai kostuðu meira en hundrað manns lífið. Sérsveitarmönnum tókst að bjarga tugum manna út úr hótelunum í gær, en lík lágu víða á göngum og herbergjum hótelanna.**

**INDLAND, AP** Svartklæddir indverskir sérsveitarmenn réðust til inngöngu í Taj Mahal-hótelið í Mumbai á Indlandi í gær, í þeim tilgangi að frelsa tugi gísla og ráða niðurlögum hryðjuverkamanna sem höfðu komið sér þar fyrir.

Hryðjuverkamennirnir, sem taldir eru íslamskir öfgamenn, gerðu árásir samtímis á tíu stöðum í Mumbai á miðvikudag, þar á meðal á tvö glæsihótel í borginni. Árásin kostaði meira en 100 manns lífið, auk þess sem átta árásarmannanna eru sagðir hafa fallið. Yfir 300 manns særðust. Árásarmennirnir eru sagðir hafa veist sérstaklega að bandarískum og breskum gestum á hótelunum.



ÁGÚSTA BERG

Rúmlega tíu af árásarmönnunum tóku einnig tugi manna í gíslingu á báðum hótelunum og í miðstöð gyðinga í borginni. Meðal hinna látnu voru Ástrali, Japani, Ítali og Þjóðverji.

Eldur braust út á efstu hæðum hins sögufræga Taj Mahal hótels eftir árásina á miðvikudag, og síðan logaði þar aftur í gær eftir að indversku sérsveitarmennirnir réðust til inngöngu. Seint í gær var búið að frelsa tugi gísla og annarra sem höfðu leynst inni á hótelunum en ekki komist út.

Fólkið sagði lík fjölda manns liggja á gólfum hótelanna, og fjöldi manns var enn í felum inni á hótelherbergjum.Lögreglan í Mumbai segir að sérsveitarmennirnir fari sér hægt til að stofna ekki lífi fólks í hættu.

Íslensk kona, Esther Ágústa Berg, var stödd á Marriott-hótelinu í Mumbai skömmu áður en skotum var hleypt af þar fyrir utan á miðvikudaginn. Hún segist þó ekkert hafa orðið vör við atburðina og fyrst frétt af þeim eftir að móðir hennar hringdi frá Íslandi.

Útgöngubann var sett á í suðurhluta borgarinnar í gær, þar sem Ágústa býr ásamt eiginmanni sínum og dóttur.



**SLOPPIN ÚR GÍSLINGU** Tveir erlendir ríkisborgarar koma út úr Oberoi-hótelinu eftir að hafa verið nærri tuttugu klukkustundir í gíslingu hryðjuverkamanna. NORDICPHOTOS/AFP

Hún segir flesta halda sig inni við, og sjálf hafi hún haldið sig heima eftir að hún heyrði fréttirnar.

„Það er hræðsla í fólki,“ segir Ágústa, sem er á leiðinni til Íslands ásamt fjölskyldu sinni í jólafrí í næstu viku.

Mumbai er helsta miðstöð viðskipta á Indlandi ásamt því að vera höfuðborg Maharashtra-fylkis.

Áður óþekkt samtök íslamskra öfgamanna lýstu yfir ábyrgð sinni á árásunum.

gudsteinn@frettabladid.is

HÝSING OG REKSTUR TÖLVUKERFA

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000
Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000

EJS

## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**KÖLD HELGI**
Sé litið yfir veðurhorfur helgarinnar bendir allt til þess að strekkingur verði við austurströnd landsins, annars verði vindur yfirleitt sæmilega hægur, 5-10 m/s. Éljagangur verður norðan og austanlands á morgun en bjart veður syðra. Á sunnudag er að sjá él á stangli með norðanverðu landinu en björtu veðri syðra. Frost verður um allt land.







Á MORGUN
5-15 m/s, hvassast austast á landinu




SUNNUDAGUR
3-8 m/s

### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 15° |
| Amsterdam | 8° |
| Basel | 6° |
| Berlín | 4° |
| Billund | 7° |
| Eindhoven | 7° |
| Frankfurt | 4° |
| Friedrichshafen | 3° |
| Gautaborg | 7° |
| Kaupmannahöfn | 7° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 9° |
| New York | 11° |
| Orlando | 23° |
| Osló | 3° |
| París | 7° |
| Róm | 17° |
| Stokkhólmur | 7° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


Allt í helgarmatinn
OPIÐ
allan sólarhringinn
í Skeifunni
24
Skeifan
40%
afsláttur
við kassa
KJÚKLINGUR
FERSKUR
527kr/kg.
Merkt verð 879.-
45%
afsláttur
við kassa
1.869kr/kg
Merkt verð 3.398.-
Kjúklingabringur
ÓÐALS
40%
afsláttur
við kassa
1.139kr/kg
Merkt verð 1.898.-
Hamborgarhryggur
- Óðals
ÓÐALS
40%
afsláttur
við kassa
1.439kr/kg
Merkt verð 2.399.-
Svínalundir
- Óðals
30%
afsláttur
við kassa
1.609kr/kg
Merkt verð 2.298.-
Einiberja lambalæri
- að hætti Hagkaups
MACKINTOSH´S
MARGAR TEG.
20%
afsláttur
við kassa
Quality Street
VALENCIA
SÚKKULAÐI
229kr/stk
Verð áður 299.-
Valencia
JÓLAKÖKUR
MARGAR TEG.
20%
afsláttur
við kassa
RISABRAUÐ
1 KG.
149kr/stk.
Verð áður 228.-
NÓA
KONFEKT 1kg
1.999kr/pk
Verð áður 2.598.-
Konfekt
JÓLABRAUÐ
NÝBAKAÐ
179kr/stk
Verð áður 299.-
Gildir til 30. nóvember eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**KJÖRKASSINN**



*Finnur þú fyrir vöruskorti?*

| | |
|---|---|
| Já | 27,7% |
| Nei | 72,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Er reykskynjari á þínu heimili?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Jóhanna Sigurðardóttir segir flatan tíu prósenta niðurskurð ekki koma til greina:

# Ekki verður gengið á réttindi

**ALÞINGI** Ekki kemur til greina að fara út í tíu prósenta flatan niðurskurð í velferðarkerfinu, sagði Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra á Alþingi í gær. Fjármálaráðuneytið hefur sent ráðuneytum bréf þar sem farið er fram á að þau komi með tillögur að tíu prósenta niðurskurði.

„Ég hef ekki vitað til þess að það sé boðaður neins staðar tíu prósenta flatur niðurskurður,“ sagði Jóhanna. „Það hefur ekki verið fallist á það í ríkisstjórn, eða samþykkt þar.“

Þetta kom fram í svari Jóhönnu við fyrirspurn Jóns Bjarnasonar, þingmanns Vinstri grænna. Hann spurði til hvaða aðgerða ráðuneytið muni grípa vegna aðgerða á vinnumarkaði. Hann vísaði til frétta af flötum niðurskurði.

Jóhanna benti á að lög um uppsagnir og hópuppsagnir séu í fullu gildi, og allir flokkar séu sammála um að tryggja lög sem tryggi að þeir sem þurfa að minnka starfshlutfall fái hlutfallslegar atvinnuleysisbætur.

Jóhanna sagði það verða tryggt að ekki verði gengið á félagsleg réttindi fólks. Þá ítrekaði hún að bráðlega verði kynntar öflugar aðgerðir fyrir fyrirtækin í landinu, og enn frekari aðgerðir til að tryggja hag heimilanna. **- bj**



**NIÐURSKURÐUR** Ríkisstjórnin hefur ekki samþykkt að grípa til tíu prósenta flats niðurskurðar, segir Jóhanna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ísraelsk stjórnmál:

# Livni þrýstir á Olmert að víkja

**ÍSRAEL, AP** Tzipi Livni, utanríkisráðherra Ísraels, skoraði í gær á Ehud Olmert, fráfarandi forsætisráðherra, að segja af sér hið snarasta í ljósi þess að allt stefnir í að honum verði brátt stefnt fyrir rétt fyrir meinta spillingu.

Olmert hefur þegar sagt að hann hyggist hætta eftir kosningar sem áformaðar eru í febrúar. En á fundi í Kadima-flokknum í gær lagði Livni á það áherslu að hann viki fyrr. Hún tæki þá við sem starfandi forsætisráðherra fram að kosningum.

Daginn áður hafði ríkissaksóknari sagst vera að íhuga að ákæra Olmert fyrir fjárdrátt. **- aa**

Samkeppniseftirlitið:

# Ákvarðanir verði gagnsæjar

**VIÐSKIPTI Samkeppniseftirlitið hefur birt drög að skýrslu um uppbyggingu og opnun markaða.**

**Drögin voru kynnt á blaðamannafundi í gær. Þar er meðal annars fjallað um uppbygginguatvinnulífsins, opnun markaða og eflingu atvinnustarfsemi og samkeppni. Þá eru greindir fimmtán markaðir og dregnar fram hindranir sem ný eða smá fyrirtæki standa frammi fyrir. Þá er bent á að tryggja verði fagmennsku og gagnsæi í ákvörðunum nýju ríkisbankanna.**



PÁLL GUNNAR PÁLSSON

**Drög að skýrslunni liggja fyrir og eru birt á vef eftirlitsins. Óskað er umsagna og hugmynda.**

**Þá vinnur Samkeppniseftirlitið að skýrslu um eignatengsl í íslensku atvinnulífi, lærdóm sem draga má af þeim og leiðir til úrbóta.** **- ikh**



**ALÞJÓÐAHÚSIÐ** Reykjavíkurborg hefur endurnýjað þjónustusamning við Alþjóðahúsið. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Alþjóðahúsið í örugga höfn:

# Reykjavík semur við Alþjóðahús

**SAMFÉLAGSMÁL** Reykjavíkurborg ætlar að ganga til samninga við Alþjóðahús um eins árs þjónustusamning. Mannréttindaskrifstofu hefur verið falið að sjá um samningsgerðina af hálfu Reykjavíkurborgar.

Gert er ráð fyrir að þjónustusamningurinn taki við af núgildandi samningi um næstu áramót. „Með samningnum vill Reykjavíkurborg styðja við öfluga starfsemi Alþjóðahúss og stuðla að því að íbúar njóti kosti fjölmenningarlegs samfélags þar sem jafnrétti og gagnkvæm virðing einkenna samskipti fólks af ólíkum uppruna,“ segir í tilkynningu frá Reykjavíkurborg. **- hhs**

# Sjö þúsund manns skráðir án atvinnu

**Á einum mánuði hafa nærri þrjú þúsund einstaklingar skráð sig atvinnulausa. Atvinnuleysi er mest á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu. Meirihluti atvinnulausra er ungt fólk. Aukningin er meiri meðal útlendinga en Íslendinga.**

**ATVINNUMÁL** Nærri 7.000 einstaklingar eru nú skráðir atvinnulausir á Íslandi en þeir voru um 4.000 í lok október. Hátt í 150 manns skrá sig atvinnulausa á degi hverjum. Karl Sigurðsson, forstöðumaður vinnumálasviðs Vinnumálastofnunar, segir að fyrstu dagana í október hafi talan nálgast 200 manns á dag en það tengist uppsögnum fyrir síðustu mánaðamót. Hann býst ekki við eins miklum uppsögnum um næstu mánaðamót.

„Í október og fram í nóvember var þetta fyrst og fremst bundið við höfuðborgarsvæðið og Suðurnesin en síðan hefur atvinnuleysi verið að aukast nánast alls staðar annars staðar,“ segir Karl. Hann segir þó minna um atvinnuleysisskráningar á Vestfjörðum og Norð-vesturlandi.

„Atvinnuleysi er mest á Suðurnesjum. Þar var meira undirliggjandi atvinnuleysi áður en þessi kollsteypa kom en síðan jókst það mjög hratt, meðal annars vegna samdráttar í flugrekstri og byggingariðnaði,“ segir Karl.

Hann segir karla í byggingariðnaði langmest áberandi hópinn meðal þeirra sem skrá sig atvinnulausa. Þá segir hann fólki með stúdentspróf hafa fjölgað mikið á atvinnuleysisskrá. Það sé meðal annars fólk sem vann ýmis konar skrifstofu- og bakvinnslustörf.

Karl segir meira um að ungt fólk skrái sig atvinnulaust. Þeir sem tilheyri hópnum 16 tl 29 ára leiti í mun meira mæli til Vinnumálastofnunar en þeir sem eldri eru. Þá segir hann starfsreynslu vega þungt.

„Í október og framan af nóvember fjölgaði útlendingum á atvinnuleysisskrá langt umfram íslenska ríkisborgara en það hefur hægt mjög mikið á því,“ segir Karl. Hann telur það tengjast miklum uppsögnum í byggingariðnaði í október þar sem margir útlendingar störfuðu. Þegar uppsagnir fóru að aukast í öðrum greinum hafi Íslendingum einnig fjölgað á atvinnuleysisskrá. „Á heildina litið, ef við horfum á tölurnar frá september og nóvember, er aukningin þó mun meiri meðal útlendinga,“ segir Karl. olav@frettabladid.is



**BYGGINGAFRAMKVÆMDIR** Mesta hlutfallslega fjölgun atvinnulausra er meðal karlmanna í atvinnugreinum tengdum byggingariðnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## ATVINNULEYSISBÆTUR

Bótaréttur miðast við vinnu og starfshlutfall síðastliðna 12 mánuði.

Atvinnuleysisbætur eru tekjutengdar í þrjá mánuði eftir 10 daga frá umsókn. Miðað er við 70 prósent af meðaltali heildarlauna sex mánaða tímabils sem hefst tveimur mánuðum fyrir umsókn. Hámark bóta er 220.729 kr. miðað við óskerta atvinnuleysistrygginguna.

Eftir þriggja mánaða tekjutengingu greiðast grunnatvinnuleysisbætur.

Fullar grunnatvinnuleysisbætur nema 6.277 kr. á dag eða 136.023 kr. að jafnaði á mánuði miðað við 1. feb. 2008. Atvinnuleysisbætur eru hlutfallslega lægri sé um lægra starfshlutfall en 100 prósent að ræða.

HEIMILD: VINNUMÁLASTOFNUN







**ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNIN**

verða afhent í 15. skipti í janúar 2009

Óskað er eftir tillögum að tilnefningum



Skilafrestur til 28. nóvember 2008

Nánari upplýsingar á **www.iston.is**


**Neytendur:** Jákvæðar kreppufréttir

# *Veitingastaðir sem hækka ekki*



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Mér berast margar rosalegar sögur af hækkunum. Gengi krónunnar er auðvitað í ruglinu, en seljendur vöru og þjónustu verða að athuga að fólk er enn þá með sömu launin og þegar dollarinn var á 60 kall. Það þýðir því lítið að hækka bara og hækka og búast við að einhver kaupi. Að minnsta kosti er ég persónulega ekkert á leiðinni á Pizza Hut til að kaupa stóra Super Supreme-pitsu með ostfylltum kanti á 6.120 krónur. Sem dæmi.

Þótt ótrúlegt megi virðast reyna sumir að ströggla með fólkinu í landinu. Mexikóski veitingastaðnum **Santa María** hefur ekki hækkað verðið hjá sér um eina einustu krónu síðan staðurinn var opnaður í vor. Þar kostar enginn réttur meira en þúsund kall. **Tikk Takk** á Akureyri hefur heldur ekki hækkað verðið hjá sér. Brauðstangirnar hafa meira að segja lækkað hjá þeim.

Og meira jákvætt. **Undir5000.is** er nýopnuð vefsíða með hagkvæmum jólagjafahugmyndum sem eiga það sameiginlegt að kosta ekki meira en 5.000 krónur. Gjafirnar skiptast í flokka eftir aldri og kyni. Í Jólagjafasmiðju Skólavefsins (**skolavefurinn.is**) er að finna hugmyndir að fjölmörgum jólagjöfum, sem fólk getur útbúið með litlum sem engum tilkostnaði. Geisladiskar, bækur og dagatöl eru meðal þess sem boðið er upp á.



**STRÖGGLA MEÐ FÓLKINU** Santa María hefur ekki hækkað verð á matseðlinum enn þá.


M – upphafið að endalausri afþreyingu
Verslanir Símans eru fullar af glæsilegum símum á jólatilboðsverði. Með öllum símunum fylgir M, vefur Símans í farsímanum, sem þú getur notað þegar þú átt lausa stund og vantar afþreyingu. Farðu á m.siminn.is og opnaðu fésbókina þína, spjallaðu á MSN, skoðaðu tölvupóstinn eða kíktu á nýjasta nýtt á YouTube.
800 7000 • siminn.is
Það er Síminn
Sími
Netið
Sjónvarp
SAMSUNG
3 fyrir 1
SAMSUNG U900 SOUL
Símalánsútborgun:
1.900 kr.
Aðeins 4.000 kr. á mánuði í 12 mánuði. Verð: 49.900
3 SÍMAR FYRIR 1
Kauptu þér Samsung U900 Soul síma og fáðu 2 stk. af Samsung samloku-síma í kaupbæti. Tilboðið gildir meðan birgðir endast.

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hvaða ráðherrar segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, að eigi að segja af sér?*

2 *Hver skoraði eina mark Liverpool gegn Marseille á miðvikudaginn?*

3 *Hverju fórnaði Brandon Flowers, söngvari hljómsveitarinnar The Killers, fyrir nýja plötu hljómsveitarinnar?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 54

Viðskiptaráðherra setur sig ekki í dómarasæti um brot á bankaleynd:

# Bankaleynd ekki skálkaskjól

**VIÐSKIPTI** „Hugtakið bankaleynd má ekki verða skálkaskjól,“ segir Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra.

Hann segir það blasa við að sumt falli þar undir en annað ekki. Hann nefnir sem dæmi að bankaleynd sé aflétt í væntanlegum lögum um sérstakan saksóknara og rannsóknarnefnd sem eigi að skoða bankahrunið.

Bankarnir og Fjármálaeftirlitið hafa ítrekað neitað að veita almenningi upplýsingar á grundvelli bankaleyndar. Kaupþing hefur raunar vísað til þess að tveggja ára fangelsi liggi við brotum á bankaleynd og Glitnir hefur kært Morgunblaðið til Fjármálaeftirlitsins fyrir að birta upplýsingar úr lánabókum gamla Glitnis.



**BJÖRGVIN G SIGURÐSSON**

Davíð Oddsson, seðlabankastjóri, Björn Bjarnason, dómsmálaráðherra og Ágúst Ólafur Ágústsson, formaður viðskiptanefndar Alþingis, hafa allir sagt að bankaleynd eigi ekki við þegar upplýsa þurfi um hrun bankanna.

Björgvin er spurður hvort eðlilegt sé að menn rjúfi bankaleynd til að hagnast á því persónulega eða fyrir þess fyrirtækis sem þeir starfa hjá. „Nei, það getur varla talist það.“ En ættu slíkir menn að starfa hjá fjármálafyrirtækjum? „Ég get ekki fellt dóm um það í sjálfu sér, það hlýtur að verða að skoðast í hverju tilviki fyrir sig.

Árni Tómasson, formaður skilanefndar Glitnis, var bankastjóri Búnaðarbankans árið 2003, þegar Fjármálaeftirlitið ávítaði bankann fyrir brot á bankaleynd.

„Ég er ekki dómari og ætla ekki að dæma um þetta mál,“ segir Björgvin. - ikh

Níu mánaða fangelsi:

# Kýldi og hótaði lögreglumanni

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest níu mánaða fangelsisdóm héraðsdóms yfir 25 ára gömlum karlmanni sem rauf skilorð með því að hafa í hótunum við og kýla lögreglumann árið 2005.

Lögregla var að hafa afskipti af manninum þegar hann sló snögglega með krepptum hnefa hægri handar til lögreglumanns og kom höggið við eyrað á vinstri vanga. Maðurinn fylgdi högginu eftir með því að ráðast á lögreglumanninn og slá til hans ítrekað í handlegg og líkama. Maðurinn á allnokkurn sakarferil að baki. - jss



**BANDAMENN** Gestgjafinn Hugo Chavez faðmar hinn tigna gest frá Rússlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rússlandsforseti í Venesúela:

# Heitir kjarnorkuaðstoð

**VENESÚELA, AP Dmítrí Medvedev Rússlandsforseti samþykkti í opinberri heimsókn sinni í Venesúela í gær að Rússar aðstoði þarlend stjórnvöld við að koma sér upp kjarnorkuverum til raforkuframleiðslu. Hann lýsti því jafnframt yfir að Rússar væru reiðubúnir að taka þátt í viðskiptasamstarfi Suður-Ameríkuríkja sem lúta sósíalískum valdhöfum, en Hugo Chavez, forseti Venesúela, hefur haft forgöngu um að stofna til þess samstarfs.**

**Medvedev nýtti heimsókn sína til Venesúela til að treysta áhrif Rússa í Rómönsku Ameríku, einkum með auknum samningum um viðskipti og hernaðartengsl.** - aa

**ALÞINGI**

### Hvað um tónlistarhúsið?

Steinunn Valdís Óskarsdóttir hefur lagt fram fyrirspurn til menntamálaráðherra um stöðuna á byggingu tónlistar- og ráðstefnuhússins. Vill hún vita hvernig ráðherra sér framhald verkefnisins, „nú þegar framkvæmdaaðilar eru komnir í þrot“ eins og hún orðar það.

**DÓMSTÓLAR**

### Sló í höfuð með glerflösku

Maður á þrítugsaldri hefur verið ákærður af embætti ríkissaksóknara fyrir að slá mann í höfuðið með flösku. Fórnarlambið krefst rúmlega 400 þúsunda króna í skaðabætur.

# Tryggingarsjóðurinn efldur vegna Icesave

**Tryggingarsjóði innstæðueigenda verða lagðir til peningar til að standa við skuldbindingar vegna innlána í útlöndum. Peninganna verður aflað með erlendum lánum. Stjórnvöld segja fjárhæðina óljósa en AGS reiknar með 245 milljörðum.**

**STJÓRNMÁL** Leggja á Tryggingarsjóði innstæðueigenda til peninga svo sjóðurinn geti staðið skil á greiðslum til eigenda innlánsreikninga í íslenskum bönkunum í útlöndum. Peningarnir eiga að fást með lánum frá ríkjum þar sem slíkum reikningum er til að dreifa. Mest er fjárþörfin vegna Icesave-reikninga Landsbankans í Bretlandi og Hollandi en að einhverju leyti vegna skuldbindinga Glitnis og Kaupþings.

Í kjölfar bankahrunsins reis deila milli íslenskra stjórnvalda annars vegar og breskra og hollenskra – og síðar Evrópusambandsins – hins vegar um ábyrgðir íslenska ríkisins á Tryggingarsjóði innstæðueigenda. Í sjóðnum var aðeins brot þeirrar fjárhæðar sem bankarnir hefðu með réttu átt að greiða til hans. Íslensk stjórnvöld töldu – og telja enn – vafa leika á um ábyrgð ríkis á tryggingarsjóðum, ekki síst við hrun fjármálakerfis þjóðar. Evrópusambandið sjálft og einstök aðildarríki þess telja á hinn bóginn engan slíkan vafa uppi. Ríki beri að ábyrgjast greiðslur. Eftir flóknar og erfiðar samningaviðræður féllust íslensk stjórnvöld á þau sjónarmið, að því gefnu að við útfærslu samkomulags yrði tekið tillit til erfiðra og fordæmalausra aðstæðna Íslands og nauðsynjar þess að skuldbindingar raski ekki áætlunum um endurreisn fjármála- og efnahagskerfis landsins.

Ríkisstjórnin hefur með þingsályktunartillögu óskað heimildar Alþingis til að leiða til lykta samninga við erlend ríki um málið.

Í tillögunni segir að það sé mat ríkisstjórnarinnar að hagsmunum Íslands til lengri tíma litið sé best borgið með því að stjórnvöld styðji við Tryggingarsjóðinn svo hann geti ábyrgst lágmarkstrygginguna þá sem EES-reglur mæla fyrir um. Stendur til að gera það með lántökum frá þeim ríkjum sem hlut eiga að máli með ábyrgð íslenska ríkisins. Óvíst sé hve há þau lán þurfi að vera enda ráðist það af því að hve miklu leyti andvirði eigna bankanna mun renna til sjóðsins.

Samkvæmt bráðabirgðamati Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) nema heildarskuldbindingar vegna innlánsreikninga íslensku bankanna í útlöndum um 500 milljörðum króna. Líkt og greint var frá í Fréttablaðinu í gær telur sjóðurinn eignir bankanna standa undir helmingi þeirrar fjárhæðar. Afganginn, um 245 milljarða, þurfi ríkissjóður og þar með skattgreiðendur að bera.

bjorn@frettabladid.is



**ODDVITARNIR** Slá á erlend ríki um lán svo hægt sé að mæta skuldbindingum Tryggingarsjóðs innstæðueigenda. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### UTANRÍKISÞJÓNUSTAN KYNNTI MÁLIÐ

„Eftir að gengið hafði verið frá viljayfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í samvinnu við sérfræðinga Alþjóðagjaldeyrissjóðsins var skipulega unnið að því í gegnum tengslanet utanríkisþjónustunnar að kynna málstað og málaleitan Íslands fyrir aðildarríkjum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Varð framan af ekki vart neins annars en stuðnings. Það snerist hins vegar og verulegar tafir urðu á fyrirtöku viljayfirlýsingar Íslands í framkvæmdastjórn sjóðsins.“

**Úr þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar.**



**FRÁ SUNDAHÖFN** Með hagræðingaraðgerðunum áætlar Eimskipafélagið að spara um 2,4 milljarða króna á ársgrundvell. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skipum fækkar í átta:

# Uppsagnir hjá Eimskip

**VINNUMARKAÐUR Alls 25 starfsmönnum Eimskipafélags Íslands á Íslandi og 47 starfsmönnum félagsins í Evrópu verður sagt upp störfum nú um mánaðamótin.**

**Samkvæmt tilkyningu frá félaginu eru uppsagnirnar liður í umfangsmiklum hagræðingaraðgerðum í ljósi efnahagsaðstæðna, sem meðal annars koma fram í verulegum samdrætti á innflutningi til landsins. Til að koma í veg fyrir frekari uppsagnir verða laun starfsmanna, sem hafa yfir 300 þúsund í mánaðartekjur lækkuð um 10 prósent ásamt því sem dregið verður úr vakta- og yfirvinnu. Þá verður skipum Eimskipa fækkað úr ellefu í átta auk þess sem gripið verður til annarra hagræðingaraðgerða sem snúa að öðrum þáttum í rekstri félagsins.** - ovd

Hagkaup í Skeifunni:

# Opið 24 tíma sólarhringsins

**VERSLUN** Verslun Hagkaupa í Skeifunni verður framvegis opin allan sólarhringinn, í það minnsta fram að jólum. Mælist breytingin vel fyrir verður þetta opnunartíminn til frambúðar.

Með þessu er brugðist við óskum viðskiptavina um aukið aðgengi að vöruúrvali Hagkaups, að því er fram kemur í fréttatilkynningu. - hhs




Kynbundinn launamunur er meiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu:

# Launamunur enn við lýði

**JAFNRÉTTISMÁL** Kynbundinn launamunur á heildarlaunum er 19,5 prósent, körlum í vil. Hefur þá verið tekið tillit til vinnutíma, starfs, menntunar, aldurs, atvinnugeira, ábyrgðar í starfi og þess hvort fólk er sjálfstætt starfandi eða launþegar.

Þetta kemur fram í skýrslu sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands vann fyrir félags- og tryggingarráðuneytið og kynnt var í gær. Skýrslan byggir á launarannsókn sem er sú fyrsta sem nær yfir allan vinnumarkaðinn á Íslandi en fyrri rannsóknir hafa verið bundnar við einstök stéttarfélög, fyrirtæki eða stofnanir.

Samkvæmt skýrslunni eru konur með 74 prósent af heildarlaunum karla en að teknu tilliti til vinnutíma, þar sem karlar vinna að jafnaði lengri vinnutíma, eru konur með 84 prósent af launum karla.

„Almennt segjast karlar bera meiri ábyrgð í starfi en konur á meðan ábyrgð á heimilisstörfum og umönnun barna er frekar á herðum kvenna en karla,“ segir í niðurstöðum skýrslunnar.

Á höfuðborgarsvæðinu eru karlar með 10,3 prósenta hærri heildarlaun en konur en á landsbyggðinni er leiðréttur kynbundinn launamunur 38 prósent, körlum í vil. - ovd




**BARÁTTUFUNDUR** Þrátt fyrir áralanga baráttu gegn kynbundnum launamun mælist hann enn 19,5 prósent þegar tekið hefur verið tillit til annarra þátta. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# 40% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM VÖRUM Í VERSLUNINNI Í DAG OG Á MORGUN

SALTFÉLAGIÐ
HEIMILIÐ ER HEILAGT

Grandagarði 2
101 Reykjavík
Sími 578 7810
www.saltfelagid.is

ENNEMM / SÍA / NM36230











**Te & Kaffi** opið alla daga. Opið frá kl. **10-18 virka daga** og **11-16 laugardaga.**



**SMÍÐAÐI NÝJAN EIFFELTURN** Járnsmiðurinn Jean-Paul Caudoux gerði sér lítið fyrir og bjó til nýjan Eiffelturn, býsna nákvæma eftirlíkingu af frumgerðinni, en töluvert minni og meðfærilegri, ekki nema sautján metra háan og rétt um sex tonn að þyngd. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tilraunaverkefni við Bústaðaveg þvert gegn loforði fyrrverandi borgarstjóra:

# Lokað á vinstri beygju úr Fossvoginum

**SAMGÖNGUR** Borgarráð hefur samþykkt að banna vinstri beygju frá Bústaðavegi út á Breiðholtsbraut. Bannið sem á að gilda í tilraunaskyni í hálft ár mætti harðri gagnrýni frá Ólafi F. Magnússon, fyrrverandi borgarstjóra.

„Umferðarteppa á álagstímum er lítið vandamál miðað við þau óþægindi og skert umferðaröryggi sem íbúar Fossvogs og Bústaðahverfis munu búa við alla aðra tíma sólarhringsins vegna þessarar lokunar. Ákvörðunin er tekin af stjórnmálamönnum sem þykjast vita betur en fólkið í Fossvogs- og Bústaðahverfi sem vill beina umferð út úr hverfinu en ekki inn í það,“ bókaði Ólafur sem er áheyrnarfulltrúi í borgarráði og hefur því ekki atkvæðisrétt þar.

Sigrún Elsa Smáradóttir úr Samfylkingu sat hjá við atkvæðagreiðsluna en aðrir borgarráðsfulltrúar samþykktu tilraunina. Sigrún Elsa benti á að Hverfisráð Háaleitis sé móti lokuninni.

„Hverfisráðið telur lokunina fela í sér verulega aukna umferð um íbúðahverfið einkum Réttarholtsveg, en við þá götu stendur Réttarholtsskóli,“ bókaði Sigrún Elsa og minnti á að í borgarstjóratíð Ólafs F. Magnússonar hefði hann lofað því á íbúafundi að ekkert yrði af lokuninni á kjörtímabilinu. Því hafi verið sérstaklega fagnað með bókun í hverfisráðinu. „Sjálfstæðisflokkurinn hlýtur að bera ábyrgð á þeim loforðum sem íbúum hafa verið gefin í þeirra umboði,“ bókaði hún. - gar



**BÚSTAÐAVEGUR** Næstu sex mánuði verður bannað að beygja til vinstri frá Bústaðavegi og aka norður Breiðholtsbraut. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ÓLAFUR F. MAGNÚSSON** Áheyrnarfulltrúi F-listans var harðorður í borgarráði í gær.

Fyrrverandi borgarstjóri:

## Borgarstjórn er spillt og gráðug

**SVEITARSTJÓRNIR** „Undirritaður spyr hverju það sæti að borgarstjóra vanti aftur á borgarráðsfund í dag vegna ferðalaga erlendis á sama tíma og fjölskyldum í Reykjavík blæðir vegna efnahagshruns, sem orsakast af spillingu og einkavinavæðingu Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks,“ bókaði Ólafur F. Magnússon, áheyrnarfulltrúi F-listans í borgarráði í gær. Sagði Ólafur lítið hafa verið um svör við fyrirspurnum sínum um kostnað vegna kjörinna fulltrúa og embættismanna hjá Reykjavíkurborg og fyrirtækjum borgarinnar. „Undirritaður lýsir vanþóknun sinni á þeirri leynd, spillingu og græðgi sem einkenna störf núverandi borgarstjórnarmeirihluta.“ - gar

Skilmálabreytingar hjá Frjálsa fjárfestingarbankanum:

# Vilja miða við sölugengi kröfuhafa

**EFNAHAGSMÁL** „Eftir breytinguna getur viðskiptavinur okkar greitt upp lánið nánast fyrirvaralaust en áður þurfti að bíða í allt að sólarhring eftir viðmiðunargengi frá Seðlabankanum,“ segir Hans A. Hjartarson, sérfræðingur hjá Frjálsa fjárfestingarbankanum, um skilmálabreytingar sem bankinn gerir kröfu um að viðskiptavinir hans, sem vilja frysta afborganir lána í erlendri mynt, undirgangist.

Breytingin gerir ráð fyrir að miðað sé við sölugengi kröfuhafa en Hans segir að á meðan gjaldeyrishöft ríki á Íslandi sé ekki annað hægt en að miða við gengi Seðlabankans. Hann segir skilmálabreytinguna haldast eftir að gjaldeyrishöftum verður lyft.

„Við erum ekki að fara að selja kröfurnar en þar fyrir utan eru þær væntanlega verðlausar, eins og staðan er í dag,“ segir Hans. Hann útilokar þó ekki að bréfin verði seld síðar. „Þessi bréf eru framseljanleg og fólk skrifaði upp á það. En kröfuhafi, hver sem það verður, mun alltaf verða í samkeppni um besta mögulega gengið,“ segir Hans.

Hans segir bankann ekki vera að nýta sér neyð fólks. Nánast allir viðskiptavinir bankans séu að sækja um skilmálabreytingar á lánum sínum. „Við erum ekki viðskiptabanki og sjáum því viðskiptavini okkar sjaldan. Því er þetta líklegast eina tækifærið fyrir bankann að betrumbæta skilmála lánanna með hagsmuni allra í fyrirrúmi,“ segir Hans. - ovd



**HANS A. HJARTARSON**

> Þessi bréf eru framseljanleg og fólk skrifaði upp á það.
>
> **HANS A. HJARTARSON** SÉRFRÆÐINGUR HJÁ FRJÁLSA FJÁRFESTINGARBANKANUM

# Reyna að stela upp í fíkniefnaskuldir

**Annríki hefur verið hjá lögreglunni við að rannsaka og upplýsa tíða þjófnaði og innbrot. Þjófarnir hafa verið að stela til að borga stórar fíkniefnaskuldir.**

**LÖGREGLUMÁL** Miklar annir hafa verið hjá auðgunarbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu að undanförnu við að rannsaka og upplýsa tíð innbrot og þjófnaði, að sögn Ómars Smára Ármannssonar yfirlögregluþjóns. Hann segir aukningu hafa orðið í innbrotum síðastliðna þrjá mánuði, einkum innbrotum í bíla, en tíðnin sveiflist upp og niður milli missera.

Sem dæmi um mál sem verið hafa í gangi má nefna að nýverið var tilkynnt um að menn væru að brjótast inn í gáma við verslun á Kletthálsi. Þar reyndust tveir menn vera á ferð. Þeir reyndu að fela sig fyrir lögreglu en voru handteknir skömmu síðar. Þeir voru með verkfæri sem þeir höfðu stolið á byggingarsvæði í Álfheimum til að nota í atlögunni við gámana.

Við yfirheyrslu daginn eftir viðurkenndu mennirnir að hafa ætlað að brjótast inn í gámana til að stela vélhjólum sem þeir vissu af í geymslu þar. Ástæðan fyrir innbrotinu hafi verið sú að annar var stórskuldugur vegna fíkniefnakaupa og væri að leita að verðmætum upp í skuldina.

Við húsleit hjá mönnunum fannst meðal annars kortalesari, sem stolið hafði verið úr verslun í Kópavogi. Þá upplýstist innbrot og þjófnaður í skiptimyntakassa á bílaþvottastöðinni Löðri í Kópavogi og auk þess viðurkenndu þeir tvö önnur innbrot í fyrirtækið á Kletthálsi síðustu tvo mánuðina áður. Þá var stolið tveimur vélhjólum. Bæði hjólin höfðu gengið upp í greiðslu fíkniefnaskulda.

Þá tóku lögreglumenn úr auðgunarbrotadeild hús á þekktum brotamanni í síðustu viku. Þar fannst talsvert þýfi. Daginn eftir fór lögregla aftur á vettvang ásamt starfsmanni tollgæslu og tollhundi. Þeir tóku meðal annars stolinn tölvubúnað, sjónvarpstæki og lítilræði af fíkniefnum.

Þá fundu lögreglumenn nýlega tösku í bíl sem þeir höfðu stöðvað í Breiðholti. Í henni reyndust vera munir úr innbroti í hús í Foldahverfi daginn áður. Tveir menn voru í bílnum. Annar þeirra viðurkenndi að hafa brotist inn í umrætt hús og annað til í Grafarvogi og stolið þar verðmætum. Við húsleit hjá ökumanninum fannst svo meira af atluðu þýfi og fíkniefnum. Báðir sögðu þeir tilgang innbrotanna hafa verið að fjármagna fíkniefnaneyslu sína.

jss@frettabladid.is



**SÝNISHRON AF ÞÝFI** Innbrotsþjófar eru einkum á höttunum eftir flatskjáum, i-podum, tölvum, myndavélum og fleiru sem auðvelt er að koma í verð. Búið var að stela ellefu byssum í innbrotum, en lögregla hefur náð þeim flestum til baka.




# Byssur á betra verði

## Stoeger og Beretta ES haglabyssur á tilboðsverði



**Stoeger P350**
Fullt verð 46.900. Nú á tilboði aðeins 32.830



**Stoeger P350**
Fullt verð 49.900. Nú á tilboði aðeins 34.930



**Stoeger Model 2000**
Fullt verð kr. 69.900. Nú á tilboði aðeins 48.930



**Stoeger Model 2000**
Fullt verð kr. 75.900. Nú á tilboði aðeins 53.130



**Stoeger Model 2000**
Fullt verð kr. 84.900. Nú á tilboði aðeins 59.430



**Beretta ES**
Fullt verð 112.900. Nú á tilboði aðeins 79.030



**Beretta ES**
Fullt verð 124.900. Nú á tilboði aðeins 87.430



**Beretta ES**
Fullt verð 118.900. Nú á tilboði aðeins 83.230



**Beretta ES**
Fullt verð 129.900. Nú á tilboði aðeins 90.930



**Beretta ES**
Fullt verð 139.900. Nú á tilboði aðeins 97.930

Stoeger P350. Vinsæl pumpa með snúningsboltanum frá Benelli.
Gerð fyrir 2 3/4", 3" og 3 1/2" skot
26“ hlaup, 3 þrengingar og ólarfestingar. Bestu kaupin í pumpum.

Stoeger Model 2000. Einhver vinsælasta haglabyssan hér á landi undanfarin ár. Tekur 2 ¾“ og 3“ skot.
Hálfsjálfvirk, bakslagsskift haglabyssa með snúningsboltanum frá Benelli og skiftingu frá Franchi.
26“ hlaup. 5 þrengingar og ólarfestingar. Bestu kaupin í hálfsjálfvirkum.

Beretta ES100. Hálfsjálfvirk, bakslagsskift byssa með gamla Benelli boltanum.
26“ hlaup, 3 þrengingar og ólarfestingar. Auðvelt að hreinsa og smyrja þar sem efri hluti láshúss fylgir hlaupinu þegar það er tekið af. Glæsileg byssa á frábæru verði.





SPORTBÚÐIN

**Munið vinsælu gjafabréfin okkar**

VEIÐIHORNIÐ

Sportúðin - Krókhálsi 5 - 517 8050 • Veiðihornið - Síðumúla 8 - 568 8410
veidihornid.is - sportbudin.is



**HEPPINN KALKÚNN** Ætli hann verði ekki að teljast heppinn, þessi kalkúnn sem Bush Bandaríkjaforseti allramildilegast náðaði á miðvikudag, daginn fyrir þakkargjörðarhátíð Bandaríkjamanna. Þann dag eru jafnan étnir margir kalkúnar í Bandaríkjunum, en þessi fugl lifði af þann hildarleik. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þingmaður Framsóknarflokks gagnrýnir pólitískar stöðuveitingar utanríkisráðherra:

# Einkavinavæðing í ráðuneyti

**ALÞINGI** „Hér er um einkavinavæðingu að ræða í utanríkisráðuneytinu,“ sagði Birkir Jón Jónsson, þingmaður Framsóknarflokks á Alþingi í gær. Hann sagði utanríkisráðherra ekki hafa gengið í takt við þjóðina þegar hún skipaði pólitískan samstarfsmann til margra ára í embætti sendiherra.

Tilkynnt var um niðurskurð á útgjöldum utanríkisráðuneytisins á dögunum. Samhliða því var tilkynnt að sex sendiherrar láti af störfum um áramót, eða á næsta ári, sökum aldurs. Á sama tíma tilkynnti Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra að hún hafi skipað Kristínu Árnadóttur í stöðu sendiherra, sagði Birkir Jón.



BIRKIR JÓN JÓNSSON



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

Hann benti á að Kristín hafi verið pólitískur samstarfsmaður Ingibjargar um árabil. Augljóst sé að pólitískar stöðuveitingar séu ekki hluti af fortíðinni í utanríkisráðuneytinu. Ingibjörg hafi skipað fjóra sendiherra frá því hún tók við ráðuneytinu, þar á meðal fyrrverandi þingmann Sjálfstæðisflokksins.

Ingibjörg Sólrún sagði að Kristín hafi tekið við starfi skrifstofustjóra yfirstjórnar ráðuneytisins, og sem slík beri hún titil sendiherra. Hún varði skipan Kristínar í embætti sendiherra. Of margir sendiherrar hafi verið í eldri kantinum, og að fjölga þyrfti konum í æðstu stöðum í ráðuneytinu.

- bj

Hæstiréttur þyngdi dóm:

# Sló fósturson sinn í andlitið

**DÓMSTÓLAR Fertugur karlmaður hefur í Hæstirétti verið dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að slá ellefu ára fósturson sinn í andlitið. Héraðsdómur Suðurlands hafði dæmt manninn í eins mánaðar fangelsi en Hæstiréttur þyngdi dóminn.**

**Fósturfeðgarnir voru staddir á tjaldsvæði við Þrastarlund í Grímsnes- og Grafningshreppi í júní árið 2007 þegar maðurinn sló drenginn hnefahöggi í andlitið með þeim afleiðingum að hann hlaut mar yfir nefbeininu bæði hægra og vinstra megin auk blóðnasa.**

- jss

Seðlabankastjóri upptekinn:

# Mætti ekki hjá viðskiptanefnd

**STJÓRNMÁL** Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabankans, sem boðaður var á fund viðskiptanefndar Alþingis í gær boðaði forföll. Samkvæmt upplýsingum úr Seðlabankanum var Davíð upptekinn á reglulegum fundum þar innanhúss sem ekki reyndist unnt að hliðra til. Seðlabankastjórinn geti hins vegar mætt á næsta fund nefndarinnar eftir viku. Ágúst Ólafur Ágústsson, formaður viðskiptanefndar, kveðst enga ástæðu hafa til að tortryggja forföll Davíðs. „Menn komast einfaldlega ekki alltaf. Þar sem hann komst ekki í þetta skipti þá kemur hann næsta fimmtudag.“

Fyrir viðskiptanefndinni á Davíð að skýra ummæli sem hann lét falla varðandi bankana í ræðu hjá Viðskiptaráði.

- gar

Bæjarráð Vestmannaeyja lýsir yfir vonbrigðum:

# Samgöngur til Eyja í algjöru uppnámi

**SAMGÖNGUMÁL** Hætt hefur verið tímabundið við útboð á smíði nýrrar Vestmannaeyjaferju og Flugfélag Vestmannaeyja er hætt að fljúga á milli lands og Eyja. Bæjarráð Vestmannaeyja lýsir yfir miklum vonbrigðum með stöðu mála.

Skorað er á samgönguráðherra að leita leiða til að bjóða út smíði skipsins og í ljósi kreppu að allra leiða verði leitað til að auðvelda íslenskum fyrirtækjum að bjóða í nýsmíðina. Ráðið leggur þunga áherslu á að haldið verði áfram með framkvæmdir við Landeyjahöfn og tryggt verði að hægt sé að nýta höfnina eigi síðar en sumarið 2010 með leigu á skipi eða breytingum á núverandi Herjólfi.



**HERJÓLFUR** Eyjamenn óttast afturför í samgöngum.

Fyrir liggur að Flugfélag Vestmannaeyja getur ekki haldið úti flugi á Bakka nema til komi ríkisstyrkur. Bæjarráð hvetur samgönguráðherra til að beita sér fyrir slíkum styrk til félagsins.

- shá

# Stóðu vaktina fyrir fyrirtæki

**Þingmaður VG segir rannsókn fjármálakreppu verða að ná til einkavæðingar bankanna. Verður hluti af sátt í samfélaginu, segir forseti Alþingis.**

**ALÞINGI** Fullyrða má að stjórnvöld hafi í sumum tilvikum ekki sofið á verðinum í aðdraganda fjármálakreppunnar, heldur staðið vaktina fyrir fjármálaöflin í landinu.

Þetta sagði Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri grænna, í umræðum um frumvarp um rannsókn á aðdraganda bankahrunsins á Alþingi í gær.

Allir flokkar standa að frumvarpinu, sem lagt er fram af Sturlu Böðvarssyni, forseta Alþingis. Hann mælti fyrir frumvarpinu á Alþingi í gær. Að umræðum loknum var málinu vísað til allsherjarnefndar þingsins.

Í frumvarpinu er lagt til að þriggja manna nefnd, skipuð óháðum sérfræðingum, fari yfir aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna, eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu. Skýrsla nefndarinnar á að liggja fyrir ekki síðar en 1. nóvember 2009.

„Við Íslendingar höfum orðið fyrir miklum áföllum. Við þær aðstæður er mikilvægt að okkur takist að snúa bökum saman og endurreisa efnahag okkar og tryggja hag heimilanna og atvinnulífsins. Til þess að það takist verður að nást sátt í samfélaginu. Mjög mikilvægur þáttur þess er ítarleg rannsókn á því hvað gerðist og leiddi til hruns bankanna með öllum þeim alvarlegu afleiðingum sem því hafa fylgt,“ sagði Sturla.

Hann sagði það fremur fátítt að Alþingi hafi frumkvæði af því að setja á laggirnar slíkar rannsóknarnefndir, en mikilvægt sé að eftirlitshlutverk Alþingis verði eflt.

Ögmundur Jónasson lagði áherslu á að rannsóknin verði að ná aftur til þess tíma þegar bankarnir voru einkavæddir. Fjalla verði um aðkomu stjórnmála, og samspil þeirra við viðskiptalífið.

Þá sagði hann mikilvægt að skoða sérstaklega flutning fjármagns úr landi, og það hvort bankarnir hafi veitt einstaklingum og fyrirtækjum aðstoð við að flytja fé til erlendra skattaparadísa, hvort sem það hafi verið beinlínis ólöglegt, eða bara siðlaust.



**AFGREITT** Sturla Böðvarsson, forseti Alþingis, mælti fyrir frumvarpinu á Alþingi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Árni Páll Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar, fagnaði því að frumvarpið hafi loks litið dagsins ljós, marga hafi verið farið að lengja eftir því. Hann lagði áherslu á mikilvægi ákvæðis í frumvarpinu um vernd þeirra sem komi fram með upplýsingar um það sem aflaga hafi farið. Allir verði að treysta sér til að koma fram með upplýsingar.

brjann@frettabladid.is

## HELSTU ATRIÐI

**Rannsóknarnefndinni er ætlað að:**

- Varpa ljósi á aðdraganda og orsakir hruns efnahagskerfisins.
- Gera úttekt á lögum um fjármálamarkaðinn.
- Leggja mat á starf eftirlitsstofnana.
- Koma með tillögur að breytingum.
- Tilkynna yfirvöldum um refsiverða háttsemi.

## GAGNRÝNDI STJÓRNARANDSTÖÐU



KRISTINN H. GUNNARSSON

Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Frjálslynda flokksins, gagnrýndi formenn stjórnarandstöðuflokkanna harðlega í umræðum um rannsóknarnefnd vegna bankahrunsins á Alþingi í gær.

Kristinn sagði að svo virtist sem formenn stjórnarandstöðuflokkanna, sem eru meðflutningsmenn frumvarps um rannsóknarnefndina, hafi ekki viljað fá frumvarpið í gegnum þingið. Það hafi komið í ljós þegar þeir hafi lagt vantrauststillögu á stjórnina fram í þinginu fyrr í vikunni.

Nauðsynlegt er að rannsókn sem þessi fari fram áður en kosið er, til að almenningur hafi upplýsingar um atburðarásina og þá sem að henni komu, sagði Kristinn. Hann fagnaði því að nú virtist sem formenn stjórnarandstöðuflokkanna væru komnir á þá skoðun líka.

**Hefur þú upplýsingar um bankana eða fjármálahrunið sem þú vilt koma á framfæri?** *Sendu okkur línu á abending@frettabladid.is*




# Nú á tímum er nauðsynlegt að sofa vel
## fjárfestu í heilsunni

**6 mánaða** vaxtalausar greiðslur

**JÓLATILBOÐ**



**Stór pakki**
**fylgir heilsurúmum**
**frá Svefn og heilsu**
Lök, silkidamask sængurverasett
og hlífðardýnur
Verðmæti allt að kr. **55.200**

**S-CAPE**
**WALLHUGGER**

## Sá nýjasti og besti frá Leggett

**S-CAPE WALLHUGGER dregst að veggnum eins og nafnið bendir til. Þannig helst þú við hlið náttborðsins.**

- Upplýst þráðlaus fjarstýring.
- Uppáhalds stilliminni á fjarstýringu.
- Sér stilling fyrir höfuðlag.
- Afar hljóðlátir og sterkir þýskir lyftumótorar.
- 2 öflugir nuddmótororar með tímarofa.
- Einn allra sterkasti stálgrindarbotn sem framleiddur er í dag.
- 12 ára ábyrgð á mótor og grind.

Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.
Dæmi: 2x 80x200 cm verð áður kr. 624.900.
Nú á jólatilboði kr. **499.920** stgr.

**PROFLEX**



## Mest selda stillanlega rúmið frá S&H.

**Frábær reynsla á Íslandi frá árinu 1999.**

- Sterkir og hljóðlátir þýskir mótorar.
- Stýring er einföld og þægileg.
- Mýkra axlasvæði og stífara mjóbakssvæði.
- 5 ára ábyrgð.

Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.
Dæmi: 2x 80x200 cm verð áður kr. 384.900.
Nú á jólatilboði kr. **327.165** stgr.

## Ein besta heilsudýna heimi

**IQ-CARE**

**Queen rúm kr. 189.900,-**
**King rúm kr. 269.900,-**

## Amerísku heilsudýnurnar frá

**Chiropractic®**

**Queen rúm kr. 209.000,-**
**King rúm kr. 269.000,-**

**Svefn & heilsa** ★★★★★




**Ný teppasett**

**Heilsukoddar**

**Vinsælu sængurverasettin mikið úrval**

**Nýir leðurgaflar og náttborð 4 litir**

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00**

www.svefn.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR 1554 KR.KG



1554

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1554 kr./kg. MERKT VERÐ 2220 KR./KG



499

ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR 499 kr./kg.



698

ALI REYKTUR GRÍSABÓGUR 698 kr./kg.



40%
AFSLÁTTUR

399

KF REYKT OG SALTAÐ FOLALDAKJÖT 399 kr./kg.
MERKT VERÐ 665 KR./KG.



50%
AFSLÁTTUR

BEZT BAJONNESKINKA
899 kr./kg. MERKT VERÐ 1798 KR./KG.



899

BÓNUS NÝREYKTUR HAMBORGARHRYGGUR
899 kr./kg. MERKT VERÐ 1199 KR./KG



898

BÓNUS GÓU KONFEKT 800g 898 kr.



198

SENSEO CAPPUCCINO KAFFI 8 STK.
198 kr. AÐEINS 25 KR BOLLINN.



SVIÐALAPPIR
FROSNAR
499 KR./KG.





398

MYLLU BRÚN RÚLLUTERTA 370g 398



139

BÓNUS KORNBRAUÐ 1 KG 139 kr.

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00-19.30


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
FROSINN LAMBABÓGUR 569 KR./KG.
569
K.S FROSINN LAMBABÓGUR
569 kr./kg. MERKT VERÐ 759 KR./KG.
30%
AFSLÁTTUR
NAUTAVEISLU UNGNAUTAFILLET
2309 kr./kg. MERKT VERÐ 3298 KR./KG.
1998
NAUTAVEISLU UNGNUTAPIPARSTEIK
1998 kr./kg. MERKT VERÐ 2220 KR./KG.
98
Coca-Cola
NAUTAVEISLU UNGNAUTAGÚLLAS
1498 kr./kg. MERKT VERÐ 2140 KR./KG.
30%
AFSLÁTTUR
NAUTAVEISLU UNGNAUTASNITSLE
1498 kr./kg. MERKT VERÐ 2140 KR./K
498
NAUTAVEISLU UNGNAUTAHAMBORGARAR
4 STK M/BRAUÐI 498 kr.
50%
AFSLÁTTUR
ÍSLANDSGRÍS HAKK
449 kr./kg. MERKT VERÐ 899 KR./KG.
579
NF FROSNAR FORSTEIKTAR FISKIBOLLUR
579 kr./kg.
798
BÚHNYKKUR ÝSUBITAR ROÐ/BEINLAUSIR 798 kr./kg.
COKE 1 LITER 98 kr.
Með fyrirvara
um prentvillur eða
uppseldar vörur.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00-19.30



**LEIÐINDADAGUR Í DÝRAGARÐI** Hann geispaði alveg ógurlega í gær þessi myndarlegi api í dýragarðinum í Búdapest. Ætli honum hafi ekki leiðst letilífið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dregið hefur úr umferðarslysum í Reykjavík á undanförnum árum:

# Dauðaslysum hefur fækkað

**SAMFÉLAGSMÁL** Dauðaslysum og alvarlegum slysum í umferðinni í Reykjavík fækkaði um 46 prósent á árunum 2005 til 2007 miðað við árabilið 1992 til 1996. Í umferðaröryggisáætlun Reykjavíkurborgar var stefnt að fimmtíu prósenta fækkun slíkra slysa á tímabilinu.

Dauðaslys í Reykjavík hafa að meðaltali verið tvö á ári, á árunum 2002 til 2007. Það er umtalsverð fækkun frá árinu 1992 en það ár urðu sjö dauðaslys í Reykjavík. Þá hefur minni háttar slysum einnig fækkað. Þau voru á tímabilinu 2006 til 2007 að meðaltali 325 en 525 á árinu 1996.

Ekki náðist tilætlaður árangur í öllum tilfellum. Stefnt var að fækkun umferðaróhappa þar sem börn og unglingar áttu í hlut. Það tókst ekki því 57 börn, 15 ára og yngri, slösuðust í umferðarslysum á árinu 2007 miðað við 51 árið 1992.

Bifhjólaslysum hefur einnig fjölgað enda hefur slíkum farartækjum fjölgað verulega á götum Reykjavíkur. Bifhjólaslys voru fjörutíu árið 2007, miðað við 18,7 að meðaltali á þriggja ára tímabili, 1996 til 1998. Eitt af markmiðum næstu umferðaröryggisáætlunar er að rannsaka þau slys og leggja á ráðin um mótvægisaðgerðir. - hhs



**UMFERÐARSLYS** Dauðaslysum og öðrum alvarlegum slysum hefur fækkað í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ / TEITUR

Sex mánaða greiðsludreifing:

# Bjóða lán fyrir jólainnkaupum

**NEYTENDUR** Viðskiptavinum Hagkaups gefst nú kostur á að borga fyrir jólainnkaupin með vaxtalausum lánum. Þjónustuna nefna forsvarsmenn verslunarinnar Jólalán Hagkaups. Lánin bera þriggja prósenta lántökugjald en viðskiptavinum gefst kostur á allt að sex mánaða greiðsludreifingu og að borga fyrstu afborgunina í mars á næsta ári. Samkvæmt tilkynningu frá Hagkaupum þurfa viðskiptavinir sem hyggjast nýta sér jólalán að eiga greiðslukort og uppfylla skilyrði um raðgreiðslulán samkvæmt almennum venjum og heimildum. - ovd

Íbúðalánasjóður yfirtekur lán:

# Ráðherra heimilar yfirtökur

**EFNAHAGSMÁL** Íbúðalánasjóður hefur fengið heimild til að yfirtaka íbúðaveðlán fjármálafyrirtækja. Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra undirritaði reglugerð þessa efnis í vikunni.

Í tilkynningu frá ráðuneytinu segir að Íbúðalánasjóði sé heimilt að kaupa skuldabréf fjármálafyrirtækja sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsnæði hér á landi að því tilskildu að kaupin séu til þess fallin að tryggja öryggi lána á íbúðalánamarkaði og hagsmuni lántakenda. Þá segir að heimildin eigi jafnt við um lán í íslenskum krónum og erlendri mynt. Hvorki Íbúðalánasjóður né einstaklingar geta haft frumkvæði að því að lán flytjist til sjóðsins heldur þurfa fjármálastofnanir sjálfar að óska eftir að sjóðurinn yfirtaki veðlán á þeirra vegum. - ovd

Fjármálaeftirlitið sem vaktar tryggingamarkaðinn gaf Alþingi skýrslu í gær:

# Staða tryggingafélaga ágæt

**EFNAHAGSMÁL** Staða tryggingarfélaganna er ágæt að mati Fjármálaeftirlitsins. Þetta kom fram í máli fulltrúa eftirlitsins þegar þeir mættu á fund viðskiptanefndar Alþingis í gær.

„Það er ástæða til að fylgjast vel með tryggingamarkaðnum. Hann er ekki eins og hver annar markaður," segir Ágúst Ólafur Ágústsson, formaður viðskiptanefndar Alþingis. „Þarna á almenningur mikla hagsmuni, ekki síst í bótasjóðnum eða vátryggingaskuldunum. Það þarf að vera öruggt að tryggingarfélög geti mætt þeim skuldbindingum sem á þeim hvíla. Fulltrúar Fjármálaeftirlitsins sögðu að þeir teldu að svo væri."

Ágúst bætir við að Fjármálaeftirlitið hefði sagt að tryggingarfélögin væru í sífelldri skoðun og að staða félaganna væri ágæt. „Við heyrðum þetta svo sem líka með bankana þar til daginn að þeir féllu þannig að þessi mál þarf stöðugt að vakta," bendir Ágúst á.

Aðspurður hvort rannsóknir Fjármálaeftirlitsins á bankakerfinu hefði borið á góma á fundi viðskiptanefndarinnar í gær segir Ágúst svo ekki hafa verið. „Þetta voru ekki þeir embættismenn sem sjá um það en við fáum þá hins vegar reglulega á fundi nefndarinnar til að gefa upplýsingar. Við erum allaf að kalla eftir auknu gegnsæi og að jafnræði sé tryggt." - gar



**ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON** Formaður viðskiptanefndar Alþingis segir mikilvægt að tryggingafélögin geti ávalt mætt skuldbindingum sínum til að greiða bætur. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

> Það er ástæða til að fylgjast vel með tryggingamarkaðnum. Hann er ekki eins og hver annar markaður.

**ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON**
FORMAÐUR VIÐSKIPTANEFNDAR ALÞINGIS

Samtök funda um kjaramál:

# Lofandi undirbúningsfundur

**KJARAMÁL** **Fundur forsvarsmanna allra stærstu samtaka á vinnumarkaði og fulltrúa ríkis og sveitarfélaga var haldinn í gær. Stefnt er að mótun sameiginlegrar kjarastefnu til næstu missera.**

**Vonir eru bundnar við samstarfið og gæti það markað þáttaskil í baráttunni gegn efnahagsvanda þjóðarinnar. Um það eru forsvarsmenn samtakanna sammála.**

**Geir H. Haarde forsætisráðherra tekur undir mikilvægi þessa samstarfs og bindur vonir við að það skili árangri með stöðugleika í kjaramálum. Mörg verkefni séu framundan sem nauðsynlegt sé að hafa samstarf um jafnframt því sem nauðsynlegt sé að horfa til lengri tíma.**

**Fundur stjórnvalda ásamt ASÍ, Samtökum atvinnulífsins og BSRB er áætlaður í dag.** - shá



Átta mánaða fangelsi:

## Líkamsárásir og húsbrot

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur dæmt karlmann í átta mánaða fangelsi fyrir þrjár líkamsárásir og tvö húsbrot. Öll þessi brot framdi maðurinn gagnvart fyrrverandi eiginkonu sinni. Þau áttu sér stað á tímabilinu janúar 2005 til mars 2006. Konan meiddist í árásunum.

Dómurinn ákvað að skilorðsbinda fimm mánuði af refsingunni vegna þess að óútskýrður dráttur varð á rannsókn málsins hjá lögreglu og þess að ákærði hafði ekki áður verið fundinn sekur um refsivert brot sem skipti máli.

Maðurinn var dæmdur til að greiða konunni 600 þúsund krónur í bætur. - jss

Íslendingar eiga að geta leyst út lyf með íslenskum lyfseðli í Skandinavíu:

# Svíarnir neita um afgreiðslu

**HEILBRIGÐISMÁL** Íslendingar, sem verða uppiskroppa með lyfin sín, geta farið með íslenska lyfseðla í apótek á Norðurlöndum og fengið lyfin sín en í Svíþjóð er það ekki hægt. Ástæðan er sú að þeir sem framvísa lyfseðli í apóteki í Svíþjóð verða að hafa sænska kennitölu til að geta fengið lyfin afgreidd.



**KÍKIR Á MÁLIÐ** Cristina Husmark-Pehrsson, samstarfsráðherra Svía, ætlaði að kíkja á það af hverju ekki er hægt að fá lyf út á íslenskan lyfseðil.

Íslendingur hefur framvísað lyfseðli frá íslenskum lækni í apótekum í Danmörku og á Álandseyjum í Finnlandi og fengið afgreiðslu en afsvar í Svíþjóð. „Ef maður kemur inn af götunni þá biðja Svíarnir um sænska kennitölu. Í Svíþjóð er þetta kerfislægt, engin lyf til fólks af götunni öðruvísi en að það hafi sænska kennitölu,“ segir íslensk kona.

Einar Magnússon, skrifstofustjóri í heilbrigðisráðuneytinu, segir að Íslendingar eigi að geta framvísað lyfseðlum á öllum Norðurlöndum og fengið lyf. „Samningur gildir um þetta og það á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Það er prinsipp að fólk geti leyst út lyf en vandamálin geta verið praktísk, að ganga úr skugga um að lyfseðillinn sé ekki falsaður og að læknirinn sé með lækningaleyfi í viðkomandi landi. Svo skilja menn kannski ekki íslensku í apótekinu en prinsippið er alveg klárt. Það er hægt að leysa út þessa lyfseðla,“ segir hann.

Siv Friðleifsdóttir alþingismaður tók málið upp á Norðurlandaráðsþingi í Helsinki í október og fékk þau svör að Kristina Husmark-Pehrsson, samstarfsráðherra Svía, myndi kíkja á það. Svör hafa ekki enn borist. - ghs

Yfir fimm milljónir undirskrifta:

## Nei við ofbeldi gegn konum

**MANNRÉTTINDI Rúmlega fimm milljónir manna hafa undirritað áskorun þar sem sagt er nei við ofbeldi gegn konum.**

**Ban Ki-Moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, tók við undirskriftunum á þriðjudaginn við hátíðlega athöfn í aðalskrifstofum samtakanna í New York.**

**Inés Alberdi, framkvæmdastjóri UNIFEM, minnti af þessu tilefni á mikilvægi þess að fólk sé meðvitað um ofbeldi gegn konum og mikilvægi þess að samfélög séu virkjuð til að koma í veg fyrir þann heimsfaraldur, sem hún sagði ofbeldi gegn konum vera.** - ovd

Íslendingarnir sex sem eru strand í Taílandi bíðu á hóteli á Pattaya-ströndinni:

# Ráðið frá ferðalögum til Taílands

**TAÍLAND** Íslendingarnir sex sem ekki komust heim vegna mótmæla á alþjóðaflugvellinum í Bangkok í Taílandi í vikunni biðu í gær á hóteli á Pattaya-ströndinni í von um að komast heim. Axel Yngvason, bróðir eins Íslendinganna, taldi að ekki væsti um þau þar.

Jason Steinþórsson, námsmaður í Bangkok, segir að flytja eigi ferðamenn til herflugvalla og fljúga þaðan með þá úr landi.

Neyðarástandi hefur verið lýst yfir á tveimur flugvöllum og nágrenni þeirra. Utanríkisráðuneytið sendi frá sér ferðaviðvörun í gær og ráðlagði Íslendingum frá ferðalögum til Taílands vegna mótmæla og átaka að undanförnu. Þeim sem eru í landinu var ráðlagt að halda sig fjarri mótmælaaðgerðum og þeim sem áttu bókaðar ferðir til og frá Taílandi bent á að setja sig í samband við ferðaskrifstofur þar sem flugvellirnir Suvarnabhumi International Airport og Don Muang Airport voru lokaðir.

Holberg Másson er einn sexmenninganna frá Íslandi. Hann býst við að reynt verði að koma ferðamönnunum úr landi í dag eða næstu daga. Ef ekki fari að komast hreyfing á málin þá verði gripið til neyðaráætlana og þjóðir fari hreinlega að senda flugvélar til að sækja sitt fólk. Finnair hefur til dæmis nú þegar flogið til Phuket til að sækja finnska ferðamenn.

> Það er engin hætta á ferðum nema maður sé á vitlausum stað á vitlausum tíma.
>
> **JASON STEINÞÓRSSON**
> NÁMSMAÐUR Í BANGKOK

Jason telur að ekki sé nein hætta á ferðum. „Það er engin hætta á ferðum nema maður sé á vitlausum stað á vitlausum tíma,“ segir hann. Mótmælendur vilji núverandi ríkisstjórn landsins frá því að hún tengist spillingarmálunum og að boðað verði til kosninga. Orðrómur sé um að herinn taki völdin fljótlega. - ghs



**ENGIN HÆTTA** Jason Steinþórsson býr í Bangkok. Hann segir að flytja eigi ferðamenn til herflugvalla og fljúga þaðan með þá úr landi.

Jafnaðarmenn í Hafnarfirði:

## Standi vörð um velferðarkerfi

**HAFNARFJÖRÐUR Á aðalfundi ungra jafnaðarmanna í Hafnarfirði, sem haldinn var á sunnudagskvöld, var samþykkt að skora á bæjarstjórn Hafnarfjarðar að standa vörð um velferðarkerfi Hafnarfjarðar.**

**Í tilkynningu segir að reynsla Finnlands af krepputíð sinni sýni ljóslifandi að skerðing á þjónustu við börn, unglinga og ungt fólk sé ávísun á hrikalegar og kostnaðarsamar aðgerðir síðar meir.**

**Því skori Ungir jafnaðarmenn á bæjarstjórn Hafnarfjarðar að gefa frekar í ef eitthvað er á viðsjárverðum tímum.**

**Ungir jafnaðarmenn bendia einnig á nauðsyn uppbyggingarverkefnis fyrir atvinnulaust ungt fólk í Hafnarfirði.** - kg





NJÓTTU TÍMANS

Aðventan er of dýrmæt til að eyða henni í hringsól í leit að stæði. Við höfum opnað 500 ný bílastæði við Smáralind sem tryggja þér hiklaust aðgengi í skjóli fyrir veðri og vindum.

**Betri leið til að versla – fyrir jólin**

Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000



## „ORÐRÉTT“

*Túlkur óskast*

**„Ritstjórn Pésans hefur borist myndir og greinin sem er á frönsku og fjallar að því er okkur skilst um mannlíf hér um slóðir.“**

ÍSÓLFUR GYLFI PÁLMASON SVEITARSTJÓRI
Pésinn, fréttabréf Hrunamannahrepps.

*Varúð Grænlendingar!*

**„Ísland verður að taka upp nána samvinnu við Grænland og stuðla þannig að hagsæld beggja vinaþjóða.“**

REYNIR TRAUSTASON RITSTJÓRI
DV, miðvikudagur 27. nóvember.

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** HILMAR ÖRN HILMARSSON ALLSHERJARGOÐI

## Blótað um allt land á fullveldisdaginn



„Við hjá Ásatrúarfélaginu ætlum að vera með vættablót á fullveldisdaginn, 1. desember. Við ætlum að blóta landvættunum, landi og þjóð til heilla. Það verður blótað á Reykjanesi, í Borgarfirði, Eyjafirði og Vopnafirði og á Þingvöllum – í hjarta landsins – á sama tíma klukkan 17.30. Svo ætlum við að biðja þá örfáu landsmenn sem ekki mæta að kveikja á kertum á sama tíma,“ segir Hilmar Örn Hilmarsson allsherjargoði. Hann segir nauðsynlegt að verjast öflum sem eru tilbúin að fórna sjálfstæði landsins. „Þetta eru þeir fjórir staðir sem Heimskringla segir að landvættirnir hafi verið á og gættu landsins okkar. Á þessum tímum, þegar fólk virðist tilbúið til að ganga undir næsta kóng, er kominn tími til að minna á að við fengum fullveldi árið 1918. Við eigum ekki að ganga aftur á bak heldur finna okkar styrk sem Íslendingar og sýna bara hvað í okkur býr. Núna er ekki tími fyrir uppgjafartón. Það er akkúrat sá tónn sem ekki má heyrast. Með þessu erum við bæði að magna upp ákveðna krafta og fá fólk til að koma saman og stappa í hvað annað stálinu. Táknræn samstaða um góð mál og stærri hugsun er dýrmæt á þessum tímum.“

## FLATBAKAN

### UPPRUNNIN Í GRIKKLANDI TIL FORNA



■ Ólíkt því sem flestir halda er flatbakan ekki upprunnin á Ítalíu. Heimildir eru til um einhvers konar pítsu, þ.e. bakað brauð með áleggi, frá Forngrikkjum. Talið er að pítsan hafi borist til Ítalíu á 18. öld og þar náði hún svo sannarlega að festa sig í sessi. Árið 1889 ferðaðist Margherita, drottning Ítala, vítt og breitt um landið og kynntist þar þessu bragðgóða flatbrauði hjá bændum. Henni þótti maturinn ákaflega bragðgóður sem ýmsum þótti hneykslanlegt enda ekki drottningarmatur. Pítsan Margaríta, sem enn í dag er ein vinsælasta pítsuuppskrift veraldar, varð til á þessum tíma, drottningunni til heiðurs.

## SJÓNARHÓLL

### EIGA ÍSLENDINGAR AÐ GANGA TIL KOSNINGA Á NÆSTUNNI?

## Vill þrefalda laun þingmanna

„Ég segi nei við þessu,“ svarar Þórður Bragason atvinnurekandi. „Ég vil fá þessa ríkisstjórn í burtu en ég lít svo á að ég hafi enga betri kosti, það kæmi ekkert betra í staðinn. Ætti ég að kjósa hina stjórnmálaflokkana; stjórnarandstöðuna með Framsóknarflokknum? Nei, takk. Ég treysti þeim ekkert betur. Það er þá alveg eins gott að hafa þessa bjöllusauði eins og hina bjöllusauðina,“ segir hann.



**ÞÓRÐUR BRAGASON ATVINNUREKANDI.**

Þórður leggur til að laun alþingismanna verði hækkuð „um svona 300 prósent. Það mætti til dæmis gera með því að fækka alþingismönnum úr 63 í 21 til að vega upp á móti auknum kostnaði. Með þessu móti ættum við kost á því að fá hæfara fólk inn á þing því að ég veit að úti á atvinnumarkaðinum er fullt af hæfara fólki en er inni á þingi. Alþingismennirnir eru nú að vinna meira af hugsjón en hæfileikum þó að ég geri ekki lítið úr hugsjóninni,“ segir hann og kveðst sannfærður um að ný andlit komi fram með tímanum. „Ef það væri fullt af hæfileikaríku fólki á þingi og maður hefði raunverulega valkosti þá myndi ég segja: Já, kjósum strax!“

# Í vörn fyrir franskt úrvalsdeildarlið

**Hún hefur æft og keppt í fótbolta frá átta ára aldri, fyrst með Haukum og síðar með Þrótti. Nú er hún komin til Frakklands og farin að keppa með frönsku úrvalsdeildarliði. Hulda Jónsdóttir er 22ja ára fótboltakona sem flutti til Frakklands fyrir einu og hálfu ári til að læra arkitektúr og stunda boltann í leiðinni.**

„Ég fór út fyrir rúmu ári síðan til að læra arkitektúr. Ég er búin að æfa fótbolta síðan ég var átta ára og var að vonast til að ég myndi finna lið hér til að æfa með en þar sem fótbolti er ekki mjög áberandi hér í Frakklandi tók það mig smá tíma að finna lið. Í janúar í fyrra fann ég loksins gott fótboltalið sem er í frönsku úrvalsdeildinni og ég er búin að æfa með þeim síðan í janúar á þessu ári,“ segir Hulda Jónsdóttir, 22 ára varnarleikmaður hjá Vendenheim í Strassborg.

Hulda lét félagaskipti ekki fara fram strax því að hún var búin að lofa sjálfri sér að klára leiktímabilið á Íslandi í sumar. Félagaskiptin fóru fram í haust og nú er hún búin að spila tvo leiki með franska liðinu og strax komin í byrjunarliðið. Hulda segir að hópurinn sé þéttur og skemmtilegur og stelpurnar hafi tekið sér mjög vel strax frá upphafi.

„Liðinu er ekki búið að ganga neitt alltof vel. Liðið skipa sömu stelpur og í fyrra og við lentum í fimmta sæti í fyrra en nú erum við í neðsta sæti. Það er óróleiki í liðinu og vantar einbeitingu í hópinn. Það er búið að skipta tvisvar um þjálfara frá því í sumar og nú er verið að leita að þeim þriðja. Þetta hefur áhrif á andlegu hliðina og við erum að vinna í því núna,“ segir hún. „Það vantar í leikinn að við trúum því nógu mikið að þetta eigi eftir að ganga upp.“

Hulda segir að franski fótboltinn sé öðruvísi en sá íslenski og það hafi tekið sig smá tíma að komast inn í hann. Mikill munur sé á því hvernig íslenskir og franskir leikmenn spila. „Þær eru miklu „tekn-ískari“ en íslenskir leikmenn,“ segir hún. „Þjálfarann finnst æðislegt að fá mig í liðið því að ég er frekar grófur leikmaður, alveg réttu megin við línuna samt, og það vantar í fótboltann hérna úti og kannski alveg sérstaklega í okkar lið,“ segir hún.

Frá því að Hulda byrjaði að leika með Vendenheim hefur hún þó áttað sig á að hún þarf að draga úr hörkunni. „Ég hef orðið að breyta aðeins um leikstíl,“ útskýrir hún í viðtali við franska dagblaðið DNA. „Á Íslandi er miklu meira um stympingar. Í Frakklandi hrópa allir aðvörunarorð ef leikmaður tæklar.“ Hulda er á öðru ári í arkitektúr og klárar námið eftir eitt og hálft ár. Hún ætlar að halda náminu áfram og vonast til að geta tekið meistarapróf frá New York. Og svo ætlar hún auðvitað að halda áfram í fótboltanum.

ghs@frettabladid.is



**HRÓPA AÐVÖRUNARORÐ** „Á Íslandi er miklu meira um stympingar. Í Frakklandi hrópa allir aðvörunarorð ef leikmaður tæklar,“ segir Hulda Jónsdóttir um muninn á franski og íslenskri knattspyrnu. FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR EINKASAFNI



**EINU ÚTLENDINGARNIR** Hulda með félaga sínum, Kadidiu Diawara frá Malí, en þær tvær eru einu útlendingarnir í liðinu.


# Hitablásarar

Rafmagns-, olíu- og gasblásarar.
Fjöldi tegunda. Hagstætt verð.



**Reykjavík,** Klettháls 7
**Suðurnes,** Fuglavík 18
**Akureyri,** Furuvellir 15

Meiri gæði – Lægra verð – MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?

www.murbudin.is Sími 412 2500 - sala@murbudin.is



Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




VIKA 41

## DAGBÓK NÝRRA ÍSLENDINGA

Junphen Sriyoha:

### Áhyggjur af heimalandinu



„Ég hef nokkrar áhyggjur af ástandinu, það virðist vera að myndast nokkuð herskár hópur þarna og alls óvíst hvort þetta endi ekki með borgarastyrjöld,“ segir Junphen. Í heimalandi hennar, Taílandi, hafa verið sett neyðarlög en stjórnarandstæðingar hafa hertekið tvo flugvelli og talið er að valdarán hersins sé í uppsiglingu. „Reyndar þekki ég ekki marga í Bangkok, móðir mín býr í sveitarþorpi úti á landi en vissulega hefur það áhrif á allt landið ef ástandið versnar enn. Kannski skellur á mikill fólksflótti.“

En svo virðist sem Junphen sé komin í jólaskap jafnvel þó hún sé Búddatrúar. „Ég er farin að kaupa nokkrar jólagjafir, mér finnst alltaf voðalega gaman á jólunum og margir Tælendingar halda þau heilög enda eru margir giftir inn í íslenskar fjölskyldur. Ég fer þó líka í hof um jólin og biðst fyrir. Ég verð hins vegar ekki hér á landi um jólin þar sem ég ætla að bregða mér til Póllands ásamt kærasta mínum en hann er frá Póllandi. Þar ætla ég að vera í þrjár vikur og hafa það gott.“

Charlotte Ólöf Jónsdóttir Ferrier:

### Mótmælin áhugaverð



„Síðustu helgi eyddi ég að mestu í að búa til heimagerð jólakort handa vinum og ættingjum. Nokkrir vinir mínir komu í heimsókn og við unnum að þessum kortum fram á nótt. Þetta var í fyrsta skipti sem við búum til heimagerð jólakort en héðan í frá ætlum við að geta þetta saman fyrir hver jól. Á laugardaginn kíkti ég í bæinn og var hissa að sjá hvað það var mikið af fólki að mótmæla á Austurvelli. Ég veit að Íslendingar eru ekki mikið fyrir að mótmæla en þetta kom mér skemmtilega á óvart. Ég býst við að fara aftur næsta laugardag. Svo horfði ég á borgarafundinn í sjónvarpinu. Ég þurfti að biðja kærasta minn um að þýða það sem fram fór en mér þótti fundurinn mjög áhugaverður enda efast ég um að ráðherrar í Bretlandi myndu mæta á svona opna fundi. Í þessari viku ætla ég svo að halda þakkargjörðarhátíð með nokkrum vinum mínum. Veislan verður líka kveðjuparty fyrir enska vinkonu mína sem er að flytja frá Íslandi.“

Algirdas Slapikas:

### Í boði hjá Jóni og Bryndísi



„Það er nóg að gera hjá okkur í Félagi Litháa og Íslendinga, við erum nú í óða önn að vinna að heimasíðu,“ segir Algirdas. „En svo vorum við í boði hjá Bryndísi Schram sem hún hélt á heimili sínum í tilefni af útgáfu bókar sinnar. Það voru um hundrað manns þarna og verulega gaman. Ég notaði náttúrulega tækifærið og spjallaði aðeins við Jón Baldvin; við ræddum aðallega um ástandið í þjóðfélaginu.“

Spurður hvort Jón Baldvin sé þekktur í Litháen segir hann: „Auðvitað, hann var fyrstur manna til að viðurkenna sjálfstæði okkar á sínum tíma. Við Litháar gleymum ekki slíkum höfðingjum svo glatt.“

# RÓMAÐAR SKÁLDSÖGUR

„Ofboðslega vel skrifað.“
GERÐUR KRISTNÝ / MANNAMÁL, STÖÐ 2

„... er hagleikssmíði ... sérstaða [höfundarins] er hafin yfir allan vafa.“
HJALTI SNÆR ÆGISSON / VÍÐSJÁ, RÚV

„Himneskur stíll!“
HRAFN JÖKULSSON

„Guðmundi Andra hefur tekist að beita húmor til að skrifa um sígildan sannleika með fáguðum hætti.“
FRÍÐA BJÖRK INGVARSDÓTTIR, MORGUNBLAÐIÐ

„... fantavel skrifuð ...“
EIRÍKUR BERGMANN, www.eyjan.is

„Það er unun að lesa texta eftir Guðmund Andra.“
EGILL HELGASON / KILJAN, RÚV

„... skilur eftir ljúfa tilfinningu.“
KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN, RÚV




*Himneskur stíll!*

BÓKIN ER PRENTUÐ Á ÍSLANDI




„... skyldulesning.“ ★ ★ ★ ★
PÁLL BALDVIN BALDVINSSON, FRÉTTABLAÐIÐ

„Frásögnin grípur lesandann allt frá fyrstu síðu.“
SOFFÍA AUÐUR BIRGISDÓTTIR, MORGUNBLAÐIÐ

„Mjög vel skrifuð bók.“
KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR, KILJAN

„Æði!“
GURRÍ HARALDSDÓTTIR, gurrihar.blog.is

„Fersk efnistök ... skemmtileg flétta.“
SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON, MANNAMÁL

„GUÐRÚN EVA er einn af okkar bestu rithöfundum og verk hennar verðskulda að seljast í sömu bílförmum og auðmeltar glæpasögur.“
★ ★ ★ ★
ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON, DV

★ ★ ★ ★

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

# Frábær helgartilboð!



HANGILÆRI, ÚRB.

**1.949 kr/kg**

~~2.998~~ kr/kg

**35% afsláttur**



HANGIFRAMPARTUR, ÚRB.

**1.539 kr/kg**

~~2.199~~ kr/kg

**30% afsláttur**



HAMBORGARHRYGGUR

**1.264 kr/kg**

~~1.945~~ kr/kg

**35% afsláttur**



**25% afsláttur**

LÉTTREYKT KJÚKLINGABRINGA

**2.465 kr/kg**

~~3.287~~ kr/kg



ÍRSKAR SVÍNALUNDIR, 1kg

**999 kr/pk.**

www.markhonnun.is

TILBOÐIN GILDA 27. - 30. NÓVEMBER

Birt með fyrirvara um prentvillur.

netto

ALLAR VÖRUR FRÁ CASA
FIESTA Á 30% AFSLÆTTI
VIÐ KASSA

MEXÍKÓ
VEISLA!

30% afsláttur



40% afsláttur



NAUTALUND
**2.574 kr/kg**
~~4.290~~ kr/kg

CARAMEL SÚKKULAÐI 4 í pk.
**97 kr/pk.**
~~139~~ kr/pk.

30% afsláttur




CAPRI SÚKKULAÐIBITAR 200g
**95 kr/pk.**
~~189~~ kr/pk.

50% afsláttur




COOP APPELSÍNU- EÐA EPLASAFI
1l
**149 kr/stk.**
~~199~~ kr/stk.

25% afsláttur




GRÆN VÍNBER
**339 kr/kg**
~~677~~ kr/kg

50% afsláttur



Verið velkomin í Nettó
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík

**FBL-GREINING:** UPPRUNI NAFNS BORGARINNAR MUMBAI

# *Nafn borgarinnar rakið til gyðjuheitis*

Þessi forna og fjölmenna hafnarborg á norðvestanverðum Indlandsskaga er þekktust undir heitinu Bombay, sem er sá ritháttur sem varð ríkjandi eftir að Bretar náðu yfirráðum á þessum slóðum á 17. öld. Portúgalar voru fyrstu Evrópumennirnir sem komu sér upp bækistöð í borginni, en á portúgölsku heitir borgin Bombaim. Af því heiti er enska heitið dregið.

■ En elsta portúgalska heimildin fyrir nafni borgarinnar er frá árinu 1516. Þar er talað um Benamajambu eða Tena-Maiambu. Í portúgalskri orðsifjabók er þetta heiti rakið til Mumba-Devi, hindúagyðju sem staðurinn heitir eftir á Marathi, tungumáli heimamanna í þessum hluta Indlands. Á 16. öld hafi Portúgalar tíðkað að nota ritháttinn Mombaim en frá því um 1600 hafi Bombaim fest í sessi.

■ Hið maratíska nafn borgarinnar, Mumbai, var valið sem opinbert nafn í stað Bombay af yfirvöldum þar árið 1996. Á hindí, útbreiddasta tungumáli Indlands, og úrdú heitir borgin hins vegar eftir sem áður Bambai.

■ Útbreiddur misskilningur er að Bombay-nafnið eigi rætur sínar að rekja til „Góða flóa“ á portúgölsku, þar sem bom þýðir góður og baía flói á því máli. En samsett væri „góðiflói“ á réttri portúgölsku „boabaía“, ekki „bombaía“.



**TAJ-MAHAL-HÓTELIÐ Í MÚMBAI** Eftir hryðjuverkaárás á miðvikudag.


Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið


**FRÉTTASKÝRING:** Evran og Norðurlönd




**VIÐHORFSBREYTING** Sænskur andstæðingur evru-aðildar dreifir áróðri fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna í september 2003. Áhrif fjármálakreppunnar hafa nú orðið mörgum Svíum og Dönum tilefni til að endurskoða hug sinn til evrunnar. NORDICPHOTOS/AFP

# Aðdráttarafl evru eykst í Danmörku og Svíþjóð

**Það er víðar en á Íslandi sem áhrif alþjóðlegu fjármálakreppunnar eru að breyta viðhorfum fólks til evrunnar. Bæði í Danmörku og Svíþjóð sýna nýjustu skoðanakannanir að stuðningur við að ganga til liðs við evrusvæðið hefur stóraukist á síðustu vikum.**

Danir sömdu um undanþágu frá þátttöku í Efnahags- og myntbandalagi Evrópu (EMU) – og reyndar frá þremur öðrum þáttum ESB-samstarfsins – eftir að þeir felldu staðfestingu Maastricht-sáttmála Evrópusambandsins í þjóðaratkvæðagreiðslu árið 1992. Þeir kusu síðast árið 2000 um það hvort þeir ættu að falla frá þessari undanþágu, en 53,2 prósent danskra kjósenda valdi þá að gera það ekki. Þess í stað hafa dönsk stjórnvöld alveg frá því að evran varð að veruleika, fyrst sem bókfærslugjaldmiðill árið 1999 og síðan sem seðlar og mynt í umferð árið 2002, fylgt fastgengisstefnu gagnvart Evrópumyntinni (með vikmörkum). Reyndar hefur sú stefna gengið svo langt að Danir taka þátt í ERM II-fastgengiskerfi ESB, og hafa uppfyllt öll aðildarskilyrði myntbandalagsins þrátt fyrir undanþáguna.

Samkvæmt niðurstöðum viðhorfskönnunar sem Synovatestofnunin gerði og birt var í dagblaðinu Politiken í byrjun nóvember er stuðningur meðal Dana við að ganga alla leið inn í myntbandalagið kominn í 52 prósent. Aðeins hálfum mánuði áður mældist þessi stuðningur sjö prósentustigum minni. Í annarri könnun sem gerð var fyrir Danske Bank á tímabilinu 1.-17. nóvember mældist stuðningurinn við evru-aðild 44 prósent, en hlutfall þeirra sem vilja halda dönsku krónunni 37,8 prósent. Af þeim sem tóku afstöðu var stuðningurinn í þessari könnun þar með líka vel yfir helmingi aðspurðra.

## Gengis- og vaxtaórói

„Það virðist vera af völdum óróans í kring um dönsku krónuna, sem stuðningurinn við myntbandalagsaðild hefur aukist,“ skrifa aðalhagfræðingar Danske Bank, Steen Bocian og Tore Damgaard Stramer, í skýringum við niðurstöður könnunarinnar. Þeir leiða líkum að því að fjölmiðlaumræða um aukinn vaxtakostnað Dana af því að standa utan við evrusamstarfið hafi þau áhrif að æ fleiri Danir séu að komast á þá skoðun að réttast væri að ganga til liðs við það. Hagfræðingarnir slá þó þann varnagla, að þótt skoðanakannanir sýni nú gott forskot evru-sinna þá væri of snemmt að fullyrða nokkuð um hvort samþykki fengist við inngöngu í myntbandalagið ef ný þjóðaratkvæðagreiðsla yrði haldin fljótlega.

Þegar Írar höfnuðu staðfestingu Lissabon-sáttmálans svonefnda í þjóðaratkvæðagreiðslu í júní sagði danski forsætisráðherrann Anders Fogh Rasmussen að frysta yrði öll áform um að gefa Dönum færi á að kjósa á ný um ESB-undanþágurnar fjórar uns tekist hefði að finna lausn á því hvað yrði um þá uppfærslu á stofnana- og ákvarðanatökukerfi sambandsins sem stóð til að innleiða með hinum nýja sáttmála. Að sögn Politiken er það nú svo sársaukafullt fyrir danskt efnahagslíf að standa utan við evruna að svo virðist sem Fogh hafi breytt þessari afstöðu sinni. „Það er alveg hægt að halda þjóðaratkvæðagreiðslu (um undanþágurnar í Danmörku) án þess að öll aðildarríki ESB hafi lokið fullgildingu Lissabonsáttmálans,“ sagði Fogh Rasmussen á blaðamannafundi í Brussel 7. nóvember. En hann tók jafnframt fram að danska stjórnin hefði enn sem komið er ekki tekið neinar ákvarðanir þar að lútandi.

## Efnahagslegur og pólitískur kostnaður

Í úttekt sem danska alþjóðamálarannsóknastofnunin DIIS gerði fyrir danska þjóðþingið fyrr á árinu um þróun mála varðandi dönsku ESB-undanþágurnar síðan árið 2000 segir, að kostnaður dansks efnahagslífs við að standa utan evrusamstarfsins geti verið verulegur á óróleikatímum, en minni á stöðugleikatímum. Sá kostnaður felist helzt í hærri vöxtum og gengiskostnaði. Fyrir danska þjóðarhagsmuni muni hins vegar mestu um pólitíska kostnaðinn sem hlýzt af því að standa utan evru-samstarfsins, að mati sérfræðinga DIIS. Með því að eiga ekki aðild að samráði fjármálaráðherra evrusvæðisins, sem hittast jafnan á sérfundi fyrir mánaðarlega samráðsfundi svonefnds Ecofin-ráðs fjármálaráðherra allra hinna 27 ESB-ríkja séu Danir útilokaðir frá vettvangi fyrir efnahagspólitíska stefnumótun innan sambandsins, sem hefur reynzt verða æ mikilvægari á síðustu árum. Danskir fulltrúar séu líka útilokaðir frá samstarfi seðlabanka evru-landanna um stefnumótun í peningamálum, en peningamálastefna evru-svæðisins hefur bein áhrif á dönsku krónuna vegna fastgengisstefnunnar.

Flokkarnir átta sem eiga fulltrúa á danska þjóðþinginu eru klofnir í tvo hópa í afstöðunni til evru-aðildar. Þeir flokkar sem vilja hana, og njóta þar stuðnings margra forkólfa dansks atvinnulífs sem og verkalýðsfélaga, telja myntbandalagsaðild vera til þess fallna að veita dönsku efnahagslífi vernd á óróatímum sem þeim sem nú ríkja, og auka áhrif Dana innan ESB. Flokkarnir sem vilja halda í undanþáguna frá evrusamstarfinu óttast hins vegar það fullveldisframsal sem í því fælist.

## Minni hreyfing í Svíþjóð

Þetta síðastnefnda viðhorf er líka það sem hefur verið ríkjandi í Svíþjóð, allt frá því Svíar gengu í Evrópusambandið árið 1995. Þjóðaratkvæðagreiðsla var haldin um málið fyrir rúmum fimm árum, og reyndust þá 55 prósent landsmanna vilja halda tryggð við sænsku krónuna. Skoðanakönnun sem Synovate gerði fyrir Dagens Nyheter nú í nóvember sýndi mikla aukningu meðal evru-inngöngusinna. Frá því í síðustu könnun í maí uxu herbúðir þeirra um níu prósent, úr 35 í 44 prósent. En þrátt fyrir það mælast evru-andstæðingar enn fleiri, eða 48 prósent.

Þar sem meðal borgaraflokkanna fjögurra, sem setið hafa í stjórn í Svíþjóð síðan haustið 2006, er einn sem barðist gegn evru-aðild í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2003, hefur það ekki verið á dagskrá stjórnarinnar að beita sér fyrir nýrri atlögu að því að endurskoða afstöðu Svía til evrunnar. Ljóst er þó að verði áþreifanleg hreyfing á málinu í Danmörku mun sænska stjórnin telja það vera ærið tilefni til að skoða málið upp á nýtt.




FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

# OPIÐ

## ALLAN sólarhringinn

## ALLTAF í Skeifunni

24

Skeifan

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
642 **+0,73%**

**Fjöldi viðskipta:** 28
**Velta:** 33 milljónir

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| **ATORKA** | 78,00% |
| **BAKKAVÖR** | 1,66% |
| **MAREL** | 0,26% |

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **FØROYA BANKI** | 1,88% |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR:** 243,5 +0,25%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 3,82 +0,00% ... Atorka 0,89 +78,00% ... Bakkavör 2,45 +1,66% ... Eimskipafélagið 1,30 +0,00% ... Exista 4,62 +0,00% ... Icelandair Group 13,10 +0,00% ... Kaupþing 0,00 +0,00% ... Marel Food Systems 78,20 +0,26% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 7,08 +0,00% ... Össur 94,50 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Stjórnunarhættir hins opinbera

Í dag kynnir Viðskiptaráð Íslands leiðbeiningar um stjórnunarhætti opinberra fyrirtækja, 30 síðna rit sem unnið var og gefið út í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Kauphöll Íslands. Nokkrar fyrirmyndir eru að leiðbeiningum sem þessum, en í ritinu kemur fram að einkum hafi verið stuðst við sambærilegar leiðbeiningar Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), en á þeim bæjum hafa menn áttað sig á mikilvægi þess að efla stjórnarhætti opinberra fyrirtækja með það að markmiði að auka gagnsæi og trúverðugleika. Hér hefur ríkisstjórnin raunar ætlað sér í slíka vinnu, líkt og fram kemur í aðgerðaráætlun fjármálaráðuneytisins 2008 til 2010, þótt ekki sé vitað um afrakstur. Eins og mál hafa þróast með eignarhald á bönkunum hefði kannski betur verið farið fyrr af stað í þetta.



### Annars konar leiðbeiningar

Þótt ekki hafi skilað sér niðurstöður starfs fjármálaráðuneytisins hvað varðar góða stjórnunarhætti hins opinbera, er þó gleðiefni að í þessum mánuði kom út hjá ráðuneytinu bæklingur þar sem segja má að fjallað sé um skylt efni. Það er ritið „Einelti á vinnustað: Leiðbeiningar fyrir stjórnendur“. Árin 2006 og 2007 fór nefnilega fram viðamikil könnun á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna. Niðurstöður þeirrar könnunnar, sem voru birtar í fyrravor, leiddu meðal annars í ljós að 17 prósent ríkisstarfsmanna töldu sig hafa orðið fyrir einelti, þar af tíu prósent oftar en einu sinni. „Þessar tölur voru hærri en áætlað var út frá almennum viðmiðunartölum. Í ljósi niðurstaðna var farið í markvissa eineltisfræðslu,“ segir á vef fjármálaráðuneytisins, en fyrripart þessa árs var gerð könnun til að meta tíðni eineltis innan ríkisstofnana á vegum þess.

## Söguleg lækkun fasteignaverðs

Í september var mesta lækkun fasteignaverðs í Bandaríkjunum í tvo áratugi.

Verð í tíu stærstu borgum landsins, samkvæmt Case-Schiller vísitölunni lækkaði um 18,6 prósent miðað við sama tíma í fyrra.

Athygli vekur að verðlækkunin í september var hraðari en undanfarna mánuði, eða 1,9 prósent. Samkvæmt opinberum tölum Húsnæðisstofnunar Bandaríkjanna hefur lækkunin milli mánaða ekki verið meiri síðan mælingar hófust árið 1991. Hagfræðingar telja að fasteignaverð geti enn lækkað um 40 prósent og nái hugsanlega ekki botni fyrr en á þriðja ársfjórðungi 2009.

**- msh**

# Exista fer úr hagnaði í mikið tap

**Tap Exista á þriðja ársfjórðungi nemur 87,8 milljónum evra. Níu mánaða tap nemur 170 milljónum evra, á móti tæplega 870 milljóna evra hagnaði í fyrra.**

Exista tapaði 87,8 milljónum evra á þriðja ársfjórðungi. Þetta jafngildir 12,8 milljörðum króna miðað við gengi krónu gagnvart evru í lok september. Niðurstaðan er talsverður viðsnúningur til hins verra frá í fyrra þegar hagnaðurinn nam 7,4 milljónum evra.

Tap á fyrstu níu mánuðum ársins nemur 170 milljónum evra samanborið við 869,5 milljóna hagnað í fyrra. Heildareignir Existu voru 6.276 milljónir evra í lok september og höfðu lækkað um 1.735 milljónir frá áramótum.

Í enda fjórðungsins hafði félagið tryggt lausafé til að mæta endurfjármögnun sinni til eins árs.

Á þeim tíma sem uppgjörið nú nær yfir var Exista stærsti hluthafi Kaupþings. Þegar bresk fjármálayfirvöld tóku yfir rekstur dótturfélags Kaupþings í Bretlandi í byrjun október og við ríkisvæðingu innlendrar starfsemi varð hún að engu. Í kjölfarið seldi Exista kjarnaeignir, stóra hluti í finnska fjármálafélaginu Sampo og Storebrand auk þess sem bræðurnir Ágúst og Lýður Guðmundssynir keyptu Bakkavör út úr rekstrinum. Þá var samþykkt á hluthafafundi fyrir mánuði að afskrá félagið. Hlutabréf þess verða tekin úr viðskiptum eftir lokun viðskipta í Kauphöllinni 12. desember næstkomandi.

**- jab**



**STJÓRNENDUR EXISTU** Mikil uppstokkun varð á eignasafni Existu eftir ríkisvæðingu Kaupþings fyrir tæpum tveimur mánuðum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# Fyrirbyggja þarf fjármagnsflótta

**Krónunni verður líkast til fleytt á næstu dögum. Árangur ræðst af því hversu vel gengur að koma í veg fyrir innlendan fjármagnsflótta. Vantrú er eðlileg.**

„Fleyting krónunnar veltur öðru fremur á því hve vel landsmenn treysta gjaldmiðli sínum og öryggi fjármálakerfisins og hvort hægt verði að koma í veg fyrir fjármagnsflótta,“ segir Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings.

Ásgeir segir erlenda stöðutöku í krónum hafa minnkað stórlega í kjölfar gjaldþrots bankanna þar sem framvirkir samningar sem stóðu að baki stórum hluta af krónubréfaútgáfunni séu fastir í þrotabúunum og jafnist þar út.

Greiningardeild Glitnis bendir á í Morgunkorni sínu í gær, að viðskipti á millibankamarkaði með gjaldeyri hafi legið niðri frá í október þegar bankarnir hrundu.

Greiningardeild Kaupþings segir í nýrri spá sinni krónunni verða fleytt á næstu dögum. Stöður útlendinga séu að mestu bundnar í ríkis- og innistæðum bréfum upp á 350 til 450 milljarða króna. Erfitt sé að gera sér grein fyrir því með hvaða hraði þessar stöður verði leystar út þegar krónan verði sett á flot. Það kunni að draga gengi krónunnar niður í fyrstu. Þegar stöðutökur útlendinga hafi verið hreinsaðar út muni afgangur af utanríkisviðskiptum styðja við gengið síðar á þessu ári sem skili sér í sæmilegri styrkingu fram yfir næsta ár.

Ásgeir segir þó vel geta verið að erlendir fjárfestar haldi í bréf sín fram að gjalddaga þeirra ef þeir treysta fjárhagslegri stöðu ríkissjóðs þar sem þeir gætu þurft að taka á sig afföll af sölu þeirra. Árangurinn við fleytingu krónunnar veltur á því hvort hægt sé að koma í veg fyrir að innlendur fjármagnsflótti magnist upp. „Aðkoma Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, aukinn gjaldeyrisforði og hækkun vaxta veitir vitaskuld töluverðan stuðning. Út frá þeim þáttum einum eru yfirgnæfandi líkur á því að fleytingin gangi vel. Hins vegar snýst málið um það hve samstiga landsmenn eru í því að byggja upp traust á nýju og endurreistu bankakerfi og hrinda í framkvæmd sameiginlegri stöðugleikaáætlun íslenska ríkisins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins,“ segir Ásgeir og bætir við að næsta eðlilegt sé að fólk missi trú á bankakerfi þegar það hrynur í einni svipan.

„Þegar bankarnir hrundu urðu þeir fyrir miklum trúverðugleikabresti. Nú ríður á að treysta hann á ný,“ segir Ásgeir og bendir á að fleytingin sé því að miklu leyti pólitískt mál.

**jab@markadurinn.is**



**ÁSGEIR JÓNSSON** Forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings segir mikilvægt að íslenskir fjárfestar haldi í krónur sínar. MARKAÐURINN/RÓBERT

## Bíða þess að ryk setjist

„Reksturinn er í óvissu. Við munum skoða málin þegar rykið sest,“ segir Gunnar Sigurðsson, forstjóri Baugs Group. Félagið á um tíu prósenta hlut í móðurfélagi bresku verslanakeðjunnar Woolworths en stjórnendur hennar og stærstu hluthafar óskuðu eftir greiðslustöðvun smásöluhlutans í fyrrinótt þegar viðræður um sölu hans fuku út í veður og vind.

Gunnar bendir á að Baugur hafi síðastliðna átján mánuði þrýst á um skiptingu verslunarinnar í smásölu- og heildsöluhluta. Baugur bauð í sumar 50 milljónir punda í smásöluhlutann með það fyrir augum að snúa rekstrinum við. Tilboðinu var vísað út af borðinu í ágúst. Þá gerði Hilco, félag sem sérhæfir sig í viðsnúningi verslana, tilboð í sama hluta fyrir nokkrum dögum. Boðið hljóðaði upp á eitt pund ásamt yfirtöku skulda upp á 385 milljónir punda.

Forstjóri Baugs segir stjórnendur Woolworths hafa brugðist of seint við tilboði Hilco og ekki getað forðað þeim hluta rekstrarins sem fór í þrot frá örlögum sínum. Of lengi hafi verið haldið í vonina um að hægt væri að bæta reksturinn, svo sem með forstjóraskiptum. „Það hefði þurft svipuð handbrögð og við beittum á Big Food Group á sínum tíma,“ segir Gunnar.

Eftir kaup Baugs á félaginu 2005 var því skipt upp í félög á borð við Booker og frystivörukeðjuna Iceland og nýir stjórnendur settir yfir þau.

Booker-hlutinn var seldur í júní en Iceland hefur verið nefnt gullkálfur eigenda sinna, svo góð er afkoman. „Við sögðum þeim hjá Woolworths að í því formi sem reksturinn væri yrði mjög erfitt að snúa félaginu við,“ segir forstjóri Baugs.

**- jab**

# BAÐ INNRÉTTINGAR NOSTALGIA

til afgreiðslu af lager



CM-2204 Handlaugarskápur 80x50 sm
Hliðarskápur 66x40x170 sm
Settið kr. **233.400,-**



CM-2202W Settið kr. **255.400,-**
Handlaugarskápur 108x58 sm
Hliðarskápur 55x40x170 sm



CM-2219 Handlaugarskápur 90x50 sm
Hliðarskápur 55x40x170 sm
Settið kr. **171.400,-**



CM-2218 Handlaugarskápur 80x48 sm
Hliðarskápur 33x25x90 sm
Settið kr. **131.400,-**



A-840 Gegnheil hnota
72 breidd x 60 dýpt
Settið kr. **163.900,-**

FJÓRAR STÆRÐIR

CT-95
Handlaug+borð 95x50 sm
Settið kr. **89.700,-**

CT-85
Handlaug+borð 85x50 sm
Settið kr. **76.700,-**

CT-75
Handlaug+borð 75x50 sm
Settið kr. **69.700,-**

CT-55
Handlaug+borð 55x50 sm
Settið kr. **59.700,-**



INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

**www.i-t.is**

Opið virka daga frá kl. 09-18 laugardaga kl. 11 - 15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Tímabært samráð í eldfimri stöðu:

## Nýtt skref

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Formenn stjórnarflokkanna hafa kallað til formlegra samtala við stærstu samtök launþega og atvinnufyrirtækja í landinu. Líta verður svo á að í þessu nýja skrefi felist ákvörðun um að leita eftir víðtækri samstöðu um stærstu viðfangsefni næstu missera. Í eldfimri stöðu var það tímabært.

Forysta Alþýðusambandsins hóf leikinn af sinni hálfu með kröfum um afsögn tiltekinna ráðherra. Með sanni verður ekki sagt að upphafsleikurinn sé hefðbundinn. Ríkisstjórnin má hins vegar ekki láta það setja sig út af laginu. Flestir skilja að forystumenn hennar láta ekki viðmælendur sína ákveða ráðherraskipan.

Hitt er annað mál að óvenjulegar aðstæður kalla á óhefðbundnar ákvarðanir. Í því ljósi gæti á næstu vikum verið hyggilegt af ríkisstjórnarforystunni að stokka upp og kalla nýja menn til að takast á við ný viðfangsefni. Það gæti verið til marks um staðfestu að baki áformum um að ná breiðri samstöðu um þau tröllauknu viðfangsefni sem glíma þarf við á næstunni. Traust á því sem koma skal skiptir einfaldlega meira máli en dómar um ábyrgð á því liðna.

Umfram allt annað er ljóst að endurreisa þarf traust á yfirstjórn peningamálanna. Að formi til er að vísu nóg að það traust byggist á afstöðu veitingavaldsins eins og sér. Í raunveruleikanum þarf sú afstaða hins vegar að njóta trausts í samfélaginu og á erlendum mörkuðum. Það verkefni verður ríkisstjórnin að leysa hratt.

Nái aðilar vinnumarkaðarins saman sín á milli um tillögugerð gagnvart stjórnvöldum eru meiri líkur á að leitin að samstöðu beri árangur. Engin umræðuefni má útiloka fyrirfram. Á endanum þurfa þó allir að vera fúsir að gefa eftir. Hins vegar má samstarfið ekki lenda í útideyfu málamiðlana. Það kemur fljótt í ljós hvort samtölin byggja á slíkri hugsun eða ekki.

Kjarni málsins er sá að ekki má dragast í margar vikur fram á næsta ár að varða þær leiðir sem ganga á eftir. Þróun kjaramálanna er eitt af lykilatriðunum. Þegar af þeirri ástæðu er samráðið brýnt. En það eru önnur stór viðfangsefni sem rétt er að leita eftir víðtækri samstöðu um.

Menn vitna gjarnan til þess að þjóðarbúskapurinn standi á traustum undirstöðum. Þær verða hins vegar ekki hagnýttar til viðspyrnu og nýrrar verðmætasköpunar meðan viðskiptabankar ríkisins og atvinnufyrirtækin njóta einskis lánstrausts erlendis. Jafnvel orkufyrirtækin eru lömuð til nýrrar sóknar. Þetta er veruleiki. Honum þarf að breyta. Það er viðfangsefni næstu vikna. Það kallar á samstöðu.

Sama má segja um ríkisfjármálapólitíkina fyrir næstu ár. Vandi þeirra sem lenda í mestum þrengingum með húsnæðislán getur trúlega orðið heitasta viðfangsefni þess samráðs sem nú er leitað. Evrópumálin eru á hinn veginn stærsta og hugsanlega um leið umræðufrekasta málið sem endurreisnin snýst um.

Benedikt Jóhannesson, ritstjóri Vísbendingar, hefur hvatt stjórnarflokkana til að lýsa því yfir að þeir hyggist starfa saman uns spurningin um Evrópusambandsaðildina er til lykta leidd. Það ákall fær örugglega góðan hljómgrunn. Trúin á framtíðina gæti styrkst í réttu hlutfalli við skjót viðbrögð við því. Það er því eðlilegt að sú spurning verði á dagskrá þess mikilvæga samráðs sem ríkisstjórnin gengur nú til við forystumenn launafólks og atvinnulífs.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf.

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



Nýtt sölugallerý

Vönduð olíumálverk á ótrúlegu verði.

Verið velkomin



Art2b

Rauðarárstígur 6
Sími: 567-7888
www.art2b.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Sótt að dómsmálaráðherra

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hefur síður en svo farið varhluta af reiðinni í samfélaginu síðustu daga, það má glögglega sjá á bloggsíðu hans. Fyrst segir hann frá framíkalli Steingríms J. Sigfússonar áður en hann stóð ögrandi andspænis Birni en fór svo að forsætisráðherra og klappaði karlmennskulega á öxl hans. Aðförin er öllu verri á vefnum aftaka.org en þar er Birni lýst svo „... rasista og valdníðings, auk sérsveitarhvolpana hans, sem hlakkar í þegar þeim leyfist að leika sér með piparúða og önnur vopn." Að sjálfsögðu gera höfundar ekki grein fyrir sér svo hægt sé að sjá hverjir standi fyrir svo ómálefnalegri umræðu.



### Ljótar konur og orðljótir karlar

Fyrrverandi þingmaður varð hneykslaður á framgöngu Steingríms og skrifaði til Björns: „Maður horfði orðlaus á framkomu SJS í þinginu í fréttatíma sjónvarps í kvöld. Held að annað eins hafi aldrei gerst í sölum Alþingis. Hvernig skyldi standa á því að til forystu í flokkunum lengst til vinstri, Alþýðubandalagi og svo VG veljast ævinlega orðljótustu menn sem náð hafa kosningu á Alþingi. Skrítið."

Ef heimsmynd þessa þingmanns og síðan Berlusconis væri skeytt saman væri útlitið ekki gott á vinstri væng stjórnmálanna; ljótar konur og orðljótir karlar.

### Þúfa að velta ráðherra

Menn velta því fyrir sér hvers vegna Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, leggur svo mikið upp úr því að Björgvin G. Sigurðsson fylgi með í þeirri tiltekt sem hann hvetur ríkisstjórnina í. Einir segja eðlilegt að ráðherra bankamála fái að fjúka en aðrir telja að þarna sé þúfa innan úr Samfylkingunni að reyna að velta þungu hlassi.



jse@frettabladid.is

## SPOTTIÐ




# Úrræði í peningamálum



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

Í DAG | Efnahagsmál

Reiði almennings vegna kreppunnar er skiljanleg. En því má ekki gleyma, að hún er alþjóðleg lánsfjárkreppa, sem bitnar ekki aðeins á Íslendingum. Víða annars staðar riða bankar til falls, fyrirtæki komast í þrot, fólk missir vinnuna. Við urðum harðar úti en aðrir af tveimur ástæðum.

Í fyrsta lagi kom í ljós kerfisgalli á EES-samningnum. Samkvæmt honum var allt EES-svæðið eitt markaðssvæði, svo að ekki átti að skipta máli, hvar fyrirtæki hefði bækistöð. Þetta nýttu íslensku bankarnir sér, stórfuðu víða og stækkuðu ört. En ekki voru gerðar fullnægjandi ráðstafanir á svæðinu til að tryggja þeim lausafé. Þegar á reyndi, neituðu seðlabankar á EES-svæðinu að hlaupa undir bagga. Bankarnir voru of stórir fyrir Ísland, þótt þeir væru það ekki fyrir EES-svæðið.

Í öðru lagi kom Gordon Brown, forsætisráðherra Breta, tveimur íslensku bankanna á kné, þegar hann stöðvaði starfsemi þeirra í Bretlandi og setti fjármálaráðuneytið íslenska og seðlabankann á opinberan lista um hryðjuverkasamtök. Hann neytti síðan með aðstoð ESB aflsmunar í því skyni að flytja stórkostlegar skuldir einkaaðila yfir á herðar íslensks almennings. Þegar bandarísk fjármálafyrirtæki gerðu hið sama og hann sakaði íslensku bankana um, höfðust bresk stjórnvöld hins vegar ekki að.

Með því að gagnrýna Davíð Oddsson seðlabankastjóra er verið að hengja bakara fyrir smið. Hann hefur síðan 2006 varað við vexti bankanna án þess að gerðar væru fullnægjandi ráðstafanir til að tryggja þeim lausafé. Til eru næg gögn um þetta, þótt eðli málsins samkvæmt gæti Davíð ekki rætt málið opinberlega. Eflaust fóru bankarnir líka stundum að með kappi fremur en forsjá.

Deila má um, hvort það skipulag peningamála, verðbólgumarkmið og sveigjanlegt gengi, sem staðið hefur frá 2000, hafi verið heppilegt. En hvers vegna hafa aðrar þjóðir, sem bjuggu við sama skipulag, ekki orðið eins hart úti? Og hefði útlánaþensla bankanna orðið minni, hefðum við notað evru og nýtt okkur lága vexti á evrusvæðinu? Hvað sem því líður, hefur verðfall krónunnar komið þeim skilaboðum til okkar, að við verðum að spara og kaupa frekar innlenda vöru en innflutta. Hefðum við notað evru nú, hefðu þessi skilaboð ekki borist.

Ég hafna þeirri nauðhyggju, að nú sé aðeins tveggja kosta völ, að halda í krónuna og standa utan ESB eða taka upp evru og ganga í ESB. Til eru minnsta kosti fjórir aðrir kostir í peningamálum. Einn er danska leiðin, að festa krónuna við evru. Önnur er leið Svartfjallalands, að nota evru án þess að spyrja kóng né prest. Þriðja leiðin er myntslátturáð, eins og notað er í Hong Kong. Þá myndi íslenski seðlabankinn gefa út krónur í hlutfalli við forða sinn af þeim gjaldmiðli, sem miðað er við (til dæmis evru eða dal).

Fjórði kosturinn er að leyfa fólki að velja um þann gjaldmiðil, sem mikilvægir samningar eru gerðir í. Raunar hafa Íslendingar lengi búið við slíkt kerfi, því að þeir hafa gert alla mikilvæga samninga sína í öðrum gjaldmiðli, verðtryggðri krónu, en notað venjulega krónu til að greiða í stöðumæla. Þessi kosti þarf alla að skoða með hagsmuni íslensku þjóðarinnar fyrir augum.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* ALLT OG SÉRBLÖÐ: Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

NÝJUNG FRÁ BENSÍNORKUNNI

# Nýr Orkulykill




FÁÐU ÞÉR ÖRSMÁAN LYKIL AÐ MIKLU MEIRI SPARNAÐI

DYNAMO REYKJAVÍK

**5 króna afsláttur**
þegar þú notar Orkulykilinn í fyrsta sinn!

**Alltaf 2 króna afsláttur**
af dæluverði Bensínorkunnar sem kannanir sýna að er lægra en hjá öðrum aftur og aftur og enn aftur!

**5 króna afsláttur**
á Ofurdögum Bensínorkunnar. Það er óþarfi að bíða eftir afmælisdeginum þínum.




**Vertu með og veldu sparnað.** Pantaðu nýja Orkulykilinn á **www.orkan.is** eða í síma **533 5123** og við sendum hann um hæl þér að kostnaðarlausu með innbyggðum **2 króna** afslætti og **5 króna** afslætti við fyrstu áfyllingu og á Ofurdögum Bensínorkunnar. **Vertu bleikari og fáðu ódýrara eldsneyti!**

Byrjaðu sparnaðinn á www.**orkan.is**

Á Ofurdögum gilda ekki aðrir afslættir. Viðskiptavinur fær ávallt þann afslátt sem hagstæðastur er hverju sinni.

ORKAN BENSÍN
SPÁÐU Í HVAÐ ÞÚ SPARAR!

LAUGARDAGUR 29. NÓVEMBER 2008

LESBÓK

Lofandi laugardagur




Jón Baldvin Hannibalsson

Á Nýja Íslandi býr vonsvikin þjóð í leit að sjálfri sér

Steinar Bragi
Að tengjast kven-hataranum í sér

Nýr krimmi frá Ævari Erni
Lestu kafla úr nýjustu bók hans, sem gerist á dögum fjármálahrunsins á Íslandi






Njóttu laugardagsins til fulls. Tryggðu þér áskrift á mbl.is/askrift eða í síma 569 1122

Morgunblaðið

# *Lausn undan verðtryggingu*

**UMRÆÐAN**

Skúli Helgason skrifar um evru


SKÚLI HELGASON

Mikil umræða á sér nú stað í samfélaginu um verðtryggingu og mögulegt afnám hennar. Fólk með verðtryggð húsnæðislán, yfirdráttarlán eða bílalán er skiljanlega mjög uggandi um sinn hag vegna mikillar verðbólgu, sem fyrirsjáanlegt er að verði í tveggja stafa tölu langt fram á næsta ár. Ýmsir hafa kallað eftir afnámi verðtryggingar, eins og þar sé um að ræða tæra töfralausn.

Nauðsynlegt er að benda á þá staðreynd að sú hugmynd er jafn óraunhæf og hugmyndir um afnám tekjuskatts. Það eru tvær hliðar á hverjum verðtryggðum krónupeningi, þeir sem skulda og þeir sem lána. Ef verðtrygging er afnumin á lánum þá tapar lánveitandinn meðan skuldarinn hagnast. Slík aðgerð samsvarar riftun samnings, milli skuldara og lánveitanda. Rétt eins og afnám tekjuskatts myndi þýða mikið tekjutap fyrir ríkissjóð og niðurskurð á framlögum til almannaþjónustunnar, þýðir afnám verðtryggingar mikið tekjutap fyrir lánveitendur, jafnt lífeyrissjóði sem geyma eign almennings og aðra. Afnám verðtryggingar hljómar vissulega vel í eyrum þeirra sem skulda verðtryggð lán en henni myndi fylgja slíkt uppnám og eignaupptaka að afleiðingarnar yrðu ófyrirsjáanlegar fyrir samfélagið. Fyrir ríkissjóð yrðu afleiðingarnar reyndar fyrirsjáanlegar en áætlað er að kostnaður ríkissjóðs og þar með almennings vegna niðurfellingar verðtryggingar á tímabilinu júní 2008 til júní 2009 yrði 180-200 milljarðar króna. Slíkt myndi fela í sér lántöku og aukna skattheimtu á komandi árum.

Ekki er þó öll nótt úti fyrir almenning. Við eigum skýran og raunhæfan kost ef við viljum losna við verðtrygginguna og hún felst í inngöngu í Evrópusambandið og upptöku evru. Með því móti myndu skapast forsendur fyrir því að færa öll íbúðalán úr krónum í evrur og í framhaldinu myndi verðtryggingin lognast út af og hverfa úr kerfinu. Verðtryggingin er í eðli sínu skattur sem lánveitendur leggja á skuldara til að verja sig fyrir því óöryggi sem fylgir óstöðugri mynt eins og krónan sannarlega er. Slíkur skattur er óþarfur þegar um er að ræða stöðuga mynt eins og evruna, enda þekkist hún ekki í samfélögum með stöðugan gjaldmiðil

Með ríkisvæðingu viðskiptabankanna hefur opnast sú leið að færa öll íbúðalán bankanna til Íbúðalánasjóðs og með þeirri breytingu yrði framkvæmd á skuldbreytingu íbúðalána mun einfaldari fyrir vikið. Framkvæmdin yrði með þeim hætti að Íbúðalánasjóður myndi bjóða öllum kröfuhöfum að breyta kröfum sínum úr krónu skuldabréfum í evru skuldabréf og í kjölfarið yrði lánþegum sjóðsins, almenningi, boðið að breyta sínum lánum til samræmis. Nú hafa í fyrsta sinn skapast pólitískar forsendur fyrir inngöngu Íslands í Evrópusambandið og upptöku evru. Sjálfstæðisflokkur (og reyndar Framsóknarflokkur líka) hefur ákveðið að taka Evrópustefnu sína til endurskoðunar og niðurstaða mun liggja fyrir innan tíu vikna. Ef niðurstaðan verður jákvæð hafa skapast forsendur fyrir því að tekin verði ákvörðun um að hefja aðildarviðræður við ESB á fyrri hluta næsta árs. Forsvarsmenn ESB, þeirra á meðal stækkunarstjóri sambandsins, hafa gert því skóna að aðildarferlið kynni að taka 4-5 ár. Góðar líkur eru á því að hægt væri að komast í stöðugra umhverfi enn fyrr, með aðild að myntskiptikerfinu, ERM II, sem í reynd er forstofan að myntbandalaginu. Bjartsýnismenn telja að við gætum verið komin í ERM II innan tveggja ára.

Í millitíðinni er mikilvægt að íslensk stjórnvöld bjóði almenningi greiðsluaðlögun vegna húsnæðislána og að því er einmitt unnið núna á vegum ríkisstjórnarinnar. Ný lög um greiðslujöfnun munu lækka greiðslubyrði lánþega íbúðalána um 10-20% á næstu tólf mánuðum. Því til viðbótar þarf að þróa úrræði fyrir þá hópa sem dugar ekki slík greiðslujöfnun. Þar er mikilvægt að bjóða sveigjanlega greiðsluaðlögun t.d. til 5 ára fyrir fólk sem hefur orðið fyrir verulegum fjárhagslegum skakkaföllum án þess að hafa nokkuð til þess unnið og getur ekki staðið undir greiðslubyrði verðtryggðra húsnæðislána. Til greina kemur að lengja í lánum, veita greiðslufresti eða fella niður kröfur að hluta til að létta greiðslubyrðina meðan á þessu tímabili stendur.

Af framansögðu má vera ljóst að almenningur getur gert sér vonir um bjartari tíð án verðtryggingar innan fárra ára. Ef pólitískur meirihluti skapast fyrir inngöngu í Evrópusambandið í byrjun febrúar eru líkur á að verðtryggingin verði komin á sinn rétta stað innan 5 ára, þ.e. í sögubækurnar, sem tákn þess glórulausa gjalds sem fámenn þjóð í Norðurhöfum þurfti að greiða fyrir sjálfstæða mynt í hnattvæddum heimi.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Samfylkingarinnar.*

# Merkileg bók um listamann

**UMRÆÐAN**

Ari Trausti Guðmundsson skrifar um Elías B. Halldórsson


ARI TRAUSTI GUÐMUNDSSON

Myndlist í samfélagi eins og því íslenska hefur löngum verið snortin af óskrifuðum boðum og bönnum, jafnvel tískusveiflum, þó svo hugtakið tíska nái ekki vel til þess ástands sem hampar einni eða fleiri listastefnum en sneiðir hjá eða hafnar öðrum. Þannig hafa gengið yfir tímabil þar sem margir agnúuðust út í afstrakt sem „óæðri list“ meðan aðrir litu á hlutbundna myndlist sem „gamaldags drasl“ og konseptlist var „inni“ en máverk „úti“. Eins og ekkert væri sjálfsagðara. Mörg undanfarin ár hafa æ fleiri hafnað slíkum dilkadrætti og horft til fjölbreytni í myndlist og gæða (á margvíslegan mælikvarða) fremur en tilteknar skólastefnur eða hópmyndanir. Sumir vilja kenna þetta (eða þakka) svoköllum póstmódernisma. Mér er nær að halda að töluverðu almennu frjálslyndi, aukinni víðsýni vegna meiri ferðalaga en áður og höfnun kennisetninga í listum sé um að kenna (eða þakka).

Engu að síður eimir enn eftir af stimplunum sem úthlutað var í gömlu umræðunni. Eitt einkenna hennar var að þar komu örfáir sérfræðingar við sögu ásamt mun fleiri listamönnum sem deildu allt of hart. Smám saman varð til mynstur sem erfitt er að horfa fram hjá, hvað þá brjóta upp. Einhverjir urðu „gömlu meistararnir“, aðrir „brautryðjendur afstraktsins“, „alþýðulistamenn“ eða „upphafsmenn konseptsins“. Í sjálfu sér er ekki rangt að setja merkimiða á listamenn. Það er háttur umræðu um stjórnmál, heimspeki eða listir. En það er ófrjótt og getur verið afar hemjandi. Og meira til: Mikil hætta er á að til dæmist aldnir meistarar málverksins komist ekki í lokaða „gamalmeistaraflokkinn“ eða menn sem ekki fylgja meginstraumnum verði leiddir fram hjá garði, eins þótt þeir gefi einum eða öðrum í einhverjum flokknum alls ekki eftir. Sýning á verkum margra útilegumanna (frá því fyrir 1950) í Listasafni Íslands fyrir fáeinum árum, ýtti við stirðnaða mynstrinu. Með þessum inngangi er ég til dæmis að ýja að með nokkrum rétti að margar mynda Kristins Péturssonar gefi myndum listamanna á borð við Snorra Arinbjarnar ekki eftir eða að bestu verk Brynjólfs Þórðarsonar, þrátt fyrir fremur skamma ævi, ættu að geta fleytt honum í hóp „gamalla meistara“. Þarna held ég mig við 20. öldina fram að upphafsárum SÚM og fleiri stefnuhópa sem komu fram á síðustu áratugum aldarinnar.

Elías B. Halldórsson myndlistarmaður hefði orðið 78 ára nú í desember en hann lést í maí í fyrra. Hann hóf myndlistarnám fremur seint á ævinni. Eftir námið hér heima, í Danmörku og Þýskalandi, og krefjandi íslenskt launamannslíf, gat hann helgað sig myndlist en í helst til of stuttan tíma. Afkastamikill var hann en seinkoman í listalífið og tryggð hans við grafík, kröftugt afstrakt og sérstæðar þorpsmyndir gerði honum erfitt fyrir þegar listheimurinn varð mjög upptekinn af næstu nýjungum. Þá var víðsýnin ekki orðin almenn. Hann var ekki aðeins vandaður listamaður sem eyddi tíma sínum helst til vinnu heldur einnig lítið fyrir að trana sér fram eða taka þátt í takmörkuðum og oft einstefndum umræðum um myndlist. Ég tel að Elías eigi að tilheyra hópi helstu listamanna okkar af kynslóð Hrings, Braga og fleiri og þá á árabilinu u.þ.b. 1970 til 2007. Til þess að skjóta stoðum undir þá fullyrðingu bendi ég á nýútkomna og afar fallega bók um Elías með mörgum ljósmyndum af verkum hans og texta Aðalsteins Ingólfssonar (Elías B. Halldórsson, Uppheimar 2008). Afstraktmyndir Elíasar bera mjög greinileg sérkenni málarans og þær eru ýmsar hverjar sérstök og höfug litaupplifun. Þorpsmyndirnar hafa á sér sterkan íslenskan blæ en eru um leið margar á mörkum þess hlutbundna. Grafík Elíasar, það vanmetna myndlistarform á Íslandi, er nokkuð einstæð á tímum þegar fáir íslenskir listamenn fengust við slíkt, jafnvel ágeng eða erótísk. Útgáfa listaverkabóka hefur heldur vænkast og er það vel. Bækur með verkum fleiri listamanna sem kynna þarf miklu betur og meta að verðleikum eru eflaust á meðal hinna óútkomnu.

*Höfundur er jarðvísindamaður og rithöfundur.*



**MÁLVERK** færeyska málarans Bárðar Jákupssonar verða til sýnis í Gallerí Fold um helgina en sýningunni lýkur eftir það. Opið er á morgun frá klukkan 11.00 til 16.00 og á sunnudaginn frá klukkan 14.00 til 16.00.



FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447





Jólahlaðborð Perlunnar

20. nóvember - 30. desember

Lifandi tónlist: *Þrjár raddir* alla fimmtudaga og sunnudaga, *Þórir Baldurs og Óli Sveinn Jónsson* alla föstudaga og laugardaga.

Verð 7.250 kr.

*Tilboð mánudaga-miðvikudaga*

*6.250 kr.*

23. des. Skötu- og jólahlaðborð í hádeginu

1. jan. Nýárskvöldverður Perlunnar

6. jan. Þrettándakvöld í Perlunni
*Sannkölluð þrettándastemmning!*
*Flugeldar og „Allt í steik“ seðillinn!*

Hringbrot

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is




Finnbogi ljósmyndari fær ráðleggingar hjá Friðriki V. við val á saltfiski í réttinn góða, en þeir unnu ásamt Júlíusi Júlíussyni að matreiðslubókinni Meistarinn og áhugamaðurinn. MYND/FINNBOGI MARINÓSSON

# Tók fiskinn loks í sátt

**Finnbogi Marinósson ljósmyndari segist hafa lært að meta fisk sem veislukost eftir vinnu sína við matreiðslubókina Meistarinn og áhugamaðurinn. Áður pantaði hann aldrei fisk á matsölustað.**

Ljósmyndarinn Finnbogi Marinósson tók allar ljósmyndir í matreiðslubókina Meistarinn og áhugamaðurinn. Bókin kom út fyrir skemmstu og segist Finnbogi nýr og betri maður í eldhúsinu eftir.

„Við undirbúning bókarinnar fékk ég alveg nýja sýn á fisk og lærði að hann getur verið veislumatur,“ segir Finnbogi en hann gefur lesendum Fréttablaðsins einfalda uppskrift að ljúffengum saltfiski.

„Áður hefði ég aldrei pantað mér fisk á matsölustað, fannst það bara kjánalegt. Ég er svona kjötkarl að upplagi og elst upp við soðinn fisk og kartöflur svo fiskur var hversdagsmatur fyrir mér. En nú er þessi saltfisksréttur eitthvað sem ég elda sjálfur og býð fólki í mat. Það er búið að umpóla þeirri hugmynd minni að ef eitthvað á að elda flott þá þurfi það að vera kjöt.“

Spurður hvort hann sé þá duglegur að elda og bjóða fólki heim segist hann mjög duglegur að bjóða fólki í mat, færri sögum hafi hins vegar farið af eldamennskunni fram að þessu. Þó hefur það verið fastur liður á þakkargjörðarhátíðinni að Finnbogi eldi kalkún.

„Þetta er sennilega fjórtánda árið í röð sem ég tek mér frí eftir hádegið og elda kalkúninn fyrir veislu um kvöldið. En óneitanlega hef ég tekið við mér í eldamennskunni eftir að hafa unnið að bókinni. Eins og flestir karlmenn vildi ég helst gera eitthvað tiltölulega einfalt og öruggt, eins og að taka kjöt upp, setja á grill og taka af grillinu. Karlmenn eru einfaldar sálir. En eftir að hafa kynnst þeim strákum Friðriki V. og Júlíusi er ég farinn að nálgast hráefni á allt annan hátt. Ég er farinn að snerta það, prófa og skilja af hverju hlutirnir eru svona en ekki hinsegin.“

Fjölskyldan er að vonum ánægð með nýja framtakssemi Finnboga í eldhúsinu og renna réttir hans ljúflega niður.

„Fjölskyldan er Arna Heiðmar kennari og Heiða Jóhanna, sex ára, og þær eru ánægðar með breyttan mann, sérstaklega eldri konan sem brosir út að eyrum,“ segir Finnbogi hlæjandi. „Ég tek þó fram að uppvaskið hefur alltaf verið mín deild.“

Uppskrift Finnboga að saltfiskinum er að finna á næstu síðu.

*heida@frettabladid.is*


Íslensk hrísgrjón!

Við hjá Nings erum afar stolt af því að geta boðið upp á ljúffenga og bráðholla rétti þar sem uppistaðan er íslenskt lífrænt ræktað bygg. Byggið er ræktað af Eymundi bónda í Vallanesi á Héraði og kallar hann byggið ***„hrísgrjón norðursins“***.

| Næringargildi í 100g af byggi | |
|---|---|
| Orka kkal. | 319 |
| Orka kj. | 1334 |
| Prótein | 11,8 |
| Kolvetni | 65 |
| Fita | 1,9 |
| Trefjar | 12,3 |



Íslenskt bygg með kjúklingi, grænmeti, ferskum engifer, hvítlauk og chilli.
Kynningartilboð lítill 590 kr. | stór 990 kr.

Íslenskt bygg með grænmeti, ferskum engifer, hvítlauk og chilli.
Kynningartilboð lítill 390 kr. | stór 690 kr.

Viðskiptavinum stendur einnig til boða að fá íslenskt bygg í stað hvítra hrísgrjóna í flesta rétti sem Nings býður upp á.

www.nings.is

TRANS FITA · LO SALT · MSG

NINGS

Stórhöfða 17 • Suðurlandsbraut 6 • Hlíðasmára 12 • S. 588 9899

**VEFUPPSKRIFTIR.IS** hefur að geyma hefðbundnar og framandi uppskriftir frá öllum heimshornum. Þar er að finna auðveldar uppskriftir, ódýrar og hollar og svo uppskriftir að forréttum, aðalréttum, meðlæti og fyrir börn.



vísir.is
„...ég sá það á vísi“

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




## UPPSKRIFT FINNBOGA

### BACALAO DEL FOTÓGRAFO EÐA SALTFISKUR LJÓSMYNDARANS.

Fyrir 3

1 pakki Ekta-saltfiskur frá Hauganesi við Eyjafjörð (um 4 stk. eru í pakkanum og er hann merktur sem grillsteikur)
1 dós rjómaostur um 125 gr, einnig er hægt nota rjómaost með svörtum pipar.
Sólþurrkaðir tómatar, skornir í bita, magn eftir smekk.

*Skerið í fiskbitana og fyllið í raufarnar með rjómaostinum og sólþurrkuðum tómötum, skornum í smátt.*

*Fiskbitarnir lagðir í eldfast mót og bakaðir í ofni í 15-20 mínútur eða þar til osturinn er vel bráðin ofan í fiskinn.*




*Örlitlu af rifnum parmesanosti er síðan dreift yfir fiskinn eftir að rétturinn er tekinn úr ofninum.*

*Borið fram með soðnum kartöflum og fersku salati.*

# Matseðillinn til reiðu

**Systkinin Valgarð og Linda Sörensen eru að fara af stað með fyrirtæki sem útbýr í samvinnu við valda aðila innkaupalista með uppskriftum sem nálgast má við inngang stærri matvöruverslana.**

„Við systkinin fengum þessa hugmynd í sumarfríinu áður en kreppan skall á af fullum þunga,“ segir Valgarð Sörensen en hann og systir hans, Linda Sörensen, eru að fara af stað með fyrirtæki sem útbýr þrenns konar heimilismatseðla sem fólk getur nálgast við inngang stærri matvöruverslana.

„Þá erum við hlutlaus aðili innan verslana með þjónustu fyrir viðskiptavini þar sem við hönnum innkaupalista með uppskriftum að heimilismat fyrir venjulegt fólk,“ útskýrir Valgarð og nefnir að þau systkinin eigi bæði stórar fjölskyldur og þekki því af eigin raun hversu þægilegt er að hafa matseðilinn tilbúinn. „Flestir þekkja það að standa í búðinni og velta fyrir sér hvað eigi nú að kaupa í matinn og reyna að muna hvaða hráefni eru í uppskriftunum. Þá er mjög gott að hafa matseðilinn tilbúinn og einfaldan.“



Systkinin Valgarð og Linda Sörensen hafa hrundið af stað sniðugu verkefni þar sem þau útbúa heimilismatseðla með innkaupalistum og uppskriftum sem verða til taks í matvöruverslunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nýr matseðill verður gefinn út í hverri viku og útlitið breytist alltaf á heimilismatseðlinum þannig fólk sjái að það sé kominn nýr en hinir tveir breytast ekki í útliti. „Við erum í raun með þrenns konar seðla í hverri viku sem eru heimilisseðill, heilsuseðill og íslenskur seðill. Margrét Sigfúsdóttir, skólastjóri Hússtjórnarskólans, hefur yfirumsjón með matseðlunum og gefur góð ráð. Hins vegar halda Ívar Guðmundsson og Arnar Grant utan um heilsuseðlana og koma með heilsuuppskriftir frá sér. Íslenski matseðillinn er síðan dæmigerð íslenskmatreiðsla sem ungt fólk í dag var alið upp við og er hann í ódýrari kantinum,“ segir Valgarð áhugasamur.



Á heimasíðunni matsedillinn.is safnast útgefnir seðlar inn og þar verður Margrét Sigfúsdóttir með einföld ráð í matreiðslu. Fyrstu heimilismatseðlunum verður hleypt af stokkunum á næstu dögum en matseðlarnir taka mið af því sem er að gerast í samfélaginu hverju sinni. „Í jólavikunni miðast matseðlarnir til dæmis við hátíðina,“ útskýrir Valgarð spenntur.

*hrefna@frettabladid.is*

hádegi / kvöld

GÓÐUR STAÐUR Á GÓÐUM STAÐ



ÞINGHOLTSSTRÆTI 5
101 REYKJAVÍK
+354 552 5588
DOMO@DOMO.IS
WWW.DOMO.IS
DOMO

ALLT HEIMILI
Mánudaga og fimmtudaga

BRAUÐBÆR



Við gerum veisluna þína
Brauðbær sérhæfir sig í dönsku smurbrauði og pinnamat. 40 ára reynsla og fagmennska tryggir gæði veisluþjónustu okkar - vertu viss um að fá fyrsta flokks veitingar í veisluna þína.
Pöntunarsími 552 0490 eða 511 6200
Brauðbær • Hótel Óðinsvé • Þórsgata 1 • odinsve@odinsve.is • odinsve.is



**LA BELLE ÉPOQUE** eða fallega tímabilið var tímabilið frá 1895 til 1914 kallað í Frakklandi. Glæsilegar hárgreiðslur, fyrirferðarmiklir hattar, fallegir kjólar og mikið skreyttur undirfatnaður voru áberandi.



# Töskuuppboð Stígamóta

**Stígamótakonur taka þessa dagana við töskum og veskjum sem þær hyggjast ýmist selja eða bjóða upp. Uppátækið er liður í því að kljást við kreppuna og hafa viðbrögðin farið fram úr björtustu vonum.**

Konurnar í Stígamótum bregðast við kreppunni með óhefðbundinni fjáröflun. Þær hyggjast annars vegar selja og hins vegar bjóða upp töskur og veski og bjóða konum sem vilja styrkja gott málefni að láta töskur og veski af hendi rakna.

„Átakið hófst í byrjun vikunnar og erum við strax búnar að fá fullt af framlögum,“ segir Karen Linda Eiríksdóttir, fjölskylduráðgjafi hjá Stígamótum og forsprakki fjáröflunarinnar, en tekið er við tösku- og veskjaframlögum í hádeginu fram til 13. desember. Þann dag verða húsakynni Stígamóta að Hverfisgötu 115 opnuð, sum veskin seld en heldri veski boðin upp. „Boðið verður upp á kaffi og með því og vonumst við til að fólk vilji líta við og gera sér glaðan dag.“

Ágóði fjáröflunarinnar rennur í rekstur Stígamóta en samtökin finna fyrir samdrætti eins og aðrir. „Við fáum styrki frá ríki og sveitarfélögum en framlög frá einstaklingum og fyrirtækjum hafa dregist saman. Í stað þess að sitja auðum höndum og vera leiðar ákváðum við að taka til okkar ráða og gera eitthvað jákvætt og skemmtilegt. Undirtektirnar hafa verið ótrúlegar og eru konur að senda til okkar veski utan af landi. Hjörtun í íslenskum konum virðast því ekki hafa lent í kreppu eins og bankarnir,“ segir Karen.



„Hjörtun í íslenskum konum virðast ekki hafa lent í kreppu eins og bankarnir,“ segir Karen Linda Eiríksdóttir, forsprakki fjáröflunarinnar, en Stígamótakonur hafa meðal annars tekið við veskjum utan af landi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Hún hefur starfað sem fjölskylduráðgjafi í Palm Beach í Bandaríkjunum í fjölmörg ár en þar hafa sams konar töskuuppboð farið fram. „Þau eru haldin ár eftir ár með góðum árangri og þegar við vorum að fara yfir hvernig við gætum brugðist við datt mér þetta í hug.“

Karen hvetur konur til að safna saman veskjum og töskum og hreinsa í leiðinni út fyrir jólin. Hún vonast síðan til að sjá sem flesta laugardaginn 13. desember en þar verður án efa fjölbreytt úrval.

*vera@frettabladid.is*


Hlý jólagjöf

Ullarjakkar og stuttkápur

kr. 14990

margar gerðir
Stærðir 36-48



FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201





## BARNA- OG UNGLINGALEIKHÚSIÐ BORGARBÖRN

frumsýnir Jólasöngleik eftir Erlu Rut Harðardóttur og Hrefnu Hallgrímsdóttur í Iðnó á sunnudaginn. Miðinn kostar 1.000 krónur. Áhorfendur geta komið með jólapakka til Mæðrastyrksnefndar sem jólaálfar taka á móti.




**Fyrir dömur og herra.**

Nýkomið úrval af vönduðum kuldaskóm úr leðri, gæruskinnfóðraðir. Margar gerðir.



Dömustærðir: **36 - 43**
Verð frá: **19.700.- til 21.700.-**

Herrastærðir: **41 - 48**
Verð frá: **13.800. - til 24.775.-**

**Misty skór**
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 - 18 • lau: 10 - 14
*Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf*

**Þéttikantar**
framleiddir eftir máli á allar gerðir kælitækja.
NÝVAKI
Dvergshöfða 27 • S. 557 2530

**teg. 4331** - létt fylltur toppur með spöngum í BC skálum á kr. 4.685,- buxur í stíl kr. 1.950,-



**MISTY** - LAUGAVEGI 178,
105 REYKJAVÍK sími 551-3366
misty@misty.is www.misty.is
opið mán-fös kl **10-18** lau kl.**10-14**


# Jól í stofunni hjá Laxness

**Gljúfrasteinn er heillandi staður í kyrrlátri sveit við borgarmörkin. Staður með mikla sögu og minningar. Þar var jafnan gestkvæmt í búskapartíð Nóbelskáldsins, og enn er boðið til stofu skáldsins á aðventu.**

„Í tíð Halldórs og Auðar var Gljúfrasteinn óopinbert sendiráð þar sem móttökur voru haldnar og margt var um manninn, fyrir utan að þau stóðu sjálf fyrir tónleikahaldi og fleiri uppákomum í stofunni heima. Því er eðlilegt framhald þeirrar sögu að bjóða til viðburða og veislna á Gljúfrasteini, enda viljum við hafa sem mest líf í húsinu," segir Guðný Dóra Gestsdóttir framkvæmdastjóri Gljúfrasteins, sem um hálfrar aldar skeið var heimili og vinnustaður Halldórs Kiljan Laxness og fjölskyldu hans.

„Gljúfrasteinn var opnaður almenningi í september 2004 og á aðventu sama ár buðum við rithöfundum fyrst að koma og lesa úr nýútkomnum bókum sínum sunnudagana fjóra í aðventu. Síðan höfum við haldið fast í þessa hefð sem hefur verið mjög skemmtileg, og vel þegið í skammdeginu að koma hingað í kyrrðina og friðinn," segir Guðný Dóra sem opnar áhugasömum bókaunnendum stofuna að Gljúfrasteini á sunnudag klukkan 16, eins og næstu þrjá sunnudaga í aðventu á eftir.

„Það er viðeigandi að lesið sé úr bókum á heimili rithöfundarins og virkilega notalegt að tylla sér í stofuna, enda heimilislegt andrúmsloft í húsinu. Vissulega væri indælt að bjóða upp á sérrítár með upplestrinum, en við bjóðum bara andlega næringu í staðinn," segir Guðný Dóra þar sem hún flytur heila þjóð á milli hæða á Gljúfrasteini.



Það eru hátíðlegt að koma heim að Gljúfrasteini á aðventunni, en alla sunnudaga á aðventu býður Guðný Dóra Gestsdóttir, framkvæmdastjóri Gljúfrasteins, gestum að hlýða á rithöfunda lesa upp úr nýútkomnum verkum sínum í stofu Nóbelskáldsins.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Jólin voru ekki tími glingurs hjá Halldóri og Auði, en Halldór keypti mikið af brúðum handa dætrum sínum á ferðalögum vítt og breitt um heiminn. Þær voru alla jafnan geymdar í vinnuherbergi hans, en á jólum færði fjölskyldan dúkkurnar niður í stofu og stilltu þessu smágerða fólki, sem þau kölluðu alltaf Þjóðina, sem jólaskrauti á skenkinn. Í þá jólahefð höldum við líka, sem og að setja jólakort í skál, eins og þau gerðu alltaf, og leggja á borð eins og gert var á aðfangadagskvöld, með malti, appelsíni og fleiru sem þótti ómissandi á jólum," segir Guðný Dóra í heimsborgaralegri stofu Nóbelskáldsins, sem rúmar vel sextíu manns.

Dagskráin skiptist í lestur ljóða og skáldsagna. Á sunnudag lesa upp úr verkum sínum þau Ingunn Snædal, Magnús Sigurðsson og Þórunn Erlu-Valdimarsdóttir, en Ingunn les einnig upp úr Sjálfstæðu fólki. Dagskrá Gljúfrasteins á aðventu má skoða á www.gljufrasteinn.is. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

*thordis@frettabladid.is*




**Dvöl**
**opið hús alla laugardaga**

Markmið með starfsemi Dvalar er að rjúfa félagslega einangrun, auka lífsgæði og efla andlega, líkamlega og félagslega vellíðan.

Sjálfboðaliðar Kópavogsdeildar bjóða gesti velkomna í Dvöl á laugardögum, boðið er upp á léttan hádegisverð.

Hægt er að kynna sér starfsemi Dvalar, spila, mála, slaka á eða tala saman.

Dvöl er samstarfsverkefni Kópavogsdeildar Rauða kross Íslands, Kópavogsbæjar og Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Reykjanesi.

**Almenn starfsemi fer fram í húsinu alla virka daga kl. 9-16 (10-16 á fimmtudögum)**

**Dvöl, Reynihvammi 43, Kópavogi**
**sími 554 1260, dvol@redcross.is, www.redcross.is/dvol**

**Rauði kross Íslands**
**Kópavogsdeild**







Kökur, lukkupakkar og skraut einkennir jólabasar KFUK.

# Jólaskraut og góðgæti

**Ljúffengar jólasmákökur, handgert jólaskraut og slæðuhorn verða á basar KFUK á morgun.**

Basar KFUK verður haldinn á morgun, laugardaginn 29. nóvember, frá klukkan 14-17 að Holtavegi 28 í Reykjavík. Mikið úrval fallegra muna og góðgætis verður á boðstólum. Þar má nefna handgert jólaskraut og ljúffengar heimabakaðar kökur. Einnig lukkupakkar fyrir börn. Sérstakt horn verður á basarnum með nýjum og notuðum slæðum, töskum, hönskum og öðrum fylgihlutum.

Í kaffiteríunni verða nýbakaðar vöfflur, kaffi, súkkulaði og djús.

Allur ágóði af basarnum rennur til starfs KFUM og KFUK á Íslandi sem býður upp á ókeypis félagsstarf fyrir börn og unglinga á yfir 20 stöðum á landinu.

*- gun*


**;ALLT FERÐIR**
Miðvikudaga og laugardaga

**Gefðu dýrmætasta efni í heimi**
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 28. nóvember 2008



Ragnheiður Gröndal söngkona gefur út nýja plötu og er yfir sig ástfangin, en hún var með það á fimm ára plani að ná í Guðmund Pétursson.

# NÆLDI Í GÍTARLEIKARA

## BARN, BÓK, DISKUR OG HAGFRÆÐI

Það er allt á fullu hjá Guðmundi Steingrímssyni en hann á von á dreng í mars.

## LÆKNAÐIST MEÐ BREYTTU MATARÆÐI

Óli Solimann hefur opnað veitingastað þar sem hann býr til sitt eigið skyr.

## KEMUR MEÐ RÉTTA JÓLAANDANN

Hönnuðurinn Vala býr til krúttlegustu jólasveina norðan Alpafjalla.


Mizú

SNYRTI- NUDD OG FÓTAAÐGERÐASTOFA

Borgartúni 6 • 105 Reykjavík • sími 551 1050 • www.mizu.is

Andlitsmeðferðir
Handsnyrtingar
Fótsnyrtingar
Vaxmeðferðir
Líkamsmeðferðir
Nuddmeðferðir
Tattoo
Förðun



# núna
*andlegt góðæri...



**SIGRÍÐUR THORLACIUS** Á morgun ætla ég að skunda á Austurvöll og vona að sem flestir geri slíkt hið sama. Á sunnudaginn ætla ég svo ásamt fríðum flokki að syngja á Gilligill-tónleikum í Salnum í Kópavogi, vonandi fyrir fullum sal af skemmtilegum börnum. Að því loknu ætla ég svo að láta vinkonur mínar kenna mér að prjóna, sem ég geri ráð fyrir að taki langan tíma.

helgin MÍN



## Arnar Gauti selur íbúðina

Arnar Gauti Sverrisson, sjónvarpsmaður í Innliti/útliti, hefur sett glæsiíbúð sína við Naustabryggju í Reykjavík á sölu. Íbúðin hefur birst bæði í sjónvarpi og í hönnunartímaritum og hlotið athygli fyrir smekklegheit. Þótt fasteignamarkaðurinn sé við frostmark um þessar mundir ætti Arnar Gauti þó varla að örvænta því stjörnufasteignasalinn Hannes Steindórsson hjá Remax er með íbúðina á sölu. Hann er einn af fáum sem selja eitthvað þessa dagana.

þetta HELST



## Keypti beljuskinn

Athafnamaðurinn Róbert Wessman lét sig ekki vanta á útsölu í Habitat á dögunum. Hann gerði ótrúlega góð kaup þegar hann fjárfesti í kolsvartri beljuhúð sem hann fékk á 40 prósenta afslætti. Ferð hans á útsöluna segir ýmislegt um ástandið í þjóðfélaginu.

### ALEXÍA BJÖRG OG GUÐMUNDUR VÆNTA PLÖTU, BÓKAR OG BARNS:

# EIGA VON Á DRENG Í BYRJUN MARS

Það er barnabók og barn á leiðinni,“ segir Guðmundur Steingrímsson sem hefur lokið við skrif á barnabók um svínið Pétur. „Halldór Baldursson skopmyndateiknari myndskreytir bókina og það vantar bara nokkrar teikningar upp á að hún sé tilbúin,“ segir Guðmundur sem mun sjálfur gefa bókina út eftir jól. „Sagan er skrifuð í miðju góðærinu og fjallar um svínið Pétur sem er nægjusamt og hafnar öllum gylliboðum um óhóf. Hann klæðist bara einum doppóttum sandala og spilar á gítar á meðan önnur dýr bjóða honum völd og auðæfi fyrir það sem hann á. Hann lætur samt ekki blekkjast og á endanum fá dýrin leið á þessu,“ útskýrir Guðmundur sem segir samfélagsandann svo sannarlega hafa breyst í kjölfar kreppunnar. „Fyrir hálfu áru voru kringumstæður hérna svo brengluðar að fólk var nánast hætt að nenna að fara til útlanda nema á sinni eigin þotu og var að kaupa hluti á ótrúlega uppsprengdu verði. Þeim, sem héldu sínu striki, líður eflaust best núna, svo þessi saga á ekki síður við í dag,“ bætir hann við.

Guðmundur hefur í nógu að snúast um þessar mundir því auk þess að vera að leggja lokahönd á bókina, vinnur hann að væntanlegri plötu með hljómsveitinni Ske og á von á barni með Alexíu Björgu Jóhannesdóttur leikkonu, en fyrir á hann dótturina Eddu sem er fimm ára. Alexía Björg er ekki síður önnum kafin því hún leikur í leiksýningunni Óþelló, heldur námskeið í leiklistartengdri sjálfsstyrkingu hjá Hringsjá og rekur fyrirtækið Reykjavík Casting.

„Við Alexía eigum von á dreng í mars. Þegar maður stendur frammi fyrir svoleiðis tíðindum skiptir efnahagslífið engu máli,“ segir Guðmundur sem er heimspekimenntaður, en er nú í mastersnámi í hagfræði við Háskóla Íslands. „Ég er búinn að vera að lesa hagfræðibækur á meðan allt þetta hefur dunið yfir og öll þjóðin er orðin að hagfræðingum. Maður er eiginlega alveg kominn með nóg af þessu, en núna eru prófin að fara að byrja svo ég sit með stafla af bókum fyrir framan mig. Hagfræðingar eru náttúrulega aðalstjörnurnar í dag, en það er spurning hvort það verði enn þá svoleiðis þegar ég útskrifast,“ segir Guðmundur og hlær.



**Svínið Pétur** Guðmundur segir frá svíninu Pétri sem lifir mjög nægjusömu lífi í væntanlegri bók sinni.



**Drengur á leiðinni** Guðmundur og Alexía Björg hafa í nógu að snúast og eiga von á litlum dreng í byrjun mars.





Árangur fer eftir gæðum
Hvaða Spirulina ert þú að taka?

29 vítamín og steinefni · 18 amínósýrur · Blaðgræna · Omega GLA fitusýrur · SOD eitt öflugasta andoxunarensím líkamans

Eingöngu lífræn næringarefni tryggja betri upptöku og nýtingu í líkamanum.

LifeStream

Aukið úthald, þrek og betri líðan

Gott fyrir ræktina og mikið álag.
Spirulina inniheldur mikið af blaðgrænu og glyccogen, því meira glycogen sem er til staðar í líkamanum við æfingar því betri árangur. Blaðgræna eykur súrefnisflutning í blóðinu. Ef Spirulina er tekið inn 1/2 tíma fyrir æfingar eða annað álag gefur það aukið þrek, úthald og einbeitingu.
Dregur úr pirringi, sleni og sætindaþörf, truflar ekki svefn. Gæðastaðall ISO9001, ISO1401.

Fæst í apótekum, heilsubúðum og Fríhöfninni. www.celsus.is


### Tómas Lemarquis á sviði eftir átta ára hlé

# Gerir það gott í leiklistinni



**Önnum kafinn** Tómas hefur í nógu að snúast. Hann leikur nú í Steinum í djúpinu og fram undan eru hlutverk í tveimur kvikmyndum í Frakklandi og á Spáni.

„Mig langaði að rifja upp kynnin við leikhúsið,“ segir Tómas Lemarquis sem kom sérstaklega til landsins til að leika í sýningunni Steinar í djúpinu í Hafnarfjarðarleikhúsinu. „Ég hef ekki leikið á sviði í átta ár svo ég hef lært mikið af þessu ferli,“ segir Tómas, en aðeins fjórar sýningar eru eftir af verkinu sem hefur hlotið góða dóma.

Síðastliðin tvö ár hefur Tómas verið búsettur í Berlín þar sem hann hefur fengist við kvikmyndaleik og myndlist. Nýverið lauk hann við tökur á svissneskri mynd þar sem hann fór með aðalhlutverk. „Ég þurfti að læra þýsku sérstaklega fyrir þá mynd,“ segir Tómas sem talar einnig frönsku og ítölsku, en hann fer með aðalhlutverk í franskri stuttmynd sem verður sýnd á frönsku sjónvarpsstöðinni Canal plus í desember. *- ag*

augnablikið



Lady Gaga fer ótroðnar slóðir þegar kemur að klæðaburði og mætti í þessum flippaða kjól á American Music Awards á dögunum. Pilsið tók hún svo af þannig að dressið breyttist í samfellu þegar hún söng í eftirpartíinu.

föstudagur
**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar **Ritstjóri** Marta María Jónasdóttir *martamaria@365.is* **Penni** Alma Guðmundsdóttir *alma@frettabladid.is* **Forsíðumynd** Arnþór Birkisson **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000




Íslensk hönnun
í sinni fjölbreytilegu mynd

ÍSLENSK HÖNNUN
epal

ERUM MEÐ VÖRUR EFTIR
RÚMLEGA 20 ÍSLENSKA HÖNNUÐI

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal




# núna

✻ fötin skapa manninn

**SKYLDULESNING** Þeir sem eru ekki búnir að lesa Myrká eftir Arnald Indriðason ættu að drífa sig í það. Plottið er flott og sagan skemmtileg og ekki skemmir að fá smá innsýn inn í líf Elínborgar. Loksins fékk hún að blómstra!




James Lafferty og Sophia Bush elska íslensk föt

## Keyptu hálfa búðina

Leikarinn James Lafferty og leikkonan Sophia Bush úr þáttunum One Tree Hill mættu í nýopnaða herrafataverslun Andersen & Lauth á Laugavegi 7 á þriðjudaginn. James Lafferty kunni svo sannarlega að meta hönnun Gunnars Hilmarssonar og Kolbrúnar Petreu Gunnarsdóttur því Föstudagur hefur heimildir fyrir því að hann hafi keypt sér jakkaföt, skyrtu, leðurjakka, peysu og trefil. Í ofanálag hafi hann pantað jakka sem verður sérsaumaður á hann. Þegar James Lafferty var búinn að dressa sig upp fóru þau upp Laugaveginn í kvenfataverslun Andersen & Lauth þar sem hún keypti sér silkiskyrtu, boli og slá. Á meðan þau dvöldu í versluninni hópaðist fólk í kringum þau til að fá eiginhandaráritanir en þau tóku því létt og voru alþýðleg að sögn strákanna í Andersen & Lauth. Hafði James orð á því að hann vildi óska þess að verslunin væri fataskápurinn hans. Þetta eru líklega bestu meðmæli sem nokkur verslun getur fengið. James og Sophia eru í fríi á Íslandi um þessar mundir en sagan segir að þau hafi skipulagt það fyrir hálfu ári. Nú verður spennandi að sjá hvort íslensk hönnun rati á rauða dregilinn en James er að leika í myndinni S. Darko sem frumsýnd verður á næsta ári. *-mmj*



Óli Solimann býr til eigið skyr sem hann notar í brauð

# LÆKNAÐIST MEÐ BREYTTU MATARÆÐI

Ég var ofvirkur með athyglisbrest sem barn sem fylgdi mér yfir á fullorðinsár. Þegar ég breytti um mataræði hurfu þessi einkenni," segir Óli Solimann sem hefur opnað skyndibitastaðinn Solimanns í Kringlunni þar sem hann býður upp á skyndimat án aukaefna. Fyrir fimm árum fór hann að verða meðvitaður um eigin mataræði og hætti að setja ofan í sig aukaefni. Hann sleppti öllum hvítum sykri, hvítu hveiti og annarri óhollustu. „Eftir að ég hætti að neyta hvíta sykursins hvarf hausverkurinn fyrir fullt og allt en ég hafði verið að berjast við mígreni um margra ára skeið." Með breyttu mataræði segist hann geta borðað mun meira en áður. „Hér áður fyrr var ég alltaf að hamast í ræktinni en nú þarf ég þess ekki því mataræðið skiptir öllu máli þegar kemur að holdafari." Hann segist jafnframt hafa hætt að borða ger og þar með hafi sveppasýkingin sem hann var með á fótunum horfið. „Ég var líka með gigt um tíma en hún hvarf um leið og ég hætti að borða aukaefni. Ef ég fer út af sporinu poppar hún hins vegar upp aftur."

Óli er mikill ævintýramaður og þar sem hann er lærður matreiðslumaður ákvað hann að þróa þetta matarverkefni og er nú búinn að opna eigin veitingastað. Staðurinn er sérstakur að því leytinu til að hann býr til allt frá grunni, notar engin aukefni og setur eigið skyr í brauðin til að gera þau próteinríkari. „Ég er búinn að vinna í þessu í þrjú ár, þetta er komið úr því að vera einn skyrdrykkur upp í 50 rétti. Áherslan á bak við vörumerkið Solimanns á að vera traust. Það er alltaf verið að blekkja kúnnann en við pössum okkur á því að það sé ekki eitt efni í vörunni sem er hægt að negla mig á," segir hann.




**Allt pottþétt** Óli Solimann býr til allt frá grunni og er nú að búa til skyr úr byggi, sitt eigið sojaskyr og svo mætti lengi telja.






Okkar hugmynd að
jólagjöf
á lægra
verði
allir
flöskustandar
30% til
70%
afslætti
allar
styttur og
fígúrur á
50%
afslætti
FLÖSKUTAPPI
verð 990,-
nú 693.-
öðruvísi
jól
í Pier
LUKT
verð 2990,-
nú 1495.-
allir
blómavasar á
40%
afslætti
verð 4990
nú 2994.-
70 cm
verð 2990
nú 1794.-
40 cm
verð 1790
nú 1074.-
40 cm
Allt á rúmið sængurföt, rúmteppi og púðar
30 % afsláttur
the
PIER
Tilboðin gilda frá 26 nóv. – 4 des.
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# núna

* stígvéladrottningin



## KORT EFTIR RAGNHILDI ÁGÚSTSDÓTTUR

Jólakortin í ár eru án efa kortin sem mynd eftir Ragnhildi Ágústsdóttur myndlistarkonu prýðir. Kortin eru til styrktar Fjölskylduhjálp Íslands og rennur ágóðinn óskiptur til hennar. Kortin eru seld hjá Ásgerði hjá Fjölskylduhjálpinni.

## algjört möst




1\. Mamma Mia! er komin út á DVD með „sing along“ diski. Settu græjurnar í botn og syngdu með.




2\. Djúpblátt og dularfullt naglalakk frá Lancome sem myndar stjörnu á nöglinni þegar segull á glasinu er borinn að því.




3\. Sprengjuhöllin sendir sínar bestu kveðjur á nýjum geisladisk. Góð lög og flottir textar.



4\. Endurbætt meik frá HR sem gefur jafna og létta áferð.



5\. Réttirnir frá Móður náttúru fást nú í Bónus. Keyptu þér pakka af buffum og búðu til ljúffengan hamborgara. Þetta er bæði hollt, ljúffengt og ódýrt!













1 Thelma í stívélum frá Neri úr Gull í Grjóti, sokkabuxum út United Colors of Benetton, skyrtu og vesti frá Massimo dutty og pilsi frá Gull í Grjóti. Skartið er frá Swarovski og Candino. 2 Converse strigaskór frá Bandaríkjunum og Ítalíu, en stígvélin eru keypt í Köben frá merki sem heitir Graceland. 3 Rauðir lakkskór og taska frá Moda Di Fausto úr Gull í grjóti. 4 Kjóll frá 101 Skjöldur sem ég Thelma klæddist í Bandinu hans Bubba. 5 Ed Hardy bolur úr Reykjavík Ink. á Frakkastíg. 6 Svört stígvél frá Il Renzoni úr geitarleðri sem er einstaklega mjúkt, eins og hanski. 7 Kjóll úr All Saints og hálsmen frá Topshop.

Thelma Hafþórsdóttir söngkona:

# KRÖFUHÖRÐ Á GÆÐI

***Getur þú lýst þínum stíl?*** Hann fer mikið eftir því hvað ég er að fara að gera og í hvaða stuði ég er. Ég er til dæmis í allt öðrum stíl í skólanum en í vinnunni. Af þessum ástæðum held ég að ég sé frekar ósamkvæm sjálfri mér í fatasmekk.

***Hvað dreymir þig um að eignast í vetur?*** Nýju lakkskóna frá Gull í Grjóti skóverslun.

***Hvað keyptir þú þér síðast?*** Ég missti mig í Urban Outfitters í Hamborg. Mér finnst oft erfitt að finna föt sem eru töff og á sama tíma mjög þægileg.

***Uppáhaldsverslun?*** Mamma á Gull í Grjóti, Skólavörðustíg, enda á ég stóran þátt í því að velja það sem er pantað. En annars versla ég mest úti á Ítalíu en þangað fer ég nánast á hverju ári í innkaupaferð fyrir búðina. Þá er það helst Massimo Dutti, Penny Black og fleiri sætar búðir í Mílanó. Að sjálfögðu nýtir maður svo ferðina í að kíkja í Promod og H&M.

***Uppáhaldsfatamerki?*** Massimo Dutti, New Penny (sem er undir Penny Black) og Moda Di Fausto klikka aldrei. Ég myndi heldur aldrei slá hendinni á móti 66° norður og Cintamani. Eins hef ég sérstakan veikleika fyrir íþróttafatnaði frá Puma.

***Finnst þér merki á fötunum skipta máli?*** Á sumum, já. En stundum finnst mér fínt að versla eitthvað tískubundið í merkjum sem eru ekki eins dýr. Annars held ég að ég sé kröfuharðari á merki og gæði í skóm frekar en fatnaði kannski vegna þess að ég hef meira vit á því.



***Í hvað myndir þú aldrei fara?*** Tískan er alltaf að breytast og ég hef oft farið í eitthvað sem ég veit að fer mér ekki sem best en mér finnst flott. Þannig ég yrði þá bara að skóta á pungbindi.

***Af hvaða líkamsparti ertu stoltust og hvernig undirstrikar þú það með klæðaburði?*** Ég hef frekar nett mitti svo mér finnst gaman að undirstrika það.

***Hvert er skuggalegasta fatatímabilið þitt?*** Skopparatímabilið í byrjun í gagnfræðaskóla. Þessar pokabuxur og derhúfur voru ekki alveg að gera sig á mér þá. Mér finnst það eitthvað svo mótsagnakennt við okkur núna.


Íslenskir karlmenn eru sannir herramenn



Vinnufatabúðin

Laugarvegi 76 - S: 551-5425

Opið virka daga frá 9:00 – 18:00 / laugardaga frá 10:00 – 18:00.

# afsláttar-dagar

# 30% afsláttur



**Fjölþjálfi**
**Verso 107**
Segulviðnám með
12 kg kasthjóli.
Æfingatölva með
púlsmæli.
Fyrir allt að 110 kg.
**Tilboð**
**kr. 55.930**

**Kr. 5.650**
á mánuði í 12 mánuði*



**Fjölþjálfi**
**Verso 307**
Segulviðnám með
14 kg kasthjóli.
Æfingatölva með 6
prógrömmum og púlsmæli
Fyrir allt að 130 kg.
**Tilboð**
**kr. 69.230**

**Kr. 6.955**
á mánuði í 12 mánuði*



**Hlaupabretti**
**Marathon ST**
Hraði 1-16 km/klst og
rafdrifin hækun 0-12%
Sterkur mótor og stór
hlaupaflötur með dempun.
Æfingatölva með 4
prógrömmum og púlsmæli.
Fyrir allt að 120 kg.
**Tilboð**
**kr. 175.000**

**Kr. 7.145**
á mánuði í 36 mánuði*



**Hlaupabretti**
**Marathon TX1**
Hraði 1-16 km/klst og
rafdrifin hækun 0-12%
Sterkur mótor 2,0 HP og stór
hlaupaflötur með dempun.
Æfingatölva með stóru
stjórn- og mælaborði,
4 prógrömmum og púlsmæli.
Fyrir allt að 140 kg.
**Tilboð**
**kr. 217.700**

**Kr. 8.738**
á mánuði í 36 mánuði*



**Bæði hlaupabrettin**
**má reisa upp og færa til**
**á innbyggðum hjólum.**

PIPAR • SÍA • 82210

## Vönduð æfingatæki frá KETTLER

MARKIÐ

*Miðað við afborgunarlán Visa/Mastercard og núverandi vexti.

www.markid.is • Sími 553 5320 • Ármúla 40

# KRÆKTI Í GÍTARLEIKARANN

**Ragnheiður Gröndal var ekki nema sautján ára þegar hún gaf út sína fyrstu plötu upp á eigin spýtur. Síðan þá hefur hún sungið sig inn í hug og hjörtu landsmanna og var nú að gefa út sína fimmtu sólóplötu, 24 ára gömul.**

*Viðtal:* Alma Guðmundsdóttir
*Ljósmyndir:* Arnþór Birkisson



**Sívinsæl** Ragnheiði Gröndal finnst skipta miklu máli að vera þakklát og sátt við það sem hún hefur áður en hún hugar að frekari landvinningum.

Ég ætlaði alltaf að verða „söngkona og flugfreyja" eða „söngkona og mamma" þegar ég yrði stór," segir Ragnheiður Gröndal, spurð hvenær hún hafi ákveðið að leggja sönginn fyrir sig. „Mesti innblásturinn í tónlistinni kom frá Hauki bróður. Þegar ég var lítil reyndi ég gjarnan að troða mér að í partíum sem hann var með og fékk þá yfirleitt að syngja gegn því að fara svo að sofa," útskýrir Ragnheiður brosandi, en Haukur Gröndal hefur getið sér orð sem klarínett- og saxófónleikari, útsetjari og tónsmiður. „Mamma og pabbi hvöttu mig líka mikið áfram og ég var í tónlistarskóla frá því að ég var sex ára þar til gelgjan helltist yfir," bætir hún við, en Ragnheiður hóf ung tónlistarnám í Tónlistarskóla Garðabæjar, fyrst á blokkflautu og svo á píanó. Eftir það lá leiðin í Tónlistarskóla FÍH þar sem hún hóf nám í djasssöng og lauk burtfararprófi þaðan vorið 2005. „Það var mest hlustað á útvarpið á heimilinu þegar ég var barn svo djassáhuginn kom kannski fyrst og fremst í gegnum Hauk. Síðan fékk maður náttúrulega æði fyrir því sem var í gangi hverju sinni og ég var til dæmis húkt á Emilíönu Torrini á tímabili," segir Ragnheiður og brosir.

### ÁST

Ragnheiður var ekki nema sautján ára þegar hún gaf út sína fyrstu sólóplötu, sem innihélt gamla djassslagara. „Ég gaf plötuna út sjálf og var ofboðslega stolt af mér. Gagnrýnanda fannst ég hins vegar vera að ráðast á garðinn þar sem hann var hæstur og ég man hvað ég var ofboðslega sár. Mér fannst ósanngjarnt að hann sæi ekki hvað ég var ung og einblíndi nánast bara á neikvæðu punktana í gagnrýninni enda var ég með mjög mikla fullkomnunaráráttu," segir Ragnheiður. Hæfileikar hennar leyndu sér þó ekki og ári síðar, árið 2003, söng hún Ást eftir Magnús Þór Sigmundsson. Lagið sló eftirminnilega í gegn og hefur notið mikilla vinsælda allar götur síðan.

„Ég bjóst ekki við því að lagið yrði svona vinsælt og það fór eiginlega í taugarnar á mér til að byrja með. Þetta var ekki sú tónlistarstefna sem ég ætlaði að taka, en vinsældir lagsins ýttu undir söluna á djassplötunni því fólk hélt að hún væri í svipuðum anda og Ást. Í dag er ég alveg búin að taka lagið í sátt og finnst þetta ljóð mjög fallegt. Það er líka alltaf gaman að njóta velgengni, hvernig sem hún er, en mig dreymdi um að njóta hennar alveg á eigin forsendum," segir Ragnheiður sem steig í fyrsta sinn fram sem lagahöfundur á plötunni Vetrarljóð sem kom út árið 2004. „Steinar Berg átti hugmyndina að plötunni, sem var blanda af vetrarljóðum og jólalögum, en ég fékk að koma inn fjórum lögum eftir sjálfa mig," segir Ragnheiður um Vetrarljóð sem naut gífurlegra vinsælda og seldist í 13.000 eintökum. Ári síðar tók Ragnheiður algjöra u-beygju að eigin sögn með plötunni After the Rain, sem innihélt lög sem hún hafði samið frá því hún var fjórtán ára gömul og í kjölfarið fylgdi platan Þjóðlög sem kom út 2006.

### GEFUR SÉR TÍMA

Ragnheiður hefur átt í sambandi við Guðmund Pétursson gítarleikara frá því 2006. Guðmundur hefur unnið að nokkrum plötum Ragnheiðar og gaf nýverið út sína aðra sólóplötu, Ologies. Þau Guðmundur höfðu unnið saman í ýmsum verkefnum áður en sambandið þróaðist og aðspurð segist Ragnheiður hafa haft augastað á honum um nokkurt skeið áður en hún gaf sig á tal við hann. „Ég var búin að sjá hann út, fannst hann sætur og heillandi, en það tók mig langan tíma að þora að tala við hann og segja honum hvernig mér leið. Það var svona á fimm ára planinu," útskýrir Ragnheiður brosandi og segir tólf ára aldursmun ekki hafa sett strik í reikninginn. „Ég gefst ekki upp ef mig langar í eitthvað og beiti öllum brögðum þar til ég næ settu marki," bætir hún við og hlær. „Ég er samt ekki mjög þolinmóð svo ég er að reyna að temja mér hana, öfugt við Gumma sem hefur mikla þolinmæði og er mjög bjartsýnn. Hann er rosalega jarðtengdur á meðan ég er aðeins meira uppi í skýjunum svo það fasast skemmtilega út," segir Ragnheiður. Nýverið gaf hún út nýja plötu, Bella and Her Black Coffee, en hún er meðal annars unnin í nánu samstarfi við Guðmund og Guðmund Kristin Jónsson úr Hjálmum.

„Ég er mjög ánægð með þessa plötu því mér finnst hún endurspegla mig bæði sem manneskju og tónlistarmann. Ég réð förinni og fékk meira að segja að hafa kisu á plötuumslaginu sem er eitthvað sem mig hafði alltaf langað að gera en aldrei fengið samþykki fyrir," útskýrir Ragnheiður og brosir út í






## * bak við tjöldin

**Stjörnumerki:** Bogmaður.

**Besti tími dagsins:** Eftirmiðdegi.



**Líkamsræktin:** Ashtanga jóga í Yoga shala miðstöðinni og sund.



**Geisladiskurinn í spilaranum:** Ologies með Gumma Pé

**Uppáhaldsverslunin:** Mál og menning.

**Uppáhaldsmaturinn:** Ég elska allan vel eldaðan mat úr góðu hráefni.



**Ég lít mest upp til:** Skýjanna.



annað. „Ég samdi lögin á plötunni bæði fyrir og eftir að ég fór til New York árið 2006, þar sem ég var í framhaldsnámi í tónlist og söng í tvær annir. Ég ætlaði svo að gefa hana út í fyrra en fannst ég ekki vera tilbúin. Ég var búin að sjá fyrir mér hvernig ég vildi syngja lögin sem einkennast bæði af einsemd og bjartsýni og vildi að það væri svona rólyndisandi yfir plötunni. Mér fannst ég hins vegar ég aldrei ná að túlka hana eins og ég vildi svo ég hætti við að gefa hana út fyrir jólin. Nú finnst mér rosalega gott að vera búin að koma henni frá mér,“ segir Ragnheiður, sem mun halda tónleika á Café Rósenberg á afmælisdegi sínum, 15. desember næstkomandi.

Hún segist hafa áform um útgáfu erlendis en ætlar að gefa sér góðan tíma í undirbúningsvinnu. „Mig langar mikið að gefa Bella and Her Black Coffee út erlendis og er að byrja að vinna í því. Það hefur alltaf verið draumurinn að komast út, en ég er samt alveg frjáls gagnvart því og finnst skipta mestu máli að vera þakklát og sátt við það sem ég hef. Það verður að koma fyrst því þegar velgengni og frægð er annars vegar er alltaf tilhneiging til að vilja meira en maður hefur,“ segir Ragnheiður.

*NÝ GILDI*

Þegar talið berst að kreppunni segist Ragnheiður ekki finna fyrir henni persónulega enn sem komið er, en segir ástandið vissulega hafa áhrif á sig. „Ég á bara litla íbúð svo ég finn ekki mikið fyrir þessu, en ég get farið á algjöran bömmer þegar ég sé hvað margir eru með miklar áhyggjur og þjást af kvíða og streitu. Ég forðast að opna blöðin og lesa of mikið um þetta því ég á það til að taka hlutina mikið inn á mig. Ég las samt viðtal fyrir stuttu við móður stráks sem er með geðhvarfasýki, þar sem hún líkti Íslandi við einstakling með geðhvarfasýki á háu stigi. Mér finnst það að vissu leyti rétt því öfgarnar eru svo miklar og maður veltir því fyrir sér hvernig það er að vera gamalmenni í dag og hafa horft upp á allar þessar samfélagsbreytingar sem hafa orðið á síðustu árum,“ segir Ragnheiður. „Ég er samt viss um að þetta á eftir að styrkja fólk þegar upp er staðið og við eigum eftir að læra að meta hlutina upp á nýtt.“



Áhrifavaldurinn? Svo margir!

Draumafríið?
Keyra um Bandaríkin.

Mesta dekrið?
Góðar snyrtivörur, sérstaklega góð andlitskrem.

Hverju myndirðu sleppa ef þú yrðir að spara?
Öllu sem ég get komist af án.

# BORDEAUX

## Guðrún Björg Ingimundardóttir nemi

BORGIN mín



**MORGUNMATURINN:** Ég myndi ekki skipta á hvaða heimsins dýrindis morgunverði fyrir gamla góða hafragrautinn. Aldrei.

**SKYNDIBITINN:** Pitsa, lasagna, sushi, samloka eða jafnvel brjóstsykur með foie gras. Ekki veit ég hvernig Bordeaux-búar fara að því að troða gæsalifrarkæfu inn í hvaða tegund af mat sem er, og láta það smakkast vel í þokkabót.

**RÓMÓ ÚT AÐ BORÐA:** Sunnudagshádegi á Marché des Chartrons. Götumarkaður á hverjum sunnudegi þar sem vænlegast er í góðu veðri að næla sér í eina rauðvínsflösku, nokkra osta og smávegis brauð og lífræna ávexti á spottprís og tylla sér á árbakkann. Með ljúfa lírukassatónlist í bakgrunni og smávegis sólskin í kaupbæti er erfitt að forðast smá rómantík.

**LÍKAMSRÆKTIN:** Að sofa rækilega yfir sig og drífa sig á harðahlaupum í skólann. Ódýr og vistvæn leið til að sameina heilbrigða sál í hraustum líkama.

**BEST VIÐ BORGINA:** Ljúft veðurfar og að allt skemmtilegt og áhugavert skuli vera í göngufæri, nokkurn veginn hvar sem maður er staddur.

**BEST GEYMDA LEYNDARMÁLIÐ:** Háskólamötuneytin, sem er smekklega stráð út um alla borg. Hvar annars staðar getur maður fengið þríréttaða máltíð bæði í hádeginu og á kvöldin og stundum um helgar fyrir minna en 3 evrur? Þau eru sannkallaðar vinjar í eyðimörkinni fyrir aðkrepptar buddur.

**UPPÁHALDSVERSLUNIN:** Marché des Chartrons, H&M að sjálfsögðu og bókabúðin Mollat. Þar er hægt að kaupa Halldór Laxness, Sjón og Arnald Indriða þýdda á frönsku, ásamt bókum frá öllum heiminum um allt milli himins og jarðar. Ég veit ekki hversu oft ég hef týnst þar inni en aldrei langað til að finna leiðina út aftur.





# heima

✻ hver ætli sé efstur á lista?



**EPAL Í SKULD**

Verslunin epal á Laugavegi hefur flutt sig um set, í verslunina Skuld á Laugavegi 51. Í versluninni má finna bæði íslenska og erlenda gæðahönnun.

MARTA MARÍA JÓNASDÓTTIR martamaria@365.is



## DAUÐALISTINN

Fyrr á árinu fékk ég hótunarbréf frá Intrum og mér tilkynnt að ég skuldaði 1.300 krónur hjá myndbandaleigu í Fákafeni. Bréfinu fylgdi nafn myndarinnar ásamt dagsetningu og ásökun um að myndinni hefði verið skilað of seint. Þótt 1.300 kall komi mér yfirleitt ekki úr jafnvægi fór þetta svolítið fyrir brjóstið á mér því ég kannaðist ekkert við að hafa leigt myndina.

**UNDARLEGUR EIGANDI** Um það bil mánuði síðar kom annað bréf og hafði upphæðin hækkað nokkuð síðan síðast. Þá tók ég mig til og fletti því upp að ég hefði verið erlendis þegar myndin var tekin. Þegar ég hringdi í Intrum var mér tjáð að hringja á myndbandaleiguna og tala við eigendann. Þegar ég hringdivar mér sagt að eigandinn væri ekki við og stúlkan sem svaraði í símann gat ekki gefið mér upp hvenær eigandinn yrði næst við. Ég gafst því eiginlega upp.

**SÍMTAL Á MATMÁLSTÍMA** Nokkrum mánuðum síðar fékk ég símtal frá Intrum þar sem ég var beðin um að borga skuldina. Ég sagði konunni í símanum að ég kannaðist ekkert við umrædda mynd og spurði hana hvort myndbandaleigan gæti sannað að myndinni hefði verið skilað of seint. Þá varð lítið um svör. Eftir samtalið fékk ég frið í nokkrar vikur þangað til enn eitt bréfið barst og upphæðin var orðin eins og á meðal skópari.

**EIGINMAÐURINN RANKAR VIÐ SÉR** Þá ofbauð eiginmanninum þetta allt saman og krafðist þess að myndbandaleigan sannaði að ég hefði tekið myndina því hann hélt jafnvel að hann hefði sjálfur verið að verki. Nokkrum vikum síðar kom sannleikurinn í ljós. eiginmaðurinn hafði sem sagt labbað inn á myndbandaleiguna, leigt mynd á annarri kennitölu, borgað með sínu korti og allt var klappað og klárt. Í framhaldinu fór ég að velta því fyrir mér hvort þetta kerfi væri ekki orðið svolítið úrelt. Það er lítill vandi að leggja kennitölur fólks á minnið og það er greinilega leikur einn að misnota þetta út í hörgul.

**DAUÐALISTINN** Í fórum mínum á ég lista yfir fólk sem mér er meinilla við. Ég hef þó hamið mig hingað til og ekki farið út í neinar svæsnar hefndaraðgerðir. Nú er ég hins vegar búin að finna töfralausnina enda hefur þetta ár meira og minna farið í bögg frá Intrum út af myndbandsspólu sem ég leigði aldrei. Næst þegar mig þyrstir í hefnd ætla ég að rölta niður í Fákafen, leigja klámmynd eða eitthvað þaðan af verra á nafni viðkomandi, borga með peningum og skila henni aldrei …

Valgerður Magnúsdóttir hefur framleitt undurfagra jólasveina

# KOMA MEÐ RÉTTA JÓLAANDANN



Valgerður Magnúsdóttir hönnuður



Listakonan Valgerður Magnúsdóttir eða, Vala eins og hún er kölluð, hefur dundað sér við það síðasta mánuðinn að framleiða jólasveina og jólatré. Jólasveinarnir eru ákaflega krúttlegir og hægt að stilla þeim upp einum og sér eða raða þeim saman í hópum. Það er ekki hægt að segja annað en að þeir komi með sannan jólaanda inn á hvert heimili. Þeir eru úr þæfðu ullarfilti og það skemmtilega við sveinana er að engin þeirra er eins. Í botni hvers jólasveins og hvers jólatrés eru steinar úr náttúrunni sem gerir formið breytilegt og þeir verða stöndugri. Þegar Vala er spurð um jólasveinaframleiðsluna segist hún hafa dreymt um að vera sinn eigin herra og hafi því bara kýlt á það. „Ég hef alltaf unnið mikið í höndunum. Í október byrjaði ég að leika mér heima og fannst þetta vera eitthvað sem ég gæti framleitt. Ég er í skóla og heima með lítið barn. Í kreppunni vildi ég skapa sjálfri mér atvinnu. Mig hefur alltaf langað að fara út í framleiðslu en hef hingað til bara hannað og saumað eitt og eitt eintak af hverju," segir hún. Um þessar mundir stundar Vala nám á listnámsbraut við Iðnskólann í Hafnarfirði en hún lærði keramik og skúlptúr í Engelsholm í Danmörku. Hún starfaði einnig sem aðalhönnuður hjá tímaritinu Fimum fingrum auk þess að hafa leiðbeint á fjölda námskeiða í keramikmálun, trémálun og almennum hannyrðum. Þegar kom að því að koma jólasveinunum í verslanir gerði hún lista yfir þær sem hana langaði að selja í; Kokku, Iðu, Rammagerðinni og Lífi og list. Það vildi ekki betur til en að öllum verslunum leist vel á jólasveinana og því eru þeir til sölu í þeim öllum. „Þetta kom mér mjög mikið á óvart en auðvitað er ég himinlifandi að íslenskar verslanir skuli styðja við bakið á íslenskri hönnun," segir Vala. Fljótlega mun hún opna heimasíðuna Valadesign.is og hyggur hún á frekari framleiðslu. martamaria@365.is






**Borðstofan** Veggfóðrið býr til flotta stemningu.



**Baðherbergi** Hér sést hvernig veggfóður er notað utan um klósettkassann. Til að veggfóðrið þoli álagið á svona stöðum borgar sig að lakka yfir það með sérstöku glæru veggfóðurslakki svo það sé auðveldara að þrífa það.

Veggfóður notað á sniðugan hátt

# Breyttu hreysi í höll

Veggfóður getur búið til rétta stemningu inni á hverju heimili ef það er bara valið nógu vel. Á þessu heimili sést hvernig veggfóður er notað á öðruvísi hátt en við eigum að venjast. Íslendingar eru oft ansi hræddir við veggfóður eftir að þjóðin veggfóðraði yfir sig fyrir um 40 árum. Þetta gæti þó orðið það sem koma skal því í raun er það ekki mikið dýrara að veggfóðra en að mála veggina. martamaria@365.is



**Veggfóðraðu smábút** Hér sést hvernig hægt er að veggfóðra að hluta til án þess að það verði eitthvað klúðurslegt.

# VAR MARÍA MAGDALENA LÆRISVEINNINN SEM JESÚS ELSKAÐI?

Hér er dregin upp mynd af einni dularfyllstu söguhetju fornaldar. Hvert var hlutverk hennar og tenging við Jesú Krist?

Þórhallur Heimisson beitir aðferðum leynilögreglusögunnar og tekur lesendur með sér í spennandi rannsóknarleiðangur.

Frá aldaöðli hefur María skipað sérstakan sess í huga fólks, jafnt þeirra sem fylgdu söguskoðun kirkunnar og efasemdarmanna.




- Reyndi kirkjan að fela sannleikann um Jesú og Maríu Magdalenu?
- Var María kannski vændiskona?
- Hvað varð um Maríu eftir krossfestinguna?

Í bókinni er ýmsum spurningum svarað en að sama skapi vakna margar nýjar. En eitt er víst að María Magdalena hefur markað dýpri spor í mannkynssöguna en margan grunar.

www.Salka.is Salka

Salka/GBÓ

# núna
*allt á útopnu...




## VALHOPP

Ekki láta hreyfimyndabókina Valhopp fram hjá þér fara. Bókin er eftir Rufus Butler Seder en hún er einstök hreyfimyndabók þar sem nýstárleg blanda af tækni og hugmyndaflugi fyllir bókina lífi.

Draumabókin fyrir allar konur

# Réttu **trixin** til að líta vel út

Mikil gleði og stemning ríkti á Apótekinu þegar Þuríður Stefánsdóttir fagnaði útgáfu bókar sinnar Förðun – þín stund, sem gefin er út hjá SÖLKU. Bókin kom út fyrir tveimur vikum og eftir þrjá daga var hún komin á metsölulista Pennans. Þuríður, eða Þura eins og hún er alltaf kölluð, hefur komið víða við. Auk þess að hafa skrifað þessa glæsilegu bók hefur hún kennt förðun í Tækniskólanum og haldið námskeið fyrir konur á öllum aldri. Fjöldi fólks kom í útgáfuboðið og svo kórónaði leynigesturinn allt saman; það var enginn annar en Raggi Bjarna sem kom og söng nokkur lög af nýju plötunni sinni.



**Hressar og kátar** Þuríður Stefánsdóttir, höfundur bókarinnar, er hér ásamt Hildi Hermóðsdóttur, eiganda Sölku bókaútgáfu.



**Magnaðar konur** Súsanna Svavarsdóttir og Sigríður Klingenberg drukku í sig förðunarráðin.



**Í stuði** Gerður Kristný mætti í boðið en hér er hún ásamt Völu Ósk Bergsteinsdóttur, Sigrúnu Maríu Kristinsdóttur og Vigdísi Stefánsdóttur.



**Héldu uppi stuðinu** Lára Ómarsdóttir, Hjördís Rut Sigurjónsdóttir, Erla og Valgerður Lillý Pétursdóttir skemmtu sér vel.



**Drottningarnar af RÚV** Þórdís Arnljótsdóttir, María Sigrún Hilmarsdóttir og Rún Ingvarsdóttir voru flottar í tilefni kvöldsins.

Fjölmiðlakonur skemmtu sér konunglega í árlegu boði

# TJÚTTAÐ&CHILLAÐ

Árlegt fjölmiðlakvennaboð var haldið í Iðnaðarmannasalnum í Skipholti fyrir viku. Fjölmenntu allar helstu skvísurnar af fjölmiðlum landsins og höfðu þær um nóg að tala. Lára Ómarsdóttir, einn af skipuleggjendum boðsins, kann að búa til réttu stemninguna en hún lét nokkrar í hópnum syngja lag um dýr eftir föður sinn, Ómar Ragnarsson. Þetta vakti mikla kátínu. *- mmj*


ÍSLENSK ÞJÓÐFRÆÐI
NÝ BÓK EFTIR ÞÓRÐ Í SKÓGUM




Forneskja, fornt handverk, huldufólk, heyannir og ættarfylgjur eru aðeins nokkrir þeirra þátta sem fjallað er um í þessari glæsilegu bók Þórðar Tómassonar. Ennfremur er fjallað um fornleifauppgröftinn á Stóru-Borg, kveðskap og margt fleira.

Enn eitt eljuverk hins aldna fræðaþular í Skógum.

NÝJAR BÆKUR GAMALT VERÐ!

SKRUDDA
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is


Góð stemning í opnun Einveru:

# Flutti úr **heimahúsi** í bæinn

Verslunin Einvera var starfrækt á heimili systranna Katrínar Öldu og Rebekku Rafnsdætra. Nú ákváðu þær að taka skrefið til fulls og fluttu verslunina á Laugaveginn. Í tilefni af því héldu þær dúndurpartí þar sem allar helstu pæjur landsins létu sjá sig.



**Kynntu sér helstu tískustrauma** Alma Tryggvadóttir og Guðrún Edda Guðmundsdóttir nutu veitinganna og skoðuðu það sem verslunin hefur upp á að bjóða.



**Megaskutlur** Helena Jónsdóttir og Anna María Tómasdóttir eru tvær af best klæddu konum landsins. Anna María á ekki langt að sækja það en hún er dóttir Þórunnar Elísabetar Sveinsdóttur búningahönnuðar sem hefur dásamlegan fatastíl.



**Systur í stuði** Katrín Alda Rafnsdóttir og Rebekka Rafnsdóttir voru mjög ánægðar með daginn.

# RISA

# ÍÞRÓTTA- OG SKÓMARKAÐUR

**29. og 30. nóv Félagsheimilið Þingborg austan Selfoss**
**1. og 2. des. Félagsheimilið Miðgarður við Akranes**
**3 – 5. des. Laugardalshöll**
**Opið 13.00 – 19.00 alla dagana**

## Gefðu nytsama Jólagjöf

**Hjá okkur er ekki verðbólga, bara ennþá betri verð**

## MERKJAVÖRUR Á FRÁBÆRU VERÐI!

**Nokkur dæmi um verð:**

- Reebok bolir - áður kr. ~~2490~~ nú kr. 1000
- Reebok Polo bolir - áður kr. ~~4990~~ nú kr. 1000
- Reebok sportskór - áður kr. ~~9990~~ nú kr. 2500
- Hummel fótboltabuxur - áður kr. ~~3990~~ nú kr. 2900
- Hummel barnagallar - áður kr. ~~7990~~ nú kr. 4990
- Nike fótboltabolir - áður kr. ~~4990~~ nú kr. 2500
- Nike stuttbuxur - áður kr. ~~3990~~ nú kr. 2500
- Puma gervigrasskór - áður kr. ~~6990~~ nú kr. 3990

Reebok PUMA hummel

Punto Blanco NIKE errea

*Sportnet.is*

# tíðin

✻ stuðáhöfnin komin í gír

**JANIS JOPLIN** Nú eru síðustu forvöð að sjá Janis 27 eftir Ólaf Hauk Símonarson, því í kvöld er síðasta sýning fyrir jól. Ilmur Kristjánsdóttir og Bryndís Ásmundsdóttir fara á kostum í hlutverki Janisar svo það er um að gera að skella sér í Íslensku óperuna í kvöld.

**JÓLAMARKAÐUR Í HEIÐMÖRK** Jólamarkaður Skógræktarfélags Reykjavíkur við Elliðavatn opnar á morgun. Þar er hægt að kaupa nýhöggvin íslensk jólatré, handunnar jólaskreytingar og föndra sitt eigið jólaskraut úr náttúruefni skógarins. Tilvalinn staður til að koma sér í jólaskapið.

## DÍANA MIST

***Föstudagur 21.nóvember:*** **Engir reyniviðir á ferð**

Jæja, flöskudagurinn runninn upp bjartur og fagur. Það er þetta sem maður lifir víst fyrir. Í leit að ást og ævintýrum en þau gerast varla þegar maður er einn heima. Fór í smá boð í heimahús sem var svo fjandi leiðinlegt að ég neyddist til að fara í bæinn hið snarasta. Á b5 var allt á fullsving. Góðærisblakkur passaði upp á að allt færi vel fram og svona. Þar voru **Guðbjörg Huldís** förðunarmeistari, **Helga Ólafs** fatahönnuður, **Björn Ólafsson** og **Hulda Pé** hjá Nýja Kaupþingi. Eftir nokkur dansspor og smá sveiflu kíktum við vinkonurnar á Kaffibarinn. Þar var **Stefán Svan** í KRON KRON í geðveiku stuði og það var líka **Natalie DJ**. Eftir nokkra drykki kíkti ég yfir á Ölstofuna. Þar var **Kolbrún Björnsdóttir** útvarpskona og **Hjördís Rut Sigurjónsdóttir,** ritstýra á Nýju lífi. Á þessum tímapunkti ákvað ég að drífa mig heim enda hafði enginn reynt við mig, djöfull...



***Laugardagur 22.nóvember:*** **Hot hot or not**

Tók laugardaginn frekar rólega framan af. Maður verður að jafna sig þegar það er ekkert reynt við mann á börunum. Sá að pallíettusamfestingurinn sem ég klæddist um þarsíðustu helgi var miklu sleikvænni. Svo klikkar náttúrulega aldrei að vera í stuttu pilsi, strákum finnst það hot. Kíkti á huggulega opnun á veitingastaðnum Pisa í Lækjargötu. Þar var **Magga Rósa,** eigandi staðarins, í miklu stuði og bauð upp á heitt kakó og girnilegustu tapassnittur sem ég hef smakkað. Þar voru **Valentína Björnsdóttir,** framkvæmdastjóri Móður Náttúru, **Valur Grettisson** blaðamaður, myndarlegi sjónfræðingurinn **Jóhannes Ingimundarson**, **Guðrún Ásmundsdóttir** leikkona og **Bryndís Berg** ofurhjúkka. Um kvöldið kíkti ég á opnunarteiti bókarinnar, Forstjóri dagsins. Þar sá ég glitta í Togga kvikmyndgerðarmann, **Óttarr Proppé** og **Óttar Norðfjörð** rithöfund. Þar voru líka **Krummi** og **Bjarni** í Mínus, **Lóa** og **Árni** plús 1 úr FM Belfast og **Hugleikur Dagsson**. Það var alveg sama sagan þarna svo ég fór bara heim, hitaði mér kakó og horfði á fyrstu seríuna af Dallas…





## TOPP 10



**MYRRA LEIFSDÓTTIR**
**listakona**

***UPPÁHALDSKJÓLLINN MINN*** frá Aftur sem Bára Hólmgeirsdóttir rekur og hannar.



***SILFURHÁLSMEN*** sem kærastinn smíðaði handa mér í afmælisgjöf í sumar.



***MYNDAVÉLIN*** góða.



***RÚMIÐ MITT*** sem er uppáhaldsstaðurinn heima.



***LITLA LISTASAFNIÐ*** er ómetanlegt, er farin að líma inn myndirnar eftir Eld í möppur.



***SVARTIR FILTPENNAR,*** lífsnauðsyn.



***STYTTUSAFNIÐ MITT,*** sem er blanda af styttum og leikföngum frá ýmsum heimshornum.



***FJÖLSKYLDUMYNDIR*** pabbi, Leifur ljósmyndari og konan hans Sissa eru dugleg að dokumenta fjölskylduna á filmu.




***DAGATALSBÆKURNAR,*** sem við Kría gerðum ásamt mörgum góðum konum, þær koma skipulagi á tilveruna.



***KEYPTI ÞESSA FRÁBÆRU SKÓ*** frá Fly London í Svíþjóð í fyrra, hef átt margar góðar stundir í þeim.



# ÆVAR ÖRN JÓSEPSSON

# . . . Í BANASTUÐI

UPPHEIMAR

Splunkuný glæpasaga frá
Ævari Erni Jósepssyni,
höfundi SVARTRA ENGLA

Erlend glæpasamtök,
nýríkir útrásarvíkingar,
hrun efnahagslífs á Íslandi
. . . MORÐ!

LAND TÆKIFÆRANNA
er fimmta bók Ævars um
þau Stefán, Katrínu, Guðna
og Árna

SJÓÐHEIT GLÆPASAGA
sem gerist haustið 2008!








# LAND
# TÆKIFÆRANNA

GLÆPASAGA



# KLINGENBERG SPÁIR



**Stefán máni Sigþórsson rithöfundur**

„Stefán Máni Sigþórsson er fæddur 03.06.1970. Lífstalan hans er því 26, sem er jafnt og 8. Áttustrákarnir eiga það oft sameiginlegt að vera dálítið ofvirkir, kraftmiklir og vinna hlutina í skorpum. Karlmenn sem eru fæddir í áttunni vita alltaf hvað þeir vilja og ganga beina leið að takmarkinu. Oftar en ekki reka þessir menn fyrirtæki, eru frumkvöðlar, áberandi í íþróttum og því starfi sem þarfnast krafts og dugnaðs. Karlmenn með lífstöluna 8 þurfa alltaf að hafa eitthvað fyrir stafni, annars hundleiðist þeim.

Stefán Máni er að byrja á árstölunni 1 á þessu ári svo þetta ár er honum nýtt upphaf, sem skapar honum fengsæld og frama. Framhaldið á næsta ári segir til um að Stefán mun blómstra, afkasta meiru og verða einn af afkastamestu rithöfundum sem Ísland hefur alið.

Karlmenn í áttunni eiga það sameiginlegt að vera með extra mikinn kynþokka sem hjálpar þeim áfram til að ná takmarki sínu. Yfirleitt eru þessir menn líka með fegurri mönnun, eins og sannast á Stefáni Mána. Hann ætti að vera í essinu sínu þessi ár sem eru framundan, allavega hvað starfsframa varðar. Mikilvægt er fyrir hann að tengjast náttúrunni, verða hálfgerður hellisbúi þegar hann skrifar, fá vindinn í fangið og fylla vitund sína af lyktinni af þanginu. Hann fær innblástur af höfuðorkum Íslands, svo Ísland mun fleyta honum út um allan heim og engar áhyggjur þarf hann að hafa af ástandi krónunnar. Til hamingju Stefán Máni.“

www.klingenberg.is



# FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

**Alan Jones söngvari**



1. **Ég myndi vilja syngja fyrir fólk til að sýna hvað í mér býr. Tónlistin er stór hluti af mér og hefur kraft til að lækna sálina.**



2. **Fara í líkamsrækt því það tekur burt stress og lætur mér líða vel.**



3. **Slaka á, því mér finnst frábært að taka því rólega og horfa á góða mynd með vinum, eða bara einn.**



4. **Hitta vini í kaffi og spjall, það er svo gott að hitta vinina reglulega og tala um daginn og veginn.**

5. **Sofa, því það er fátt betra en góður nætursvefn eftir langa og stranga viku.**





## BÍLAR & FARATÆKI

bifreiðasalan



Land Crusier 90, árg 1997, ek 216þ 33" sjáfsk,7manna, nýtt hedd og m.fl.



HONDA valkyrie 2006 ek 6þ v/2890 TILBOÐ RN-240111



BMW 320 TDi 11/2004 ek. 119 þ. V. 3.390.000 Mjög flottur bíll.

**Bifreiðasalan**
**Tangarhöfða 2, 112 Reykjavík**
**Sími: 577 4400**
**www.bifreidasalan.is**

Auglýsingasími 512 50 50 – Mest lesið

Bílalíf.is Bílasala Matthíasar



TILBOÐ 990Þ. TOYOTA LAND CRUISER 90 DÍSEL. Árg. 1997, ek. 194 þ.km, mjög gott eintak, smurbók. Tilboðsverð 990Þ. Til sýnis og sölu hjá Bílalíf, Kletthálsi 2, S.562-1717. Sjá fleiri myndir á www.bilalif.is Rnr.250050

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18 laug. 12-16.**
**www.bilalif.is**

TOYOTA SELFOSSI



Óskum eftir Toyota Hilux bifreiðum frá 50.000 kr. uppí 600.000 kr. Erum með kaupendur. Ath einnig á norðurlandi. Einnig óskum við eftir Land Cruiser 90 í kringum 700.000 kr. Má vera ódýrari.

Óskum einnig eftir gömlum Hiace bifreiðum, helst bensín, Corolla og Carina árg '97 og yngri og einnig óskum við eftir vinnuvélum og vörubílum á skrá.

**Toyota Selfossi**
**Fossnes 14, 800 Selfoss**
**Sími: 480 8000**
**http://www.toyotaselfossi.is**

100 bílar.is bílasala

Vegna mikillar sölu óskum við eftir ódýrum bílum á skrá!



PORSCHE CAYENNE S, árg 2004, ek.69þús.km, 350 hö, sjálfsk, loftpúðafjöðrun, leður, lúga, Flottur bíll hlaðinn aukabúnaði !!!, Tilboðsverð 4490 þús. kr!! Listaverð 5500þús.kr!!!

**100 bílar ehf**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



MMC Outlander turbo '05 ek. 64þ. Leður, dvd, drátt.kr. V. 2,2 tilb. 1.850. S. 866 7723.



Ford Focus staion árg '99, ek. 180 þús, bs. Gott eintak. Verð 330 þús. Uppl. í síma 848 4490



Skoda Octavia Wagon 1,9 diesel 2005 ek. 98þ.km ný skoðaður, ssk. sumar og vetrardekk á felgum. Tilboð 1799.000.- Uppl. í síma 848 4490



BMW 545, 340hö, 65þ.km 19" M-felgur, hljómkerfi, sóllúga, leðursæti etc. Þjónustaður af B&L. 16l/100. Glæsilegt eintak. Ásett 4.990.-, gott staðgreiðsluverð. S. 858-6709



Nissan primera 1,6 árg.11/00 ekin 186.000verð 330.000 sk.09 góð vetrar dekk s.864-7612



Land Cruiser 120 VX '03 einn með öllu, lúga, krókur. Verð 3.950.000. Uppl. í s. 695 1154.



MMC LANCER 4X4 árg.1997 ekinn 162 þús. 5 gíra, rafm í rúðum sk.09 nagladekk. Tilboð 195 þús. S. 847 7663.



DÍSEL. Til Sölu AUDI A6 QUATTRO ( 4x4) 2,7 L vél 190 hö. ek. 30 þús. þetta er fyrrum sendiráðsbíll. Ásett 5,7 mill. ath. skipti. Uppl. í s. 863 2121.



Jólin koma ! Fjarstýrðir bílar fyrir stóra stráka Motocross fatnaður á alla fjölskylduna Láttu þetta ekki vanta í pakkana til ástvina þinna.



Til sölu Toyota Yaris Terra 2008 1,0 beinsk. hv. 5 dyra ek. 31 þ. Listav 1670 þ. Ásett verð 1570 þ. S. 868 2352.

Subaru Legacy Ãirg.'95 station. KrÃ³kur, sk.'09. Ssk. VerÃ° 95 Ã¾. Uppl. Ã s. 897 8779.

### Einstaklingsíbúð í R 1

Til sölu. Lagleg með góðu Íbls. láni +3m. Laus. Skoða skuldlausan bíl sem milligjöf. Áhugasamir sendi á: gardur-re@hotmail.com

Ford Mondeo 1.6 '98 ek. 180þ. Selst á 130 þ. Uppl. í s. 663 0221.





Seldu bílinn úr landi með aðstoð islandus.com. Skrifstofa okkar í Evrópu selur og afgreiðir bíla inná 700 milljóna manna markaði í Evrópusambandinu, Noregi og Austur Evrópu. Láttu islandus.com sjá um að markaðssetja og selja þinn bíl úr landi á hagstæðum kjörum. Kaupum bíla til útflutnings. Sjáum um útflutningsferlið og breytingar á bílum til skráningar erlendis. Upplýsingar í síma 5522000 og á www.islandus.com

## 0-250 þús.



**TILBOÐ 230 þús!!! SJÁLFSKIPTUR**

MMC Lancer glxi árg '97 ek.180 þús. ný skoðaður' 09, ssk, álfegur sumar og vetrardekk, fínn bíll sem eyðir litlu, ásett verð 350 þús. TILBOÐ 230 þús!!! s.841 8955



**4X4 með 50% afsl!!**

Subaru Impresa Vagon árg '99, ek. 196 þús, sk '09, dráttarbeisli, nýtt í bremsum, búið að skipta um tímareim. Verð 250 þús. S: 894 7066

## Tilkynningar



Til leigu 150 og 250 m2 nýtt iðnaðarhús. Hurð 4,2x4,2. Stórt útisvæði. Passar f. trailer. Gott verð. Laust. S. 660 1060.

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**geymslaeitt.is**
Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

## Gisting

**Gisting í Kaupmannahöf**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Nánari uppl. á www.stracta.com eða í s. 822 7303, 891 8612, +4527111038 eða annalilja@stracta.com.



**Sölufólk óskast**
Duglegt og ábyggilegt sölufólk óskast til að selja jólakort fyrir Blindrafélagið. Góð sölulaun í boði. Uppl. á skrifstofu Blindrafélagsins frá kl. 9-16, s: 525-0000, tölvup. blind@blind.is

Lækjarbrekka
*Alltaf sígild - Alltaf ljúf*

**Lækjarbrekka**
**Rótgróið, þekkt veitingahús getur tekið að sér nema í matreiðslu.**
**Upplýsinga veitir Sigríður, 691 2435 milli 10-12 og 14-17 eða sigridur@laekjarbrekka.is**

Netviðskiptaskóli Íslands
Námskeið að verðmæti 50þús. GEFINS í dag.Lærðu nýja tekjuleið í dag! Farðu á www.netvidskipti.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Jói Fel

**Bakaríið hjá Jóa Fel / Ræstingar**
**óskum eftir að ráða manneskju í ræstingar í Holtagarða, vinnutími frá 12:00-16:00**
**Upplýsingar gefur Linda í s. 863 7579**

**Búðu þér til góðar tekjur á Netinu.**
**Rafrænt námskeið í netviðskiptum fyrir alla sem hafa áhuga á að búa sér til sjálfstæðar tekjur á Netinu.**
**Skoðaðu http://kennsla.com og fáðu allar frekari upplýsingar.**

Óskum eftir traustum einstaklingi á aldrinum 25-40 ára í útkeyrslu, sölustarf og fl. Vinnutími frá kl. 8-17. Nánari uppl. í s. 565 7744 milli kl. 16-17 virka daga og föstudaga milli kl: 15-16 Ökuréttindi og íslenskukunnátta skilyrði.

## Atvinna óskast

Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

**HENDUR.IS**
Auglýstu FRÍTT eftir starfskrafti á vefsíðu okkar.

## Til sölu

**MEST SELDA KYNLÍFSTÆKI KARLMANNA Í HEIMI**
Gefðu konunni frí og prófaðu hina einstöku múffu sem allir eru að tala um. Aðeins fáanleg í netverslun Fleshlight.is



**FLESHLIGHT.IS**

## Til leigu

FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
Pétur Þ. Sigurðsson hrl. löggiltur fasteignasali
Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

# TIL LEIGU

Ný glæsileg íbúð til leigu á besta stað á höfuðborgarsvæðinu ásamt stæði í bílageymslu.

**Upplýsingar í síma 693-7304 og 896-8750.**

# TILKYNNINGAR

## Fundir




Verum samtaka og byggjum upp opið og þverpólitískt kosningabandalag. Byltum Íslenskum stjórnmálum með einstaklingsframboðum og beinu lýðræði. Komdu á næsta fund. Fimmtudag kl. 20:00 í Vogasel 1, 109 Rvk. Laugardag Kl. 16 Mótmælendakaffi í Hressó Austurstræti. Mánudag kl. 16 Fullveldiskaffi í Hressó Austurstræti. Við erum opin, óháð og frjáls samtök. Allir hjartanlega velkomnir. Nánari upplýsingar á www.lydveldi.is

## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur S. 908 6666, opið allan sólarhringinn.**

**Öll stærstu símafyrirtækin ná nú í gegn.**

**Ný upptaka!**
Frábær hljóðritun konu sem lifir sig fullkomlega inn í sína eigin fantasíu. Þú heyrir þessa heitu upptöku hjá Sögum Rauða Torgsins í síma 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort, ath. mun ódýrara), upptökunr. 8377.

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Skemmtun**
Karlmaður um fertugt, 170 cm/62 kg, vill kynnast karlmanni með skemmtun í huga. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8754.

**Tilbreyting**
29 ára bráðfalleg kona leitar kynna við karlmann með lausleg kynni í huga. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, sími 908-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8931.

**Yngri maður**
54 ára karlmaður vill kynnast karlmanni, 20-40 ára. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8889.

**Gefðu vatn**
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## Tilkynningar

Skipulags stofnun

### Mat á umhverfisáhrifum
### - Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

- **Djúpadalsvegur -frá Vestfjarðavegi á Hallsteinsnesi til Djúpadals, Reykhólahreppi**
- **Endurnýjun starfsleyfis Sementsverksmiðjunnar á Akranesi**

Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þær er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is.**

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **29. desember 2008.**

**Skipulagsstofnun**

## Fundir / Mannfagnaður

# Hluthafafundur

Þann 5. desember 2008 kl. 08.00 verður haldinn hluthafafundur í Flögu Group hf. Fundurinn verður haldinn að Hilton Reykjavík Nordica við Suðurlandsbraut.

**Dagskrá:**
1. Kynning stjórnar á fyrirhugaðri fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins.

2. Tillaga um breytingu á samþykktum félagsins, m.a. breytingu á fjárhæð hvers hlutar, breytingu á ákvæðum um skilmála breytanlegra skuldabréfa sem félagið hefur gefið út og eru á gjalddaga þann 15. janúar 2009, um fækkun stjórnarmanna úr fimm í þrjá o.fl.

3. Stjórnarkjör.

4. Önnur mál löglega fram borin.

Endanleg dagskrá og tillögur sem bornar verða upp á fundinum munu liggja frammi á skrifstofu LEX ehf. Borgartúni 26, 3. hæð, Reykjavík, í síðasta lagi viku fyrir fundinn.

**Stjórnin**

## Tilkynningar

1908 2008 Hafnarfjörður hundrað ára

# Auglýsing um skipulag
## – Hafnarfjarðarkaupstaður

**Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025, Öldutúnsskóli.**

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 21. október 2008, að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025 vegna Öldutúnsskóla í samræmi við 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Tillagan felur í sér að tveimur svæðum sunnan og austan við Öldutúnsskóla sem í gildandi aðalskipulagi eru skilgreind sem óbyggð svæði, verði breytt í stofnanasvæði. Með landnotkunarbreytingunni er rýmkað fyrir stækkun lóðar Öldutúnsskóla og að lóðin verði gerð samfelld vegna fyrirhugaðs íþróttahúss, lóðin stækkar úr 18.600 $m^2$ í 23.948 $m^2$. Jafnframt verði Öldugata flutt til austurs á kaflanum frá Bárukinn að Hvammabraut til að stuðla að auknu umferðaröryggi nemenda skólans.

**Auglýsing um breytingu á samþykktu deiliskipulagi Öldutúnsskóla í Hafnarfirði.**

Bæjarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 21. október 2008, að auglýsa til kynningar tillögu að breytingu á deiliskipulagi Öldutúnsskóla í Hafnarfirði í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Tillaga að deiliskipulagi fyrir Öldutúnsskóla og nágrenni, reit sem afmarkast af Öldutúni, Öldugötu, Hvammabraut og Kvíholti. Skv. tillögunni er lóð Öldutúnsskóla stækkuð svo unnt verði að byggja íþróttahús við skólann og Öldugata færð austar.

**Tillaga að breyttu deiliskipulagi miðsvæði Valla, Tjarnarvalla 13 í Hafnarfirði.**

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar, samþykkti á fundi sínum þann 18. nóvember 2008, að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi miðsvæði Valla, Tjarnarvalla 13 í Hafnarfirði, skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Breytingin felst í að bygging verði á einni hæð í stað 2-4 hæða. Hámarks byggingarmagn verði 1068 $m^2$ í stað 5340 $m^2$. Nýtingarhlutfall verði að hámarki 0.4 í stað 2.0 og að bílastæði verði innan lóðar.

**Tillaga að breyttu deiliskipulagi miðsvæði Valla, Tjarnarvalla 2 í Hafnarfirði.**

Skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar, samþykkti á fundi sínum þann 19. nóvember 2008, að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi miðsvæði Valla, Tjarnarvalla 2 í Hafnarfirði, skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Breytingin felst í að gróðureyju fyrir grenndargáma sem staðsett er miðsvæðis á bílastæði Tjarnarvalla verði breytt í nýja lóð Tjarnarvelli 2. Á lóðinni verði 5x12 m byggingarreitur fyrir pylsuvagn og bílastæði. Nýtingarhlutfall nýju lóðarinnar verði 0.14. Grenndargámasvæði verði fært til norðurs með aðkomu frá bílastæði Tjarnarvalla.

Aðalskipulagið og deiliskipulögin verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, frá 28. nóvember 2008 – 29. desember 2008. Hægt er að skoða deiliskipulagstillögurnar á vef Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is/skipulag_og_framkvaemdir/skipulag Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta við aðalskipulagið eða deiliskipulögin er gefinn kostur á að gera við þau athugasemdir, og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 12. janúar 2009. Þeir sem ekki gera athugasemdir teljast samþykkir skipulaginu.

Kynningarfundur á skipulagstillögunum verður haldinn í Lækjarskóla mánudaginn 1. desember kl. 17:30

**Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar**

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐAR SÍMI 585 5500
WWW.HAFNARFJORDUR.IS

# Kári Stefánsson og regluverkið

UMRÆÐAN

Ólafur Gíslason skrifar um þjóðfélagsmál



ÓLAFUR GÍSLASON

Kári Stefánsson skrifar skemmtilega grein í Fréttablaðinu á laugardag þar sem hann rifjar upp hvernig hann á Þorláksmessu 1968 bjargaði félaga okkar Leifi Jóelssyni alblóðugum frá barsmíðum lögreglunnar í Bankastrætinu í kröfugöngu sem farin var í kjölfar verkfallsfundar í gamla Sigtúnshúsinu. Deiluefnin voru kjaramál, stríðið í Víetnam og valdarán í Tékkóslóvakíu og Grikklandi.

„Þetta var fyrir 40 árum … og við vorum hnípin fátæk þjóð og áttum greinilega í erfiðleikum með að skipta því sem við áttum á milli fólksins í landinu,“ segir Kári.

Nú, 40 árum síðar, erum „við“ í sambærilegri stöðu, segir Kári, en þó er eitthvað sem hefur breyst. Kári lýsir áhyggjum sínum af því að leynimakk stjórnvalda muni fara með þjóðarlíkamann eins og skurðlæknirinn á Landspítalanum sem fjarlægði eistað úr sjúklingi sínum í hagræðingarskyni og án hans vitundar „af því það var að flækjast fyrir mér í aðgerðinni“ eins og læknirinn komst að orði.

Niðurstaða Kára er sú, að við eigum að hætta að karpa um sökudólgana, því við séum öll sek: „Sumir kreistu þúsund milljarða úr bankakerfinu … en aðrir dáðust að þeim fyrir það.“ Sem sagt: við erum öll á sama báti og eigum að læra að vera góð hvert við annað eins og dýrin í Hálsaskóginum.

Í þessu sambandi er fróðlegt að bera saman átökin í kringum 1968 og það ástand sem ríkir í veröldinni nú. Á þeim tíma var járntjaldið enn við lýði og hin gamla landfræðilega heimsvaldastefna í fjörbrotum sínum með nýlendustyrjöldum í SA-Asíu og Afríku og beitingu hervalds gegn þjóðum Mið-Evrópu. Þetta voru átök sem snerust um yfirráð yfir landi og auðlindum og um sjálfstæði og sjálfsákvörðunarrétt þjóða. Átök sem áttu sér skilgreind landamæri og skilgreinda andstæðinga.

Í háskólum í Evrópu snerust námsmenn gegn úreltu og andlýðræðislegu menntakerfi og víða tengdist sú barátta jafnréttisbaráttu sem snerist um réttinn til lýðræðislegrar þátttöku í skipulagningu vinnunnar og skiptingar arðsins af henni.

Einnig þar voru landamæri skýrt dregin og andstæðingar skilgreindir, og þau landamæri voru mörkuð með táknrænum hætti af lögreglunni í Reykjavík á Þorláksmessu 1968 þegar hún lokaði Bankastrætinu og beitti friðsama mótmælendur ofbeldi með vasaljós að vopni, eins og Kári segir.

Nú eru aðrir tímar, og allt í einu eru landamærin horfin, óvinirnir orðnir óskilgreinanlegir og „allir á sama báti“. Hvernig stendur á því?

Kári fer lofsamlegum orðum um þær framfarir er hafi orðið hér á landi á þessum 40 árum og nefnir bygginu Hallgrímskirkju sem dæmi. Það eina sem brást var „regluverkið“ sem „lánaðist ekki að sjá til þess að áhættan sem þeir [útrásarvíkingarnir] tóku væri á þeirra kostnað … en ekki allrar þjóðarinnar“.

Í þessu samhengi getur verið áhugavert að líta út fyrir landamærin til heimsins í stærra samhengi. Einnig þar hafa orðið „framfarir“ sem birtast í glæstum mannvirkjum á borð við Hallgrímskirkju, en þó einkum í neysluaukningu sem jafnframt hefur stefnt vistkerfi jarðarinnar í stórhættu og skapað meiri ójöfnuð en hið gamla landfræðilega nýlendukerfi gat nokkurn tímann látið sig dreyma um. Opinberar tölur frá Sameinuðu þjóðunum segja okkur að „framfarirnar“ hafi skilað þeim árangri að 10% mannkyns hafi tekið sér 99% af eignaköku heimsins á meðan hin 90% láti sér nægja það eina prósent sem eftir stendur. Önnur skýrsla segir okkur að Norður-Ameríka og Evrópusambandið (12,6% mannkyns) losi nú um 40% þess koltvísýrings sem verður helsti orsakavaldur náttúruhamfara og vaxandi hungursneyðar þróunarlanda á komandi áratugum.

Nú um stundir stendur heimurinn á barmi kollsteypu þar sem við Íslendingar erum fyrstir í fallinu, en þegar bandaríski bílaiðnaðurinn fellur mun hann taka hagkerfi Vesturlanda og veraldarinnar allrar með sér í fallinu. Vistfræðin segir okkur að það sé einmitt þetta fall sem jörðin þurfi á að halda til þess að lifa. Bílaiðnaðurinn er hornsteinn þess Babelsturns sem mannkynið hefur reist sér. Hagfræðingarnir segja hins vegar að hagkerfi heimsins standi nú eða falli með aukningu eftirspurnar eftir bílum. Sjúkdóminn skal lækna með aðgerð sem kann að verða afdrifaríkari en þegar skurðlæknirinn á Landspítalanum fjarlægði eistað úr sjúklingnum í hagræðingarskyni.

„Framfarir“ síðustu 40 ára felast í því að landamærin hafa horfið. Landamærin á milli náttúruauðlinda og fjármagns, herra og þjóns, vinnuafls og auðmagns. Það er ekki lengur neinn veggur lögregluþjóna í Bankastrætinu til að verja yfirráðasvæði stjórnvalda og berja Leif Jóelsson í höfuðið með vasaljósi því við erum öll á sama báti. Það var „regluverkið“ sem brást, og nú þarf að rétta það við og þá verða allir vinir í Hálsaskógi. „Regluverkið“ er markaðurinn og undirstaða hans er skammtíma ágóði. Við Íslendingar fáum nú þá dýrmætu reynslu að vera fyrstir í falli hins mikla Babelsturns neyslusamfélagsins og markaðshyggjunnar. En heimurinn mun fylgja okkur í fallinu og ekki rísa upp samur. Þökk sé regluverkinu.

*Höfundur er listfræðingur og leiðsögumaður.*

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

ELDVARNAÁTAKIÐ 2008




Rannsóknir sýna að á fjölda heimila eru alltof fáir reykskynjarar – jafnvel enginn. Þó vitum við að reykskynjarar hafa bjargað fjölda mannslífa.

**Hlutverk slökkviliðsmanna** er að **bjarga fólki** og verðmætum.

**Þitt hlutverk** er að gæta eigin öryggis og fjölskyldunnar.

**Hættu að leika þér að eldinum.** Leitaðu upplýsinga um eldvarnir hjá slökkviliðinu þínu eða á lsos.is

www.lsos.is

www.tm.is

Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna stendur að Eldvarnaátakinu í samvinnu við TM og slökkviliðin í landinu.
Aðrir helstu stuðningsaðilar átaksins eru Brunamálastofnun, 112 og Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.

# Flokkshagsmunir gegn þjóðarhagsmunum

**UMRÆÐAN**
Jón Baldvin Hannibalsson skrifar um Evrópumál


JÓN BALDVIN HANNIBALSSON

Hvers vegna hefur Sjálfstæðisflokkurinn staðið þvert í vegi fyrir því að þjóðin gæti látið á það reyna, hvort brýnustu þjóðarhagsmunum væri betur borgið með aðild að Evrópusambandinu og upptöku evru?

Hvers vegna hafa forystumenn flokksins ekki viljað heyra á það minnst, jafnvel þótt meirihluti þjóðarinnar og meirihluti þeirra eigin kjósenda hafi löngum viljað láta á þetta reyna? Hvers vegna þverskallast forystumenn flokksins við öllum slíkum kröfum, þótt flestir forvígismenn íslensks atvinnu- og fjármálalífs, sem reyndar gera flokkinn út, hafi snúist á þá sveif með vaxandi þunga í seinni tíð?

Er þetta ekki í ósamræmi við þá viðteknu kenningu (eða goðsögn) að Sjálfstæðisflokkurinn hafi ævinlega haft forgöngu um nánara samstarf Íslendinga við aðrar þjóðir á sviði verslunar og viðskipta, þegar á hefur reynt? Eða er sú kenning bara bábilja sem stenst ekki nánari skoðun? Sjálfstæðisflokkurinn íslenski er eini hægri flokkurinn í gervallri Evrópu sem hefur forherst í andstöðu sinni við aðild að Evrópusambandinu. Meira að segja breska íhaldinu dettur ekki í hug að segja Stóra-Bretland úr Evrópusambandinu, þótt þeir hafi einatt allt á hornum sér þar innan dyra. Til þess eru viðskiptahagsmunir Breta af Evrópusambandsaðild allt of ríkir. Hvað veldur þessari sérstöðu íslenska íhaldsflokksins í reynd?

Sannleikurinn er sá að kenningin um forystuhlutverk Sjálfstæðisflokksins að því er varðar nánara samstarf við aðrar þjóðir á grundvelli fríverslunar stenst illa nánari skoðun. Þótt Sjálfstæðisflokkurinn hafi haft ótvíræða forystu um inngönguna í NATO og varnarsamstarfið við Bandaríkin á sínum tíma, gildir ekki það sama um frelsi í viðskiptum.

Lengst af sögu sinnar hefur Sjálfstæðisflokkurinn verið ríkisforsjár- og haftaflokkur, í helmingaskiptum við Framsóknarflokkinn. Valdakerfi flokksins var beinlínis byggt upp í kringum ríkisforsjá og pólitíska stjórnun á ríkisbönkum og sjóðum. Það borgaði sig fyrir atvinnurekendur að vera í Sjálfstæðisflokknum. Og það gat nálgast að vera refsivert athæfi að vera það ekki. Stóra undantekningin frá ríkisforsjárstefnu Sjálfstæðisflokksins var Viðreisnarstjórnin 1959-71. Hinn pólitíski frumkvöðull að auknu frjálsræði í viðskiptalífinu innan Viðreisnarstjórnarinnar var Gylfi Þ. Gíslason, formaður Alþýðuflokksins og viðskiptaráðherra Viðreisnar. Viðreisnarstjórnin afnam gjaldeyrishöft, skráði gengið rétt og jók frelsi í innflutningi. En því voru þröng takmörk sett sem Alþýðuflokkurinn gat tosað Sjálfstæðisflokknum í átt til aukins frjálsræðis. Það var einmitt á þessum árum sem landbúnaðurinn var í sívaxandi mæli gerður út á kostnað skattgreiðenda (útflutningsbætur). Ríkisvaldið ákvað fiskverð. Hvort tveggja gengi gjaldmiðilsins og vextir inn- og útlána var ákveðið af pólitíkusum. Útflutningurinn var háður pólitískum leyfisveitingum. Steingrímur Hermannsson segir frá því í ævisögu sinni að meðal verkefna í fyrstu samsteypustjórn sem hann tók þátt í hafi verið að ákveða verð á kók og prins póló.

### Helmingaskipti og ríkisforsjá

Allt var þetta ríkisforsjárkerfi niðurnjörvað út í ystu æsar samkvæmt helmingaskiptareglu Sjálfstæðisflokks og Framsóknar: Þetta handa okkur – hitt handa SÍS. Hlunnindum á vegum ríkisins var úthlutað eftir pólitískum verðleikum. Skjólstæðingar flokkanna höfðu forgang um lánveitingar úr bönkunum sem lutu stjórn pólitískra bankastjóra og bankaráða. Lánin voru óverðtryggð í 35-40% verðbólgu og því eftirsótt gæði; nánast pólitísk gjafavara. Þetta kerfi hélt velli og færðist raunar í aukana, eftir fall Viðreisnar 1971 og á framsóknaráratugunum sem tóku við. Það var ekki fyrr en verðtrygging fjárskuldbindinga og raunvextir komu til sögunnar og kollvörpuðu SÍS, sem hafði undir lokin lifað af nær eingöngu vegna pólitískrar fyrirgreiðslu, að helmingaskiptakerfi flokkanna skekktist á grunninum og hrundi loks saman.

Það var reyndar í tíð vinstristjórnar Steingríms Hermannssonar (1988-91)sem fyrstu skrefin í frjálsræðisátt voru tekin á ný: Frelsi í útflutningi, afnám gjaldeyrishafta og takmarkað frelsi til fjármagnsflutninga milli landa; einkavæðing Útvegsbankans og sameining banka. Síðast en ekki síst EES-samningurinn sjálfur, sem breytti öllu efnahagsumhverfi á Íslandi í frjálsræðisátt.

Stiklum á stóru um stefnu Sjálfstæðisflokksins í Evrópumálum á sl. tveimur áratugum. Segja má að Davíð Oddsson hafi hafið landsmálaferil sinn sem formaður aldamótanefndar Sjálfstæðisflokksins, þar sem hann lagði eindregið til að Ísland stefndi að inngöngu í Evrópusambandið. Þrátt fyrir þetta vegarnesti Davíðs var Sjálfstæðisflokkurinn í stjórnarandstöðu (1988-91), undir forystu Þorsteins Pálssonar, andvígur EES-samningnum. Í staðinn boðuðu sjálfstæðismenn tvíhliða fríverslunarsamning við Evrópusambandið um fisk, sem þeir vissu allan tímann að stóð ekki til boða. Þannig hikuðu þeir ekki við að láta ótvíræða þjóðarhagsmuni víkja fyrir meintum flokkshagsmunum.

Þegar Framsóknarflokkur og Alþýðubandalag hlupust undan ábyrgð á EES-samningnum fyrir kosningar 1991, átti ég ekki annarra kosta völ en að semja við Davíð Oddsson um stjórnarmyndun til að tryggja framgang EES-samningsins. Davíð tvínónaði ekki við að falla frá stefnu flokks síns í stjórnarandstöðu og styðja EES-samninginn, sem flokkurinn hafði áður lýst sig andvígan, til þess að komast í stjórn. Enn og aftur það valdastaða flokksins sem skipti mestu máli. Sjálfstæðiflokkurinn hafði því ekkert frumkvæði að EES-samningnum og lét aldrei brjóta á sér í málinu. Þegar mestur styrr stóð um EES-samninginn fyrir kosningarnar 1991, fór

> *Davíð tvínónaði ekki við að falla frá stefnu flokks síns í stjórnarandstöðu og styðja EES-samninginn, sem flokkurinn hafði áður lýst sig andvígan, til þess að komast í stjórn. Enn og aftur var það valdastaða flokksins sem skipti mestu máli.*

Sjálfstæðisflokkurinn með löndum. Hann óttaðist klofning. Það var ekki að ástæðulausu. Það var hörð andstaða við samninginn í landsbyggðararmi Sjálfstæðisflokksins allan tímann þannig að það mátti vart tæpara standa að samningurinn hlyti meirihlutastuðning á þingi (33 atkvæði gegn 23, og 7 sátu hjá).

### Landráðabrigsl

Það var ekki síst fyrir áhrif EES-samningsins sem Ísland náði sér aftur á skrið eftir lengsta samdrárttarskeið á lýðveldistímanum (1988-94). EES-samingurinn er ekki bara venjulegur fríverslunarsamningur sem tryggir okkur nær ótakmarkaðan markaðsaðgang á stærsta fríverslunarsvæði heimsins. Vaxtarhömlur hins örfámenna heimamarkaðar hurfu á svipstundu. Íslenskum fyrirtækjum opnuðust ný tækifæri á þá hundruð milljóna manna heimamarkaði. Sömu reglur giltu á svæðinu öllu um vöruviðskipti, fjármálamarkaði og á vinnumarkaði, auk þess sem samkeppnisreglur færðust í svipað horf. Þetta skapaði forsendur fyrir nýju framfaraskeiði, sem ekki léti á sér standa.

Af pólitískum ástæðum áttu aðstandendur EES-samningsins, sem fyrst og fremst var að finna meðal stuðningsfólks Alþýðuflokksins og Sjálfstæðisflokksins, fullt í fangi með að tryggja honum framgang með þjóðinni og á Alþingi. Andstæðingar samningsins úthrópuðu hann sem landráðagerning; þeir sögðu hann tákna endalok sjálfstæðis og framsal fullveldis; þeir héldu því fram að útlendir veiðiflotar mundu leggja undir sig Íslandsmið, að náttúruperlur og laxveiðiár mundu færast í eigu útlendinga og að landið mundi fyllast af erlendu verkafólki.Ekkert af þessu átti þá við rök að styðjast. En það er holt að minnast þessa málflutnings í aðdraganda næstu kosninga sem væntanlega munu snúast fyrst og fremst um eitt mál: Aðild Íslands að Evrópusambandinu og upptöku evru.Það verður ekki allt í anda kristilegs bróðurþels sem þá verður látið flakka af hálfu þeirra sem þykjast bera íslenskt þjóðerni utan á sér umfram annað fólk. Minnumst hins fornkveðna að þjóðremban er ævinlega seinasta athvarf skúrksins í allri pólitík.

Nú eru liðin fjórtán ár – þrjú og hálft kjörtímabil – frá því að EES-samningurinn gekk í gildi. Hingað til hefur það verið nær ágreiningslaust að samningurinn hafi reynst íslensku þjóðfélagi öflug lyftistöng til alhliða framfara. Meira að segja þeir sem voru harðir andstæðingar samningsins og fundu honum flest til foráttu hafa, eftir á að hyggja og að fenginni reynslu, sungið samningnum lof og prís. Helstu rök andstæðinga Evrópusambandsaðildar í öllum flokkum hafa reyndar verið þau að EES-samningurinn væri svo góður og tryggði svo vel hagsmuni Íslands í samskiptum við Evrópusambandið, að það væri óþarfi að stíga skrefið til fulls. Við nytum flestra þeirra réttinda sem Evrópusambandsaðild mundi veita okkur (aðild að innri markaði Evrópu á jafnréttisgrundvelli), án þess að þurfa að taka á okkur íþyngjandi skuldbindingar á móti.

### Pólitískt þrotabú

Alþýðuflokkurinn tók af skarið þegar fyrir kosningar 1995 um það að Ísland ætti að semja um aðild að Evrópusambandinu og að taka upp evru í stað krónu um leið og við fullnægðum settum skilyrðum. Samfylkingin, sem var mynduð við samruna fólks, sem áður hafði fylgt þremur flokkum að málum, þ.e. Alþýðuflokki, Alþýðubandalagi og Kvennalista, erfði Evrópustefnu Alþýðuflokksins og hefur fylgt henni síðan, þótt með hangandi hendi sé. Sjálfstæðisflokkurinn, undir forystu Davíðs Oddssonar og síðar Geirs Haarde, hefur hins vegar staðið þvert á móti. Vinstri græn eru samkvæmt stefnuskrá sinni andvíg Evrópusambandsaðild, þótt brátt kunni að renna á þau tvær grímur. Framsóknarflokkurinn hefur verið tvíátta. Undir forystu Halldórs Ágrímssonar daðraði flokksforystan dálítið við hugsanlega Evrópusambandsaðild, án þess þó að verulegur hugur fylgdi máli. Nú er hins vegar svo komið að Evrópusambandsandstaðan hefur orðið fv. formanni flokksins, Guðna Ágústssyni, að fótakefli. Hann er stokkinn frá borði en flokkurinn mun væntanlega taka stefnuna á Evróðusambandsaðild á flokksþingi í janúar nk. Frjálslyndi flokkurinn stendur nú fyrir skoðanakönnun meðal fylgismanna sinna, sem verður birt innan tíðar.

Stærstu tíðindin eru hins vegar þau að nú er brostinn á flótti meðal andstæðinga Evrópusambandsaðildar í þingflokki Sjálfstæðisflokksins. Samkvæmt skoðanakönnunum er flokkurinn að vísu rúinn trausti og fylgi. Forystumenn hans gera sér helst vonir um að þeir geti stöðvað fylgishrunið og endurheimt glatað fylgi með því að kúvenda enn einu sinni í Evrópumálum. Flestir spá því að á landsfundi flokksins í lok janúar á næsta ári verði stefnubreytingin formlega staðfest.

Þar með hefði pólitísk arfleifð Davíðs Oddssonar beðið endanlegt skipbrot: Efnahagsstefnan leiddi til neyðarástands; peningamálastefnan leiddi til hruns fjármálakerfisins og falls gjaldmiðilsins; og andstaðan við Evrópusambandsaðild og upptöku evru hefur hingað til í veg fyrir fyrirbyggjandi björgunarráðstafanir. Þetta er trúlega stærsta pólitískt þrotabú Íslandssögunnar.

Þessi dapurlega niðurstaða hefur ásamt öðru afsannað tvær lífseigar kenningar um íslensk stjórnmál: Sú fyrri er að sjálfstæðismönnum sé betur treystandi fyrir fjármálum ríkisins en öðrum af því að þeir hafi vit á peningum. Það þarf meira en meðalkokhreysti til þess að dirfast að halda fram slíkri firru upp í opið geðið á greiðsluþrota þjóð eftir sautján ára fjármálastjórn sjálfstæðismanna.

Hin kenningin er sú að Sjálfstæðisflokkurinn taki ævinlega forystu fyrir þjóðinni þegar á það reynir að taka erfiðar ákvarðanir um nánara samstarf við aðrar þjóðir á sviði viðskipta og efnahagsmála. Sú kenning stenst reyndar ekki dóm staðreyndanna. Hringlandaháttur Sjálfstæðisflokksins í Evrópumálum hefur verið með endemum. Það er fjarstæða að kenna flokkinn við stefnufestu á því sviði. Staðreyndirnar tala sínu máli í þessu efni. Getuleysi forystu Sjálfstæðisflokksins til þess að taka vandasamar en erfiðar ákvarðanir um nánara samstarf við önnur lýðræðisríki í Evrópu á efnahagssviðinu hefur reynst þjóðinni dýrkeypt. Sú staðreynd að óttinn við klofning flokksins hefur ráðið meiru en skyldurækninn við hagsmuni þjóðarinnar í þessu máli er þungur áfellisdómur yfir Sjálfstæðisflokknum, sem mun fylgja honum um ókomna framtíð.

*Höfundur var formaður Alþýðuflokksins 1984-96, sem fyrstur flokka boðaði inngöngu Íslands í Evrópusambandið og upptöku evru, þegar fyrir kosningar 1995.*




POPP OG COKE
DAGAR
Coca-Cola
Stjörnu POPP
Stjörnu POPP
Tvær nýjar myndir,
popp og 2l. Coke
1000.-
Barbie
DORA
2 DISC SPECIAL EDITION
HULK
MAMMA MIA!
WANTED
MYNDFORM
SNÆLAND
VIDEO
Reykjavík / Kópavogur / Hafnarfjörður / Mosfellsbær / Selfoss

**ENSKA SKÁLDIÐ WILLIAM BLAKE FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1757.**



*„Tréð sem laðar gleðitár fram í augu sumra er öðrum aðeins grænn hlutur sem er fyrir þeim.“*

***Blake hóf að gera tilraunir með ætingar sem hann síðan notaði til að gera flestar bækur sínar. Með því móti var hægt að blanda saman texta og myndskreytingum.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 28. NÓVEMBER 1520

## Magellan siglir inn á Kyrrahaf

Þrjú skip undir stjórn Portúgalans Ferdinands Magellan sigldu inn á Kyrrahaf þennan dag árið 1520.

Árið 1519 héldu 237 menn á fimm skipum undir stjórn Magellans frá Spáni til að finna vesturleiðina til Asíu. Kristófer Kólumbus var sjálfur sannfærður um að hann hefði fundið Asíu þegar hann lést árið 1506. Síðan uppgötvuðu menn að það var annað haf vestan megin við Ameríku. Sæfarinn og kortagerðarmaðurinn Amerigo Vespucci var svo fyrstur til að benda á að landsvæðið sem Kólumbus hefði fundið væri ekki Asía heldur ný heimsálfa. Síðan var heimsálfan nefnd í höfuðið á honum, Ameríka.



Enn átti eftir að uppgötva sjóleiðina yfir Ameríku til þessa nýja hafs. Magellan fann þetta sund, 560 kílómetra langt og 5 til 30 kílómetra breitt, þar sem nú er syðri hluti Chile. Hann nefndi það Allraheilagrasund en síðan var það nefnt Magellansund. Magellan nefndi síðan hafið Mar Pacifico eða friðsæla haf, sem á íslensku hefur fengið nafnið Kyrrahaf.

Magellan sigldi síðan yfir Kyrrahafið, fyrstur Evrópubúa, en honum sjálfum tókst ekki að sigla kringum hnöttinn. Hann lést í orrustu við innfædda á Filippseyjum rúmlega ári áður en leiðangurinn náði höfn á Spáni 6. september 1522. Aðeins átta menn á einu skipi náðu að ljúka leiðangrinum. Farmur þess skips náði þó að borga allan kostnað við ferðina.

**MERKISATBURÐIR**

**1700** Gregoríska tímatalið gengur í gildi á Íslandi.
**1893** Konur fá í fyrsta sinn að taka þátt kosningum á landsvísu, í alþingiskosningum á Nýja-Sjálandi.
**1918** Þing Búkóvínu ákveður að sameinast Rúmeníu.
**1921** Til átaka kemur í Reykjavík þegar lögregla sækir rússneskan dreng heim til Ólafs Friðrikssonar ritstjóra.
**1960** Máritanía fær sjálfstæði frá Frakklandi.
**1971** Palestínsku hryðjuverkasamtökin Svarti september taka forsætisráðherra Jórdaníu, Wasfi Tel, af lífi.
**1994** Norðmenn hafna því að ganga í Evrópusambandið í þjóðaratkvæðagreiðslu.



Á leiðtoganámskeiði Samskipa.

## Virkja auð kvenna

Virkjum auð kvenna var yfirskrift tíu vikna leiðtoganámskeiðs sem tuttugu konur hjá Samskipum sóttu á vegum fyrirtækisins. Námsefnið snerist meðal annars um mannleg samskipti, aukið sjálfstraust og bætt tengslanet. Kennarar voru Lára Óskarsdóttir frá Dale Carnegie sem naut aðstoðar Heiðrúnar Arnsteinsdóttur og Jóhönnu Lindar Þórisdóttur hjá Samskipum og nemendur voru úr nær öllum deildum fyrirtækisins. Í lok námskeiðsins var forstöðumönnum og framkvæmdastjórn Samskipa boðið á líflega kynningu á afrakstri námskeiðsins og metnaðarfullum umbótaverkefnum.

Þess má geta að Samskip hlutu á dögunum starfsmenntaverðlaunin 2008 í hópi fyrirtækja.



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Ásta Katrín Jónsdóttir,**
Háteigi, Borgarfirði eystra,

verður jarðsungin frá Bakkagerðiskirkju mánudaginn 1. desember kl. 14.00.

**Börn, tengdabörn og barnabörn.**



†

*Eiginmaður minn, faðir okkar, fósturfaðir og afi,*

**Vigfús Þorsteinsson**
Patreksfirði,

lést 22. nóvember á Heilbrigðisstofnuninni Patreksfirði. Jarðsungið verður frá Patreksfjarðarkirkju laugardaginn 29. nóvember kl.14.00.

**Páley Jóhanna Kristjánsdóttir**
**Kristján P. Vigfússon**
**Sigríður Margrét Vigfúsdóttir** **Friðþjófur Sævarsson**
**Jóhannes Ægir Baldursson** **Ingibjörg Erna Arnardóttir**
**og barnabörn.**



†

*Þökkum auðsýnda samúð við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Sigurbergs Árnasonar**
Grundarlandi 18, Reykjavík.

**Hilda-Lis Siemsen**
**Theodór S. Sigurbergsson** **Hrefna Ásgeirsdóttir**
**Steinunn Sigurbergsdóttir** **Jón Þorkelsson**
**Árni Siemsen Sigurbergsson** **Martin R. Siemsen**
**og afabörn.**



Fimmtán jólakjólar eftir íslenska fatahönnuði svífa um salina í Listasafni ASÍ og kallast á við málverk af konum frá síðustu öld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**SÝNINGIN JÓLAKJÓLAR:** VERÐUR OPNUÐ Í LISTASAFNI ASÍ Á MORGUN

# Tímar mætast í kjólum og list

Sýningin Jólakjólar verður opnuð í Listasafni ASÍ á morgun. Þar svífa fimmtán rauðir jólakjólar eftir íslenska fatahönnuði um salina en á milli þeirra gefur að líta málverk af konum.

„Þarna mætast ólíkir tímar. Kjólarnir urðu allir til á síðustu mánuðum en málverkin, sem eru eftir Júlíönu Sveinsdóttur, Nínu Tryggvadóttur, Jón Engilberts og fleiri, eru frá síðustu öld,“ segir Steinunn Helgadóttir sýningarstjóri.

En hvernig datt henni þetta snjallræði í hug? „Það losnaði rými hjá okkur um jólin en þessi árstími er oft mjög erfiður fyrir listasöfn enda hefur fólk mikið á sinni könnu. Okkur datt því í hug að gera eitthvað huggulegt til að lýsa upp myrkrið. Við settum okkur í samband við hina ýmsu fatahönnuði og það kom mér rosalega á óvart hvað allir tóku vel í hugmyndina.“

Hönnuðirnir fimmtán eru ýmist nýútskrifaðir eða með áratuga reynslu. „Þetta eru allt íslenskir fatahönnuðir og margir menntaðir frá Listaháskóla Íslands. Það kom mér því verulega á óvart að sjá hvað þetta eru allt ólíkir listamenn,“ segir Steinunn. Á sýningunni má meðal annars sjá barnakjól með litlum leynivini sem er hægt að leiða eftir Sunnu Dögg Ásgeirsdóttur og fimm hundruð króna-kjól eftir Ásgrím Friðriksson sem er gerður úr fánaefni.

„Einu skorðurnar sem hönnuðum voru settar voru að hafa kjólinn rauðan en rauði jólakjóllinn á sinn sess í mörgum hjörtum. Á árum áður var þó oft lítið um peninga á íslenskum heimilum og jólakjólar ekki ofarlega í þarfapíramídanum. Íslenskar konur þurftu því að þróa með sér nýtni og færni með saumnálarnar. Fatahönnuðirnir sem töfra fram jólakjólana á sýningunni eru augljóslega afkomendur þessara kvenna en þeirra veröld er önnur,“ segir Steinunn og fullyrðir að jólakjólarnir á sýningunni sýni enn og aftur að íslenskir fatahönnuðir séu í fremstu röð.

Sýningin á vel heima í húsi myndhöggvarans Ásmundar Sveinssonar og konu hans Gunnfríðar Jónsdóttur að Freyjugötu 41 þar sem Gunnfríður var þekkt saumakona og fatahönnuður og voru evrópskar aðalskonur á meðal viðskiptavina hennar.

Sýningin opnar klukkan 15 á morgun og gefst þar kostur á að upplifa bjartsýni og kraft í rauðum bjarma.

vera@frettabladid.is

# Bókmenntaspil og lestrarland

Lestrarátak hefur staðið yfir í öllum bekkjum Ártúnsskóla í Reykjavík síðasta hálfa mánuðinn og las hver árgangur bækur eftir valda rithöfunda.

Einnig voru unnin fjölbreytt verkefni út frá bókunum og fékk sköpunargáfa nemenda þar útrás. Bókmenntaspil, lestrarland eðlanna, ofvaxin bók, bókaórói og sitthvað fleira spratt þar fram og að sögn Ernu Björnsdóttur og Birgittu Thorsteinsson bókasafnskennara var greinilegt að verkefnið höfðaði bæði til nemenda og kennara.

„Það var gífurlegur áhugi meðal nemendanna sem eru 153 að tölu. Þeir lásu samtals 65.858 blaðsíður og útlán skólasafnsins hafa stóraukist í kjölfar átaksins,“ segja þær.

Þeim bekkjum sem þóttu skara fram úr verða afhentir farandbikarar og bókagjafir í dag klukkan 10.20 og allir nemendur skólans fá viðurkenningarskjal fyrir þátttökuna.

Lestrarátakið er orðinn fastur liður í starfi skólasafns Ártúnsskóla. Að sögn kennaranna þar er markmiðið að efla áhuga nemenda á bókalestri og tryggja að þeir kynnist verkum ákveðinna höfunda, jafnt íslenskra sem erlenda.

*-gun*



**RÉTT LITIÐ UPP ÚR BÓKUNUM** Guðrún Ísold Hafþórsdóttir, Amanda Lind Davíðsdóttir og Júlía Hrönn Petersen, nemendur Ártúnsskóla.

# SKUGGALEGA SKEMMTILEGAR SÖGUR

„... glitrandi af hárfínum húmor, djúpri samkennd og mannúð.“ ★★★★
STEINUNN INGA ÓTTARSDÓTTIR, MORGUNBLAÐIÐ

„Í raun má segja að Dimmar rósir sé meira spennandi en nokkur glæpasaga.“
INGVI ÞÓR KORMÁKSSON, www.bokmenntir.is

„Áhrifamikil skáldsaga ... þetta er góð bók.“
KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN, RÚV

„Góð lesning.“
EGILL HELGASON / KILJAN, RÚV

„... ofboðslega vel gert ... Dimmar rósir rokka!“
GERÐUR KRISTNÝ / MANNAMÁL, STÖÐ2

„... dramatísk og nærfærin skáldsaga sem er hlaðin spennu og angist.“
SIGURÐUR G. TÓMASSON, ÚTVARP SAGA

„Driftin í frásögninni er svo áreynslulaus og um leið svo þróttmikil að manni getur jafnvel stundum fundist þetta vera of auðvelt.“
GAUTI KRISTMANNSSON / VÍÐSJÁ, RÚV




★★★★

BÓKIN ER PRENTUÐ Á ÍSLANDI




„Frábær hugmynd og snilldarleg útfærsla.“
GUÐRÍÐUR HARALDSDÓTTIR

„... þéttasta og besta bók Hallgríms.“
JAKOB BJARNAR GRETARSSON, FRÉTTABLAÐIÐ

„Þessi raðmorðingi er dúllurass og sjarmatröll og ég var í kasti á meðan ég las. Mæli 100% með þessari bók.“
JENNÝ ANNA BALDURSDÓTTIR, www.jenfo.blog.is

„Frábær lesning. Hvergi dauður punktur.“
RAGNAR BRAGASON, KVIKMYNDAGERÐARMAÐUR

„Las bókina á einni nóttu. Baneitruð og bráðfyndin. Hallgrímur er Tarantino íslenskra bókmennta.“
FREYR EYJÓLFSSON, ÚTVARPSMAÐUR

„... má ég hlæja að þessu? spyr maður undir hláturrokunum ...“
GUNNÞÓRUNN GUÐMUNDSDÓTTIR, www.bokmenntir.is

... þéttasta og besta bók Hallgríms

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

















NOKKUR ORÐ
Kjartan Guðmundsson

# Skeinuhætt framlínupar

Diego Maradona skoraði viljandi með hendinni gegn Englendingum á HM í Mexíkó 1986. Þegar sá kubbslegi var spurður út í atvikið eftir leik þrætti hann fyrir að hafa haft rangt við. Að hans mati var það nefnilega ekki hönd Maradona sem bar ábyrgð á markinu, heldur „hönd guðs“. Þessi réttlæting vakti geysisterk viðbrögð. Margir reiddust og veltu fyrir sér hvort maðurinn væri orðinn ruglaður, slík þótti fásinnan. Aðrir gerðu sér grein fyrir því að með svari sínu var Maradona í raun að gefa gagnrýnendum sínum, þar á meðal allri ensku þjóðinni, risastórt fokkjú-merki. Diego var alveg sama. Hann vissi sem var að honum yrði seint fyrirgefinn óheiðarleikinn, og ekki til neins að reyna vitrænt yfirklór. Best væri að segja bara eitthvað nógu fjarstæðukennt og leyfa svo pakkinu að velta vöngum.



Forsætisráðherra Íslands var á svipuðum nótum í vikunni þegar hann bryddaði upp á þeirri súrrealísku afsökun að „glapræði væri að stofna til kosninga um hávetur“. Einu gildir hvort fólk er hlynnt kosningum eður ei, þessi árstíðarpæling Geirs Haarde hlýtur að vera sú allra fríkaðasta sem heyrst hefur lengi. Ekki förum við enn ríðandi á kjörstað. Tækninni hefur fleygt fram. Það skiptir ekki nokkru einasta máli hvort kosið er um sumar, haust, vetur eða vor. Það veit framlínuparið skeinuhætta Haarde og Maradona.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# BARNAHÁTÍÐ Í REYKJANESBÆ

29. NÓVEMBER KL. 13:00 - 17:00

ALLIR VELKOMNIR - FRÍTT Á ALLA VIÐBURÐI



## SKESSUDAGSKRÁ

**Skessuhellir í Grófinni**
Hellirinn er opinn og Skessan er heima.
Stuttar skessusögur á staðnum fyrir foreldra að lesa fyrir börn sín. Póstkassi skessunnar opinn fyrir myndir og bréf. Verðlaun verða veitt fyrir skemmtilegasta bréfið og teikninguna sem birt verða í Víkurfréttum.

**Didda og dauði kötturinn – ratleikur**
*Duushús, Duusgötu 2 – 10* Kl. 13:00 Bíómyndin **Didda og dauði kötturinn** sýnd í Bíósal. Ratleikur um sýningarsali safnanna – verðlaun fyrir réttu lausnina.

**Gallerí og innigolf**
*Svarta Pakkhúsið, Hafnargötu 2*

**Skessusögur og barnabækur**
*Bókasafn Reykjanesbæjar, Hafnargötu 57*
Kl. 13:00 í hnokkadeild – FYRIR 7 ÁRA OG YNGRI lesin bókin „Sigga og Skessan í skóla“ og skessubækur Herdísar Egilsdóttur kynntar. Kl. 13:30 í barna- og unglingadeild – FYRIR 8 ÁRA OG ELDRI Krilla frænka Jóns Ólafs les upp úr bókinni „Jón Ólafur jólasveinn“ eftir Kristlaugu Sigurðardóttur. Bryndís Jóna Magnúsdóttir les úr nýjustu bók sinni um Júlíu; „Senjorítur með sand í brók“.

**Undirbúningur jóla í fyrri tíð**
*Stekkjarkot á Fitjum*
13:30 – 16:00 Undirbúningur jóla í fyrri tíð. Starfsmenn Byggðasafns Reykjanesbæjar segja frá og sýna muni.

**Orkuverið Jörð á Reykjanesi**
Sýning á 10 helstu orkugjöfum jarðar.

**Vatnaveröld – vatnsleikjagarður**
Dótadagur og veitingasala sunddeilda.
Það er frítt í sund fyrir börn í Reykjanesbæ!

**VALLARHEIÐI – Úr herstöð í háskólasamfélag**
*Flestir viðburðir eru staðsettir rétt við Keili – miðstöð fræða og vísinda

**Jólaskautaball í gömlu skautahöllinni**
*Rúlluskautahöll, 770 Keilisbraut*
Skautað í kringum jólatré og jólastemning á aðventu. Börnin koma með línuskauta og ekki má gleyma hjálminum. Fríar vöfflur og kaffi í boði Háskólavalla og Lions.

**Innileiksvæði fyrir yngstu börnin**
*778 Keilisbraut*

**Svartholið, línuskauta- og hjólabrettaaðstaða**
verður opið að *Hafnargötu 88.*

**Skuggaleikhús**
*Listasmiðjan, 773 Keilisbraut*
Börnin læra að gera skuggaleikhús undir stjórn listamannsins Ingu Þóreyjar Jóhannsdóttur. Samstarfsverkefni Listasafnsins og Félags myndlistarmanna í Reykjanesbæ.

**Íþróttahúsið v/Keilisbraut**
14:00 – 16:00 Íþróttahúsið verður opið til leikja.

**Hátíðarstrætó ekur um svæðið á klukkutíma fresti.**
Ekið er á heila tímanum frá SBK í Gróf – Vallarheiði – Stekkjarkot – Bókasafn – Gróf.

## SKESSUTILBOÐ Í KAFFI- OG VEITINGAHÚSUM

VELKOMIN Í HEIMSÓKN Í HELLINN MINN
SKESSAN Í FJALLINU

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

**Ekki missa af …**
*Síðustu sýningarhelgi í Norræna húsinu á sérhönnuðum prjónafatnaði frá norska hönnunarfyrirtækinu DUODU í Þrándheimi. Henni lýkur nú um helgina en hún er fyrsta sýningin í röð vestnorrænna hönnunarsýninga í húsinu. Lína sem sýnd er heitir ICI.*

**menning**
menning@frettabladid.is

# Grýla og familía

Í dag er opnuð sýning í Hafnarborg á nýjum myndskreytingum eftir Brian Pilkington af íslensku jólasveinunum, foreldrum þeirra, Grýlu og Leppalúða, þessari séríslensku vandamálafjölskyldu. Sýningin mun standa fram á þrettándann og er tilvalið að fara með börnin í Fjörðinn til að skoða þessar teikningar Brians.

Brian Pilkington er fæddur í Englandi 1950. Hann er þekktur fyrir snjallar bókaskreytingar og hefur skrifað og myndskreytt fjölda barnabóka, bæði fyrir íslenskan og erlendan markað. Meðal bóka Brians má nefna Örkin hans Nonna (1988), Afi gamli jólasveinn (1990), Ástarsaga úr fjöllunum (höfundur texta: Guðrún Helgadóttir 1981), Hundrað ára afmælið (höf. texta: Þráinn Bertelsson 1984) og Blómin í túninu (höf. texta: Ingibjörg Sigurðardóttir, 1985). Árið 2003 hlaut Brian Dimmalimm, íslensku myndskreytiverðlaunin, fyrir bók sína Mánasteinar í vasa. Á síðustu árum hafa bækur Brians um íslenska þjóðtrú og vættir vakið athygli innanlands og utan og eru myndskreytingar hans af jólasveinunum skemmtileg viðbót í þá flóru.

Sýningin er í veitingastofu Hafnarborgar sem er opin alla virka daga frá kl. 11-19, fimmtudaga til kl. 21 og um helgar frá kl. 11-17. Veitingasala Hafnarborgar er rekin af Manni lifandi en fyrirtækið er þekkt fyrir frábæra heilsurétti og kökur.



**MYNDLIST** Brian Pilkington myndlistarmaður.
MYND FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**MYNDLIST** Úr innsetningu hollenska listakonunnar Mathilde ter Heijne í gallerí 101 Projects milli Laugavegar og Hverfisgötu.
MYND 101 PROJECTS/ MATHILDE TER HEIJNE

# Kvennasýningar blómstra

**Listakonur eru fyrirferðarmiklar í myndlistarsölum þessa dagana og kennir í verkum þeirra frá liðnu ári margra grasa. Hér er líka uppi athyglisverð sýning hollenskrar listakonu þar sem bent er á hlut horfinna kvenna í myndlistinni.**

Sigrún Eldjárn opnaði sýningu í gær í StartArt við Laugaveg 12b og eru það kyrralífsmyndir sem hún sýnir, allar í grunninn unnar með olíu, en listakonan blandar í verkin póstkortum með vísanir í eldri verk, umslögum, pappírsblöðum og minnismiðum, svona eins og til áminningar því að „lífið snýst meðal annars um að muna og gleyma“ eins og segir í orðum listakonunnar með sýningunni. Í kynningu sinni segir Sigrún: „Á tímum hrynjandi banka og fallandi krónu er gott að staldra við frammi fyrir kyrralífsmynd. Þar eru engin læti á yfirborðinu en undir niðri geta þó leynst heilu sögurnar. Uppstillingar eða kyrralífsmyndir hafa fylgt mannkyninu um aldir, allt frá tímum Forn-Egypta til okkar daga. Þær hafa þróast á ýmsa vegu gegnum tíðina og innihald þeirra og útfærsla er fjölbreytileg.“ Sýning hennar í StartArt verður uppi til 7. janúar.

Auk Sigrúnar eru fleiri listakonur með sýningar í Start Art. Leikhlé – Time out, fimmtánda einkasýning Hrafnhildar Sigurðardóttur. Á sýningunni getur að líta myndir sem hún vann í tveggja mánaða vinnustofudvöl sinni á Spáni vorið 2007 en þar vann hún eingöngu með svart blek á japanskan pappír. Eins og titill sýningarinnar gefur til kynna var þessi vinnutími á Spáni eins konar leikhlé – hlé frá hversdagslegu amstri hér heima, samþjappaður tími þar sem gefst tækifæri til endurskoðunar og jafnframt tími til að gera breytingar. Þessar breytingar felast helst í því að undanfarin ár hefur Hrafnhildur frekar unnið þrívíddarverk með þræði en málað með pensli.

[spam] er heiti sýningar Sigrúnar Sigvaldadóttur, þar eru textar settir á ljósaperur. Textinn sem upprunninn er úr rusl-tölvupósti og flestir tengja áreiti, er settur í nýtt samhengi á þrívíða hluti. Sigrún Sigvaldadóttir hefur unnið sjálfstætt sem grafískur hönnuður undir nafninu „hunang • sigrún“ frá 1993. Þetta er fyrsta einkasýning Sigrúnar.

Þá sýnir Lára Garðarsdóttir líka í StartArt. Húnhefur stundað nám við klassíska teikningu í The Drawing Academy í Danmörku og útskrifaðist með BA gráðu frá Character Animation frá The Animation Workshop. Á námsárunum og eftir skóla hefur Lára kynnst hinum ýmsum hliðum fagsins og unnið við hreyfimyndagerð, myndskreytingar og hönnun. Hún vinnur nú sem animator fyrir Framestore Iceland. Myndirnar á sýningunni eru veggverk unnin með blandaðri tækni. Sýningin í StartArt er fyrsta einkasýning Láru

Í galleríinu 101 Projects sem Birta Guðjónsdóttir myndlistarmaður annast nú um stundir var í síðustu viku sett upp sýning á innsetningu Mathilde ter Heijne, hollenskrar listakonu. Hún er fædd 1969 í Strasbourg en býr og starfar í Berlín. Ter Heijne vinnur með ýmsa miðla en er einna þekktust fyrir innsetningar sínar og myndbandsverk. Verk Mathilde ter Heijne „Woman to go“ er nú sýnt í 101 Projects en hún hóf vinnu við það árið 2005 og er verkið í stöðugri vinnslu. Titill verksins skírskotar til stöðu kvenna í mannkynssögunni og er gestum sýningarinnar boðið að taka með sér póstkort af sýningunni, taka með sér kvenfyrirmynd, minjagrip um merkar konur, sem fallið hafa í gleymsku en hafa sett mark sitt á heiminn.

pbb@frettabladid.is




# Ari í Kirkjuhvoli

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar stendur á þessum vetri fyrir klassískri tónleikaröð í Kirkjuhvoli – safnaðarheimili Vídalínskirkju – í Garðabæ. Listrænn stjórnandi tónleikaraðarinnar er píanóleikarinn Gerrit Schuil en hann hefur fengið til liðs við sig úrvalslið tónlistarfólks sem kemur fram á tónleikunum. Góð aðsókn hefur verið að tónleikunum á þessari önn. Síðustu tónleikarnir fyrir hátíðir verða á morgun kl. 17.

Á tónleikunum flytur fiðluleikarinn Ari Þór Vilhjálmsson Kreutzer-sónötuna eftir Beethoven og verk eftir Mozart og Chausson. Ari er eini Íslendingurinn sem hefur verið konsertmeistari Orkester Norden, sumarhljómsveitar ungra tónlistarnema á Norðurlöndum, og leiddi hljómsveitina meðal annars undir stjórn Esa-Pekka Salonen árið 2002. Þessi ungi tónlistarmaður hefur haldið einleikstónleika í Salnum og leikið einleik með fjölmörgum sinfóníuhljómsveitum. Tónlistarflutningur hans hefur fengið verðskuldaða athygli hjá bæði áhorfendum og gagnrýnendum.

Píanóleikarinn og listræni stjórnandinn Gerrit Schuil hefur verið leiðandi í íslensku tónlistarlífi bæði sem píanóleikari og stjórnandi, m.a. hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands og Íslensku óperunni. Gerrit starfar einnig sem kennari hjá Listaháskóla Íslands og söngskóla Sigurðar Demetz. Miðasala fer fram á tónleikastað.



**TÓNLIST** Ari Þór Vilhjálmsson spilar í safnaðarheimili Garðakirkju á morgun.
MYND FRÉTTABLAÐIÐ/

# FISH MARKET

FISKMARKAÐURINN

2008 Condé Nast Traveler TRUTH IN TRAVEL HOT TABLES

## Fiskmarkaðurinn í hópi mest spennandi veitingastaða í heimi

Það er hið virta ferðatímarit **Condé Nast Traveler** sem árlega veitir nýjum og spennandi veitingastöðum **Hot Tables** viðurkenninguna.

Frá Argentínu til Rússlands, Indlandi til Spánar – er Fiskmarkaðurinn í hópi 105 framúrskarandi nýrra veitingastaða. Fiskmarkaðurinn stóð m.a. upp úr fyrir samspil frumlegrar matargerðar, framúrskarandi þjónustu og umhverfis sem gerir máltíðina að einstakri upplifun.

Við erum stolt af okkar fólki og þökkum viðurkenninguna.

*Hrefna og gengið*













**Jólaborðs matseðill**

Jólalegur matseðill samsettur úr úrvals hráefni, allt frá íslensku hreindýri og gæs til grillaðrar bleikju og kóngakrabba. Allar nánari upplýsingar á fiskmarkadurinn.is

**Gjafabréf í jólapakkann**

Fjölbreytt úrval gjafabréfa við allra hæfi, fjölskyldu, góðra vina og viðskiptafélaga. Tilvalin jólagjöf þetta árið.

*Gleðilega hátíð*

Egils Gull | Veuve Clicquot REIMS FRANCE

AÐALSTRÆTI 12 | SÍMI 578 8877 | FISKMARKADURINN.IS
HÁDEGI VIRKA DAGA 11:30 - 14:00 | ÖLL KVÖLD 18:00 - 23:30



Hafnarfjarðarleikhúsið – Miðasala á midi.is og í síma 555-2222

Föstudag 28. kl. 20.00
Laugardag 29. kl. 20.00
Fimmtudag 4. kl. 20.00
Sunnudag 6. kl. 20.00
ATH. eingöngu þessar sýningar

# Fyrirsögn rímar við gögn

Í bókinni eru allar ljóðabækur Sjóns endurprentaðar í tímaröð sem hefst á Söng steinasafnarans frá fyrra ári og lýkur með þrítugum Sýnum. Bókinni fylgir fræðandi eftirmáli eftir doktor Guðna Elísson sem léttir ritskýrendum (lesendum) aðför að ljóðum skáldsins, ekki síst með áherslunni á „frelsunina frá oki raunhyggjunnar" sem veldur því að „merkingin verður ekki fönguð með tækjum rökvísinnar". Vel mælt. „Vandi" lesandans er því í senn ærinn og ægilega spennandi, „hið óræða" fær alræðisvald, frelsi lesandans er þá „ótakmarkað" en um leið algjörlega skilyrt af eigin (myndvísu) ímyndunarafli, jafnvel bannað að ráða tákn. En frelsi felst ekki í því að banna, eða hvað? Alræði frjálsræðisins? Er einhver leið út úr þversögnum skáldskaparins?, liggur hún vestur á Mela? Hún hlýtur að enda í hring, annað er mótsögn.

Lesandi ljóðs hefur fullt frelsi til að lesa það hvort heldur með eða á móti skáldi sínu, leita að meintum ásetningi, eða því sem skáldið vildi ekki sagt hafa (gera) eða lesandinn einn getur fundið, og ákvarða síðan sjálfur þann „vanda" sem það hefur í för með sér – eða lesa það bara alveg vandræðalaust í sérgóðum „misskilningi", e.t.v. er slíkur lestur einmitt framsæknastur þegar upp er staðið. Sjálfsagt er líka að hvetja til frumtáknslesturs á „súrrealískum ljóðum", annað er lítilsvirðing við Freud og alvísa dulvitund skáldsins. Slík leit endar 80 prósent í því að lesandinn hlær að sjálfum sér – sem fer súrrealískum ljóðum afar vel, og 10 prósent í stóra sannleik sem fer þeim afar illa (eftirlifandi 10 prósent eru síðan galdurinn sjálfur eða algjör glötun). Sakar því ekki að „gera tilraun" og „sjá í orðunum táknræna dýpt", það vindur ofan af eigin vitleysu með skapandi hætti og réttir lesandanum hjálparhönd á vit hins óræða. Tákn eru ljósberi, ekki lykill. Lesa ljóðin, umbreyta orðum þeirra í mynd, skynja síðan myndina í stað þess að skilja orðin, þar er merking þeirra fólgin? Má vera. En þá verður skynjunin að vera í vídd sem varpar af sér oki raunveruleikans, hvað merkir það? Það sem gerir ljóð að ljóði, frelsi þess frá rökvísi, stefnumót við óendanleika… þetta eru bara orð, orð sem fara í hring, það er ekki hægt með orðum að lýsa því sem kviknar handan orða, bara í ljóðinu sjálfu (sem er úr orðum). Ha? Svo er almættinu fyrir að þakka að skáld yrkja ljóð, ekki við bókmenntafræðingar, þá myndi orðið vefjast endalaust fyrir, betra að hafa bara sjón. Sjón skáldsins, skáldskapur sjónarinnar, gegnumlýst orð, það er lykillinn.

Samt ekkert víst að hann passi, það er ótakmarkað framboð af skrám, ekki síst í safnbókum. Skilningur skálda (á Vesturlöndum) á náttúrunni var til dæmis til skamms tíma bara af tvennum toga, annað hvort var maðurinn hluti af henni (heiðna viðhorfið) eða yfir hana settur (kristna viðhorfið). Í náttúruljóðum Sjóns er önnur vídd, önnur skrá, annar krókur fram hjá þeirri keldu að list er í eðli sínu andóf gegn lögmálum náttúrunnar og lofgjörð hennar því hræsni í garð jarðar; skáldið endurskapar manninn í mynd náttúrunnar, yrkir honum þar nýtt upphaf innan ramma skáldskaparins, þar sem hann er hvorki af jörðu né yfir hana settur, finnur list hans stað í lifandi steini sem líka er dýr og maður og skáld, og orð. Í óræðum tíma og rými. Ha?

Dauði og líf eru á tungunnar valdi, segir Salómon og grýtir þann sem ekki hlýðir. Bókin er á sama máli en grjótið er úr orðum (ekki sjón). **Sigurður Hróarsson**




**BÓKMENNTIR**
**Ljóðasafn**
Sjón
Bjartir
★★★★
Eðalskáldskapur

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 28. nóvember 2008**

### ➜ Tónleikar

**17.30** Blúsmaðurinn **ET Tumason** flytur nýtt efni í bland við eldra í 12 Tónum við Skólavörðustíg.

**21.00** **Dúndurfréttir** verða með óráfmagnaða tónleika í Dalvíkurkirkju á Dalvík þar sem flutt verða lög Led Zeppelin, Pink Floyd, Deep Purple og Uriah Heep.



**22.00** **Hlynur Ben** mun spila lög af plötu sinni Telling Tales á Rósenberg, við Klapparstíg.

**22.00** **Margrét Guðrúnar** og **Bandið hans pabba** spila á Græna Hattinum, Hafnarstræti 96 á Akureyri. Húsið opnar kl. 21.00.

### ➜ Leiklist

**20.00** **GRAL** Grindvíska atvinnuleikhúsið sýnir leikverkið 21 manns saknað í Saltfisksetrinu, Hafnargötu 12a, Grindavík. Nánari upplýsingar á www.gral.blog.is.

**20.00** **Síðasta sýning** fyrir jól á rokksöngleiknum **Janis** 27 í Íslensku óperunni við Ingólfsstræti.

### ➜ Opnanir

**17.00** **Karl Jóhann Jónsson** opnar sýningu í sýningasalnum Hurðir, Virtus á Laugavegi 170, 3. hæð.

### ➜ Síðustu Forvöð

**Kling & Bang vs. Torstrasse 111** Sýning á verkum sextán listamanna frá Berlín ásamt verkum níu íslenskra listamanna. Opið fim.-sun. 14-18. Aðgangur ókeypis. Sýningu lýkur 30. nov. Kling & Bang, Hverfisgötu 42.

**Lendið** Færeyski listmálarinn Bárður Jákupsson sýnir verk í Gallerí Fold við Rauðarárstíg. Opið virka daga 10-18, lau. 11-16 og sun. 14-16. Sýningu lýkur á sunnudag.

### ➜ Myndlist

**Picasso á Íslandi** Styttan „Jacqueline með gulan borða" eftir Picasso er til sýnis á Listasafni Árnesinga ásamt verkum 26 íslenskra listamanna þar sem gætir áhrifa frá listamanninum. Listasafn Árnesinga, Austurmörk 21, Hveragerði. Opið fim.-sun. 12-18. Aðgangur ókeypis.

**Vinnustofumyndir** Elfar Guðni Þórðarson er með yfirlitssýningu á verkum sínum í Svarta-kletti, sýningarsal í Menningarverstöðinni, Stokkseyri. Sýningin er opin daglega frá 14-18.

Þjóðleikhúsið
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Leitin að jólunum
Þorvaldur Þorsteinsson
Aðventusýning Þjóðleikhússins hefst 29/11
Örfá sæti laus í desember

Utan gátta
Sigurður Pálsson
Snarskemmtileg sýning. ★★★★ JVJ, DV
fös. 28/11 uppselt
lau. 29/11 örfá sæti laus
Sýningum lýkur 13. desember!

Hart í bak
Jökull Jakobsson
Verk sem snertir okkur öll. ★★★★ EB, FBL
fim. 27/11 uppselt, fös. 28/11 uppselt,
lau. 29/11 uppselt
Aukasýningar í sölu

Skilaboðaskjóðan
Þorvaldur Þorsteinsson
og Jóhann G. Jóhannsson
sun. 30/11, örfá sæti laus
Allra síðasta sýning



Gefum góðar stundir
Gjafakort Þjóðleikhússins
er sígild gjöf
kynntu þér málið á
www.leikhusid.is

GJAFAKORT Á KARDEMOMMUBÆINN

jol.is




10% afsláttur af DVD í Skífunni alla helgina
SKÍFAN
Laugavegi · Kringlunni · Leifsstöð
www.skifan.is
MAMMA MIA! THE MOVIE
2DVD Inniheldur Singalong útgáfu
2.879
Verð áður 3.199
EIN VINSÆLASTA LEIKSÝNING ALLRA TÍMA!
LADDI 6-TUGUR
2.519
Verð áður 2.799
100% ÍSLENSKT
SVARTIR ENGLAR
ALLIR 6 ÞÆTTIRNIR Á 2 DISKUM
3.599
Verð áður 3.999
2DVD
GRÍSIRNIR ÞRÍR
2.429
Verð áður 2.699
HANCOCK
2.429
Verð áður 2.699
Fjöldi annara titla einnig í boði
HORTON
2.429
Verð áður 2.699
100% ÍSLENSKT
BRÚÐGUMINN
2.429
Verð áður 2.699
Bjarni Haukur er Pabbinn
„Gargandi snilld!"
100% ÍSLENSKT
2.429
Verð áður 2.699
KUNG FU PANDA
2.609
Verð áður 2.899
FRED CLAUS
2.609
Verð áður 2.899
SEX AND THE CITY THE MOVIE EXTENDED CUT
2.429
Verð áður 2.699

## > KYLIE GEFUR ÚT BOOMBOX

Ástralska söngkonan Kylie Minogue ætlar að gefa út safnplötu með endurhljóðblönduðum lögum sínum. Platan, sem nefnist Boombox, er væntanleg fimmta janúar. Á plötunni verða sextán lög frá farsælum ferli söngkonunnar, þar á meðal ofurslagarinn Can´t Get You Out of My Head sem kom út árið 2001. Einnig verður þar hennar útgáfa af lagi New Order, Blue Monday, sem hún söng á Brit-verðlaunahátíðinni árið 2002. Að auki verða á plötunni endurhljóðblandanir eftir The Chemical Brothers, Mylo, La Riots og fleiri listamenn.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Madonna og A-Rod nálgast

Samband Madonnu og hafnaboltaleikmannsins Alex Rodriguez virðist allt að því óumflýjanlegt. A-Rod, eins og hann er kallaður í Bandaríkjunum, sat á fremsta bekk á tónleikum söngdívunnar í Miami og virtist kunna því vel. Enda sat sjálft poppgoðið Rod Stewart honum á hægri hönd. Madonna virðist kunna þá list manna best að senda tvíræð skilaboð. Madonna sagði, áður en hún flutti lagið I'm So Far Away, að allir ættu að þekkja þá tilfinningu að vera ástfanginn í fjarbúð.

Nærstaddir þóttust einnig greina að þau Madonna og A-Rod hefðu skipst á ástríðufullum augnagotum á meðan á flutningi nokkurra rómantískra laga stóð á tónleikunum. Hvernig svo sem menn greina slíkt á jafn fjölmennum tónleikum og Madonna heldur yfirleitt. Annars virðist A-Rod hafa aflað sér töluverðra óvinsælda heimafyrir með sambandi sínu við Madonnu enda sjálfur í hjónabandi. Saga hans er óneitanlega farin að minna eilítið á sögu hálfnafna hans, K-Fed.



**ÁSTFANGIN Á NÝ** Madonna virðist hrifin af hafnaboltakappanum A-Rod og hættir ekki að senda frá sér tvíræð skilaboð.

# Sienna ekki lengur á lausu

Ástarmál Siennu Miller eru jafn flókin og fjármál íslenska ríkisins. Stundum er hún laus og liðug en á sama tíma virðist hún vera ástfangin upp fyrir haus. Breskir fjölmiðlar þreytast hins vegar seint á að fjalla um örvarnar sem Amor hefur engan veginn gefist upp á að skjóta í hjarta hennar. Nú virðist sem hringavitleysan í kringum milljarðamæringinn Baltazar Getty sé komin aftur á fullt því vegfarendur í London sáu Siennu vefja handleggjum sínum um Getty og reka honum rembingskoss. Og mynduðu að sjálfsögðu athæfið og sendu til The Sun. Ekki eru nema nokkrir dagar síðan leikkonan tilkynnti að hún væri nú á lausu og nyti þess til fullnustu. Sú sæla virðist hafa verið skammvinn.

Samband Siennu og Getty vakti mikla athygli. Enda var Getty kvæntur maður þegar paparazzar náðu myndum af innilegum atlotum þeirra. Myndirnar voru síðar birtar á forsíðum allra helstu götublaða. Getty flutti síðan frá Siennu og til eiginkonu sinnar en virðist hafa fengið nóg af þeirri gömlu.

Ef marka má fréttir The Sun virðast skötuhjúin kunna ákaflega vel við hvort annað og talið er líklegt að framhald verði á fundum þeirra í nánustu framtíð.



**FLÓKIN ÁSTAMÁL** Sienna Miller er ekki þekkt fyrir að lifa einföldu ástalífi. Hún hefur nú aftur tekið saman við auðkýfinginn Baltazar Getty.




**FÁKLÆDDAR Í KULDANUM** Mótmælendurnir frá PETA voru heldur fáklæddir og höfðu viðstaddir nokkrar áhyggjur af heilsu þeirra eftir blaðamannafundinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Þýddi PETA-skiltin yfir á íslensku

Nærvera dýraverndunarsamtakanna PETA hér á landi vakti mikla athygli í gær. PETA hafa verið áberandi úti í heimi við að vekja athygli á notkun dýrafelds í klæðnað en þetta er í fyrsta skipti sem þau mæta til Íslands. Blaðamenn voru að sögn viðstaddra óvenju stundvísir og óvenju margir á blaðamannafundinum enda hafa íslenskir mótmælendur á Austurvelli verið kappklæddir. Mótmælendurnir frá PETA voru hins vegar fáklæddir, skýldu sér með lopahúfum, lopavettlingum og mótmælaskiltum.

Lilja Björk Haraldsdóttir er einn fárra Íslendinga sem er virkur meðlimur í samtökunum. Hún hefur þó enn ekki farið og mótmælt á vegum PETA. Hana hafi þó lengi langað að fara á nautahlaupið í Pamplona þar sem PETA hefur framkvæmt gjörninga á ári hverju. „Hver veit nema þessi heimsókn verði til þess að maður drífi sig bara og láti til sín taka á þessu sviði,“ segir Lilja sem átti jafnframt heiðurinn að því að hafa þýtt mótmælendaspjöldin sem konurnar báru í dag.

Fréttablaðið hafði samband við Eggert feldskera og innti hann eftir því hvort fáklæddir mótmælendur hefðu komið í heimsókn til hans. Eggert sagðist ekkert hafa orðið var við slíkt. „Ég hef annars ekkert út á þessi samtök að setja, í lýðræðisríki hafa allir rétt á sinni skoðun svo lengi sem þeir eru ekki að þröngva henni upp á aðra.“

- fgg




# Emilíana með aðra tónleika

Það seldist upp samdægurs á tónleika Emilíönu Torrini í Háskólabíói 13. desember og því hefur öðrum tónleikum verið bætt við kvöldið eftir. Miðaverð er 4.900 krónur en þar sem sérstakt ungmennaverð fyrir 13-16 ára gafst vel á Sigur Rósar tónleikana í Höllinni á dögunum verður sama tilboð í gangi á seinni tónleika Emilíönu. Miðasalan hefst í dag á midi.is en unglingamiðana er hægt að nálgast í verslun Skífunnar á Laugavegi gegn skilríkjum. Þessir miðar kosta eitt þúsund krónur og getur hver unglingur keypt tvo miða.

- drg



**VINSÆL** Emilíana Torrini spilar tvisvar í Háskólabíói í desember.

MYRK SPENNUSAGA ÚR UNDIRHEIMUM STOKKHÓLMS

# „Stórkostleg glæpasaga“

POLITIKEN

RÉTTURINN SELDUR TIL 24 LANDA

500.000 eintök seld í Svíþjóð






„Sænsk stórstjarna á krimma-sviðinu.“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR
MORGUNBLAÐIÐ

„Besta glæpasagan um undirheima Stokkhólms.“

KRISTIANSTADSBLADET

JORGE, dópsali sem sleppur úr fangelsi á ævintýralegan hátt.
JW, strákurinn sem selur yfirstéttarliðinu kókaín.
MRADO, serbneskur mafíuhandrukkari sem misþyrmir og drepur án samviskubits.

Örlög þeirra tvinnast saman gegnum kókaínið; þar er fundið fé.

„Skemmtileg, vel skrifuð
… fyrir alla sem hafa gaman af góðum krimmum.“

ÚLFAR ÖRN KRISTJÁNSSON / DV

„Þessa bók er ógerlegt að leggja frá sér.“

EXPRESSEN

„Íslenskir glæpasagnaunnendur geta hlakkað til.“

MORGUNBLAÐIÐ

BÓKIN ER PRENTUÐ Á ÍSLANDI

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

# Fékk endurgreitt

Tæknifyrirtækið Petra Group frá Malasíu hefur endurgreitt leikaranum Bruce Willis 900 þúsund dollara eftir að hann höfðaði mál gegn því.

Krafðist hann þess að fá endurgreidda fjárfestingu sína í fyrirtækinu.

Willis lagði á síðasta ári tvær milljónir dollara í Green Rubber, sem er í eigu Petra Group, og þróar tækni sem endurvinnur gúmmí úr gömlum hjólbörðum.

Fyrr á þessu ári fékk Willis endurgreidda 1,1 milljón frá Petra Group þegar hann ákvað að hætta við fjárfestingu sína. Höfðaði hann mál þegar hann virtist ekki ætla að fá afganginn endurgreiddan.



**BRUCE WILLIS** Leikarinn Bruce Willis hefur fengið endurgreidda háa upphæð frá fyrirtækinu Petra Group.

# Cliff til liðs við Shadows á ný

Söngvarinn Cliff Richard ætlar í tónleikaferð seint á næsta ári með sínum gömlu félögum í The Shadows í tilefni af fimmtíu ára afmæli hljómsveitarinnar.

The Shadows með Cliff innanborðs náði gríðarlegum vinsældum á sjötta og sjöunda áratugnum og komu þeir nítján lögum í efsta sæti breska vinsældalistans, þar á meðal Move It og Living Doll. Þetta verður í fyrsta sinn sem þeir spila saman í tuttugu ár.

Hljómsveitin segir að tónleikaferðin verði sú síðasta sem hún fari en í henni ferðast hún víðs vegar um Bretland. The Shadows var upphaflega stofnuð til að aðstoða Cliff Richard. Fyrst um sinn hét hún The Drifters en þurfti að breyta um nafn þegar hún komst að því að bandarísk hljómsveit með sama nafni væri starfandi.

The Shadows spilaði víða um heim á áttunda og níunda áratugnum en á sama tíma naut Cliff mikilla vinsælda sem sólótónlistarmaður. Hann kom meðal annars hingað til lands á síðasta ári og söng í Laugardalshöllinni við góðar undirtektir.



**Í HÖLLINNI** Cliff Richard á tónleikum sínum í Laugardalshöll á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**DAVE GROHL** Rokkararnir í Foo Fighters smökkuðu á mat í raunveruleikaþættinum Top Chef.

# Dæmdu mat fyrir tónleika

Rokkararnir í Foo Fighters voru í gestahlutverki í bandaríska raunveruleikaþættinum Top Chef sem var sýndur fyrir skömmu vestanhafs. Í þættinum, sem var tekinn upp í sumar, þurftu keppendur að matreiða ofan í rokkarana og þáttastjórnandann Grant Achatz skömmu fyrir tónleika þeirra. Eftir það gáfu þeir kokkunum einkunn sína.

Foo Fighters eru um þessar mundir í pásu eftir umfangsmikla tónleikaferð um heiminn. Hefur hún til að mynda tvívegis troðið upp á Wembley-leikvanginum í London.

# SÍRENUVÆL Í SÓL OG SUMARYL

**Gylfi Ægisson fagnar 30 ára edrúafmæli sínu á næsta ári. Hann klárar þetta ár með málverkasýningu og útgáfu á geisladiski með vinsælustu lögum sínum.**

Gylfi Ægisson situr ekki auðum höndum í kreppunni. Nú hefur hann gefið út „Perlur Gylfa Ægissonar“ og safnar þar saman á einn disk upprunalegum útgáfum af 25 vinsælustu lögunum sínum, lögum eins og „Minning um mann“ með Logum, „Stolt siglir fleyið mitt“ með Halastjörnunni og auðvitað „Í sól og sumaryl“ með Bjarka Tryggvasyni og Hljómsveit Ingimars Eydal. „Það var fyrsta lagið eftir mig sem kom út,“ segir Gylfi. „Þannig var




**FLOTT UMSLAG** Gylfi gerir auðvitað umslagið á nýju plötunni.

að ég var á Akureyrartogurunum og menn drukku stíft í landi. Pétur prestur á Akureyri hefur sagt mér hvernig þetta lag varð til. Hann var í löggunni og eina nóttina voru þeir kallaðir út vegna hávaða í fólki í Lystigarðinum. Þar var ég með gítarinn að semja lagið. Þá sögðu félagarnir við lögguna: Bíðiði aðeins, Gylfi er að semja. Löggan beið en alltaf þegar ég spila þetta lag síðan heyri ég sírenuvæl.“

Lagið kom út á plötu Hljómsveitar Ingimars árið 1972 og varð gríðarvinsælt – „Vinsælasta sumarlag allra tíma,“ fullyrðir Gylfi. Þar með var tónninn gefinn og næstu árin gengu margir í lagasarp Gylfa. Sjálfur gerði hann fyrstu LP-sólóplötuna árið 1974 með meðlimum Hljóma. „Svo hætti ég að drekka árið 1979 og þá héldu margir að ég myndi missa hæfileikana,“ segir Gylfi. „Ég afsannaði það nú strax næsta ár þegar ég átti vinsælustu plötu ársins með Halastjörnunni. Ég á 30 ára edrúafmæli á næsta ári og ætla að halda upp á það með tónleikum. Er að spá í að fá Sverri Stormsker með mér því þá getur hann haldið upp á að hafa verið fullur í 30 ár.“

Gylfi hefur gefið út 23 plötur síðan hann fór sjálfur að gefa út diska í gegnum heimasíðuna **gylfiaegisson.is**. Þar má einnig panta málverk eftir Gylfa. Á Fjörukránni stendur nú yfir málverkasýning hans og þar treður Gylfi upp um helgar, bæði í pásum hjá Rúnari Þór og fyrir matargesti. „Ég byrja nú samt ekki fyrr en fólk er búið að borða svo það standi ekki í því. Þetta eru allt svo fjörug lög hjá mér,“ segir Gylfi og hlær. **drgunni@frettabladid.is**



**TUTTUGU OG FIMM BESTU LÖGIN** Gylfi Ægisson hefur safnað saman sínum vinsælustu lögum á safndiskinn Perlur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


KVENSPÆJARASTOFA NR. 1

Ung kona leitar til Kvenspæjarastofu númer eitt í Botsvana vegna óheiðarleika yfirmanns síns og hótana um uppsögn en Mma Ramotswe kemst brátt að því að fleira hangir á spýtunni.

Ný spennu- og gleðisaga um snjallasta spæjara Afríku.




„Töfrandi bók.“
THE NEW YORK TIMES BOOK REVIEW

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is




**FARA MEÐ ÞETTA ALLA LEIÐ** Fyrsta gigg Stóns er í kvöld: Frosti Watts, Kalli Wyman, Bjössi Jagger, Biggi Jones og Bjarni Richards spá í Rollingana. FRÉTTABLAÐIÐ/BJÖRN ÁRNASON

# Stóns loks á Íslandi

Fyrstu tónleikar Stóns eru í kvöld á Players í Kópavogi. Þetta er tökulagasveit sem sérhæfir sig í Rolling Stones-lögum. Stóns eru valinkunnir menn úr íslenska rokkinu, Frosti Júníor í Esju er Charlie Watts, Kalli í Lights on the Highway er Bill Wyman, Biggi í Motion Boys er Brian Jones og Bjarni og Bjössi í Mínus eru Keith og Mick.

„Við erum allir gríðarlegir Stóns-aðdáendur og okkur finnst gaman að spila rokk og ról og því varð þetta bara til,“ segir Bjössi Jagger. „Þetta spurðist út og þegar Palli Papi umboðsmaður bauðst til að sjá um okkur tókum við þetta bara alla leið.“

Bjössi hefur aldrei spilað á Players og bara einu sinni komið þangað inn til að spila pool. „Það er spennandi að spila fyrir eldra fólk en við erum vanir og ég get ekki séð að það sé eitthvað verra að spila á Players en til dæmis á Nasa. Við tökum lög frá öllum ferli Stones, eins konar blöndu af vinsælustu lögunum og uppáhaldslögunum okkar. Mitt uppáhaldstímabil eru árin sem Mick Taylor var í bandinu.“

Bjössi leggur þunga áherslu á að þetta uppátæki sé ekkert grín. „Nei, við förum alla leið með þetta. Klæðum okkur upp, erum með takta og högum okkur eins og Stóns. Ég er Mick þegar ég er á sviðinu og það er eitt af því besta sem ég veit um.“ - drg




**MEST SELDA ÆVISAGAN Á ÍSLANDI**
Metsölulisti Eymundsson
26. nóvember

## ÁTÖK OG EINKAMÁL, SORGIR OG SIGRAR

*Saga af forseta* er ítarleg og einstaklega forvitnileg úttekt á viðburðaríkum embættisferli Ólafs Ragnars Grímssonar, umdeildasta forseta lýðveldisins.

Hér er nýju ljósi varpað á margvísleg umsvif forsetans og athafnasemi, tengsl hans við valdamenn í viðskiptum og stjórnmálum innanlands og utan, litrík samskipti við aðra ráðamenn og einkamál hans sem stundum hafa verið mjög í sviðsljósinu.

Guðjón Friðriksson sagnfræðingur er margverðlaunaður rithöfundur. *Saga af forseta* er byggð á rannsóknum hans og viðtölum við fjölda fólks heima og erlendis, auk forsetans sjálfs.

**Áríðandi bók fyrir áhugafólk um íslenska samtíð!**

**FJÖLDI LJÓSMYNDA PRÝÐIR BÓKINA**

BÓKIN ER PRENTUÐ Á ÍSLANDI

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is


RUGL
Uppáhalds músin þín er mætt aftur!

# VERÐ
# LIFIR

## Á laugardaginn opnum við á ný BT í Smáralind og á Akureyri

**Klikkuð tilboð og ekkert bull. Allt það besta í afþreyingarefni. Ekki missa af enduropnun aldarinnar. Láttu sjá þig í verslun BT í Smáralind eða á Akureyri milli kl. 11 og 18 á laugardag.**

BT-
bæklingurinn
kemur út
á morgun.

BT

**Bara rugl – bara ódýrt**






LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| MADAGASCAR 2 | kl. 4, 5 og 6 -ÍSL. TAL | L |
| ZACH AND MIRI MAKE A PORNO | kl. 5.45, 8 og 10 | 16 |
| PRIDE AND GLORY | kl. 7.45 og 10.15 | 16 |
| IGOR - 500 kr. | kl. 4 - ÍSL. TAL | L |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 7.45 og 10.15 | 12 |


# Hugljúfur stúfur stígur fram

Einhver sagði að Sverrir Norland kallaði sig eða hefði verið kallaður „hinn nýi Megas". Þeir tveir eiga foreldra í Bob Dylan og íslenskri tungu. Sverrir tekur bersýnilega mið af Megasi.

Augljósasti ættarsvipurinn með þeim Bob er munnharpan. Sverrir notar munnhörpu oní kassagítar, en á hógværan hátt; ólíkt til dæmis sjálfsöruggum lúðrastíl Bubba.

Textarnir eru og bobblegir sumir, því Sverrir er ófeiminn við stælingar og vísanir. „Hún málar næturmyrkrið rautt" er fyrsta línan á plötunni, tekin næstum beint úr Bob, og svo skítur sólin, eins og hjá Megasi.

Áhrif forveranna eru sumsé áberandi, en Sverrir málar sig mjúkum litum og hlýlegum og er ekkert þjáður eins og þeir. Hann syngur sætar sögur um stemninguna og ástina og þá stendur hann sig best, svo sem í lögunum Það var til orð og Hugljúfum stúfi. Tilgerðarlegar ljóðæfingar og sögur sem eiga að vera sniðugar skemma hins vegar fyrir plötunni, en Sverrir mun vera 21 árs gamall.

Þá er hljóðfæraleikur og útsetningarnar sorglega andlausar, miðað við ungan aldur þessara tónlistarmanna. Upptökustjórn og hljóðblöndun Jóns Skugga klikkar aðallega á röddinni sjálfri, sem skortir innlifun og skýrleika. Sverrir þarf að æfa framburðinn.

En þetta er áhugaverð fyrsta tilraun ungs lagahöfundar. Ég segi ekki að Sverrir sé hinn nýi neitt, en vonast til að heyra í honum aftur sem fyrst. Hann er vænlegur. **Klemens Ólafur Þrastarson**




**TÓNLIST**

**Sverrir Norland**

Sverrir Norland

★★★

Lágstemmd og hugguleg plata sem lofar góðu.

# Lögin eru háð geðsveiflum

**Önnur plata hljómsveitarinnar Skakkamanage kemur út í dag. Á ýmsu gekk við upptökurnar.**



**SKAKKAMANAGE** Þormóður Dagsson, Svavar Pétur Eysteinsson, Berglind Häsler og Örn Ingi Ágústsson skipa hljómsveitina Skakkamanage sem gefur út aðra plötu sína í dag. MYND/ORRI JÓNSSON

Upptökur á nýjustu plötu Skakkamanage, All Over the Face, reyndu svo mjög á taugar forsprakkans Svavars Péturs Eysteinssonar að hann þurfti að leggjast inn á heilsuhæli í miðjum upptökum.

„Þetta tók svo mikið á að ég þurfti að leggjast inn til að ná mér niður og til að endurforrita mig fyrir framtíðina," segir Svavar. „Þetta er frægt heilsuhæli í útjaðri höfuðborgarsvæðisins þar sem fólk á öllum aldri getur hvílt sig og komið út sem betri manneskjur. Það er meira en að segja það að klambra saman heilli plötu í einni lotu."

Platan var tekin upp „live" á frekar skömmum tíma og var keyrslan því mikil í hljóðverinu. Svo mikil að upptökustjórinn Orri Jónsson úr Slowblow hefur tekið þá ákvörðun að hljóðrita ekki fleiri hljómsveitir í framtíðinni, hvorki meira né minna.

All Over the Face hefur að geyma ljúfsárar ballöður í bland við hávaðarokk. „Lögin eru háð okkar geðsveiflum og fara úr miklum rólegheitum í miklar öfgar," segir Svavar, sem fyrr á árinu barðist hvað harðast fyrir húsafriðun í miðborg Reykjavíkur. Krafðist hann þess meðal annars að barinn Sirkus yrði látinn vera, en án árangurs. Hann vill þó ekki meina að textarnir á plötunni feli í sér þennan boðskap. „Ég held að það sé frekar að pirringurinn í garð Reykjavíkurborgar, skipulagsyfirvalda og útþenslu kapítalismans hafi skilað sér í lögin frekar en textana."

Hann býr nú á Seyðisfirði ásamt eiginkonu sinni, Berglindi Häsler, sem er líka í Skakkamanage. „Það hefur gengið á ýmsu í þessu bandi. Maður er búinn að stökkbreytast algjörlega, fluttur út á land og búinn að hvíla sig á Reykjavík í bili. Ég tek henni fagnandi aftur þegar ég verð búinn að sættast við hana á ný."

freyr@frettabladid.is





SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 4D - 5 - 6D - 7 | L |
| MADAGASCAR 2 m/Ensku tali | kl. 8D - 9 - 10:10D - 11 | L |
| BODY OF LIES | kl. 5:50 - 8 - 10:30 | 16 |
| BODY OF LIES | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| PASSENGERS | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| HOW TO LOSE FRIENDS... | kl. 5:50 - 8:20 | 12 |
| RESCUE DAWN | kl. 10:30 | 16 |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 4 | L |
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 3:40 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 4D - 6D | L |
| MADAGASCAR 2 m/Ensku tali | kl. 6D - 8D - 10:10D | L |
| BODY OF LIES | kl. 8 - 10:40 | 16 |
| W | kl. 8 - 10:40 | 12 |
| FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D | kl. 4(3D) KR 850 | L |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 3:50 síð sýn | L |
| SEX DRIVE | kl. 6 síð sýn | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 6 - 8 | L |
| QUARANTINE | kl. 10:10 | 16 |
| HOW TO LOSE FRIENDS... | kl. 5:50 - 8 | 12 |
| RESCUE DAWN | kl. 10:10 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| MADAGASKAR 2 m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| MADAGASKAR 2 m/Ensku tali | kl. 6 - 8 - 10:20 | L |
| BODY OF LIES | kl. 8 - 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 6 - 8 | L |
| PASSANGERS | kl. 10 | 12 |
| THE WOMEN | kl. 8 | L |
| TRAITOR | kl. 10 | 12 |
| HIGH SCHOOL MUSICAL | kl. 5:40 | L |

SparBíó 550kr
Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| ZACK & MIRI MAKE A PORNO | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| NICK AND NORAH'S ... | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| IGOR 500 kr. | kl. 4 | L |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| QUARANTINE | kl. 10.20 | 16 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 5.40 - 8 | 14 |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 3.45 500 kr. | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000
650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| PRIDE AND GLORY | kl. 8 - 10.40 | 16 |
| NICK AND NORAH'S ... | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| IGOR 500 kr. | kl. 6 | L |
| TRAITOR | kl. 8 - 10.20 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 5.45 | 14 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| APPALOOSA | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| RELIGULOUS | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.40 - 8 - 10.10 | 14 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| ZACK & MIRI MAKE A PORNO | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl.8 - 10.10 | 12 |
| NICK AND NORAH'S ... | kl. 6 | L |
| IGOR 500 kr. | kl. 6 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR






Einróma lof:

„virkilega gott leikrit… má enginn leiklistarunnandi missa af sýningunni" JVJ, DV

„Magnað stykki og magnaður leikur" GKG, Mannamál STÖÐ2

„Afbragðs leikaravinna, vel þess virði að sjá" PBB, Fréttablaðið

„þessi sýning er með þeim betri sem ég hef séð í íslensku leikhúsi" ÞG, kistan.is

„feikilega vel skrifað… sýningin er vel unnin og á ekki síst erindi í dag ..." ÞES, Víðsjá, RÚV

Sett upp í samstarfi við Ölgerðin

Miðasala í síma 568 8000 eða á borgarleikhus.is

Borgarleikhúsið

# Órafmagnaðir Fjallabræður

Karlakórinn Fjallabræður frá Flateyri heldur tónleika í Þjóðminjasafninu á sunnudaginn. Þar flytur hann sitt nýjasta lag sem nefnist Hó og er að finna á plötunni Jól í Rokklandi sem er nýkomin út.

„Það vill svo skemmtilega til að mamma hans Bárðar sem prýðir „singulinn“ fyrir jólalagið okkar vinnur í Þjóðminjasafninu. Það kom til tals hvort við ætluðum ekki að spila bráðum og þá lá beint við að spila í Þjóðminjasafninu,“ segir Stefán B. Önundarson Fjallabróðir. „Við erum líka að taka upp myndband við jólalagið og ætlum að nota Þjóðminjasafnið í hluta af því. Fyrst við erum komnir í lakkskó og bindi, af hverju ekki að nýta það?“

Lagið Hó, þar sem kórinn syngur undir dynjandi rokki, var tekið upp sama dag og það var æft af einhverju viti í fyrsta skipti. „Þannig gerast kaupin á eyrinni,“ segir Stefán. „Það tók viku að semja það og við vorum í einn dag að taka það upp.“

Hann segir Fjallabræður ætla að syngja sex til sjö lög í Þjóðminjasafninu og í þetta sinn verði allt saman órafmagnað, þ.e. án þess að hljóðnemar verði notaðir. „Núna þurfum við að sýna virkilega hvað í okkur býr þegar hljóðmaðurinn getur ekki lækkað í ákveðnum mönnum,“ segir Stefán og bætir við: „Það er löngu kunnugt að við erum ekki besti karlakór á Íslandi en við erum bestu karlmenn í kór á Íslandi.“

Ókeypis er á tónleikana á sunnudaginn og hefjast þeir klukkan 16. -fb


**FJALLABRÆÐUR** Fjallabræður syngja í Þjóðminjasafninu á sunnudaginn og flytja þar sitt nýjasta lag, Hó. MYND/HÖRÐUR SVEINSSON

# Fór beint á toppinn

Söngkonan Beyoncé fór beint á toppinn á Billboard-listanum í Bandaríkjunum með nýjustu plötu sína, hina tvöföldu I Am… Sasha Fierce. Þetta er í þriðja sinn í röð sem hún fer beint á toppinn þar í landi með plötu.

Nýja platan seldist í 482 þúsund eintökum fyrstu vikuna á lista, sem er aðeins minna en sú síðasta, B-Day, sem seldist í 541 þúsund eintökum. Fyrsta plata hennar, Dangerously in Love sem kom út 2003, seldist í 317 þúsund eintökum.

I Am… Sasha Fierce hefur að geyma lög á borð við If I Were a Boy og Single Ladies (Put a Ring on It). Flytjendur eru Beyoncé og hennar nýja annað sjálf, Sasha Fierce.

Í öðru sæti á listanum var nýjasta plata kanadísku rokkaranna í Nickelback, Dark Horse. Síðasta plata sveitarinnar, All the Right Reasons, var í 156 vikur samfleytt á listanum og því er búist við miklu af nýja gripnum.


**BEYONCÉ** Söngkonan Beyoncé fór beint á toppinn í Bandaríkjunum.


**FÆR MIKIÐ LOF** Fordlandia Jóhanns Jóhannsonar þykir hrífandi og djörf.

# Rífandi góðir dómar

**Jóhann Jóhannsson fær rífandi góða dóma fyrir nýju plötuna sína, Fordlandia. Platan er ósungin en segir sögur um misheppnaðar útópíur. Lagaheitin og útskýringar sem Jóhann birtir á netinu segja söguna. Gagnrýnendur beggja vegna Atlantshafsins eru yfir sig hrifnir.**

**„Töfrandi ritgerð í tónlistarformi,“ segir Slant tímaritið. „Undursamlega fallegt verk,“ segir hið útbreidda Q. „Metnaðarfull nútíma-klassík, sem hrífur mann ekki bara, heldur gagntekur mann alveg,“ segir Drowned in Sound, og Allmusic segir: „Platan er næstum því jafn djörf og sögurnar sem hún segir, nema öfugt við efnivið sagnanna þá nær Jóhann fullkomnum árangri.“**

**Breska útgáfumerkið 4AD gefur plötuna út. Fordlandia er nú loksins á leið til landsins á vegum 12 tóna. Jóhann semur nú tónlistina við Hollywoodmyndina Personal Effects, sem frumsýnd verður á næsta ári. Í aðalhlutverkum eru Ashton Kutcher, Michelle Pfeiffer og Kathy Bates.**


**JEFF LINDSAY** Leikur í nýjasta Dexter-þættinum sem verður sýndur á sunnudaginn í Bandaríkjunum.

# Höfundur í feluhlutverki

Jeff Lindsey, höfundur bókanna um Dexter, er afar hrifinn af sjónvarpsþáttunum sem eru byggðir á verkum hans. Til að sýna stuðning sinn í verki ákvað hann að koma fram í feluhlutverki í nýjasta þættinum sem verður sýndur í Bandaríkjunum á sunnudaginn.

„Þetta er Hollywood. Allir vita að Hollywood nær í frábærar hugmyndir og eyðileggur þær,“ sagði Lindsey spurður hvort fólk hafi efast um stuðning hans. Bætti hann því við að framleiðendur þáttarins vissu nákvæmlega hvað þeir væru að gera. Í þættinum á sunnudag leikur Lindsay lögreglubjón.



## > Kúba ekki dregið sig úr keppni

Óvissa er um hvort Ísland fái þátttökurétt á HM í handbolta sem fram fer í Króatíu í janúar fari svo að Kúba dragi lið sitt úr keppni líkt og sögusagnir eru um. IHF hefur ekki fengið nein boð frá Kúbu um að þeir ætli sér ekki að taka þátt í mótinu. „Meðan staðan er þannig er ekkert sem við getum gert. Það virðist samt vera að við séum fyrsta varaþjóð samkvæmt gögnum IHF en EHF er með okkur sem varaþjóð númer tvö á eftir Slóvenum," sagði Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, sem býst við að þekkjast boðið fari svo á endanum að Ísland fái óvænt sæti.



**sport**
sport@frettabladid.is

PÉTUR INGVARSSON, ÞJÁLFARI HAUKA: STJÓRNAR LIÐI Í FYRSTA SINN Á MÓTI HAMRI SEM HANN ÞJÁLFAÐI Í ÁRATUG

# *Þekkir vel styrkleika heimavallarins í Hveragerði*

Tvö efstu lið í 1. deild karla í körfubolta Hamar og Haukar, mætast í Hveragerði í kvöld. Pétur Ingvarsson, núverandi þjálfari Hauka, verður í sérstakri aðstöðu því hann stjórnar þá liði í fyrsta sinn á móti Hamri sem hann byggði upp og þjálfaði frá 1998 til 2007.

„Það eru tólf leikmenn í hvoru liði og þeim er alveg sama hvað ég hef verið að gera. Hamar er vegastika sem maður er búinn að fara framhjá og sá tími er að baki," segir Pétur sem vill ekki eigna sér allan heiðurinn af gullaldartíma Hamars. „Við skulum ekki vera taka neitt af Lárusi formanni því hann er límið sem heldur þessu saman," segir Pétur og það verða örugglega fagnaðarfundir þegar þeir félagar hittast aftur í kvöld.

Pétur er spenntur fyrir kvöldinu. „Það er gaman af svona leikjum sama í hvaða deild þeir eru hvort sem það er NBA-deildin eða 1. deildin á Íslandi. Toppleikir eru alltaf skemmtilegir," segir Pétur en Haukar hafa líkt og Hamar unnið alla sex deildarleiki sína í vetur. Haukar slógu líka úrvalsdeildarlið Breiðabliks út úr bikarnum á dögunum.



„Þessir sigrar að undanförnu fara ekki með okkur inn í þennan leik og þetta verður bara hörkuleikur á heimavelli Hamars sem ég veit frá fyrstu hendi að er einn sterkasti heimavöllurinn á landinu. Þeir eru gríðarlega vel mannaðir og örugglega með næstbesta kanann á landinu í liðinu hjá sér. Þetta verður hörkubarátta," segir Pétur.

Pétur segir að það verði jafnlangt að fara í leikinn fyrir hann eins og leikmennina þrátt fyrir að hann búi enn í Hveragerði. „Ég vinn reyndar í Hafnarfirði þannig að ég þarf að fara í Hafnarfjörð og svo aftur til baka," segir Pétur.

Pétur ætlar að koma Haukum aftur í efstu deild og hann hefur háleit markmið fyrir liðið. „Í mínum huga eiga Haukar að vera eitt af fjórum bestu liðunum á landinu. Ef ég get ekki komið liðinu þangað þá eiga Haukar bara að finna einhvern annan til þess að gera það. Það er þannig í mínum huga en ég veit að það eru ekki allir með sama markmið og ég," segir Pétur og fyrsta skrefið gæti verið að vinna leikinn í kvöld.



**GUÐMUNDUR STEINARSSON** Fékk stopp hjá Start. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Guðmundur Steinarsson:

## Fær ekki samning hjá Start

**FÓTBOLTI** Keflvíkingurinn Guðmundur Steinarsson er kominn heim eftir reynsludvöl hjá norska liðinu Start.

Guðmundur kom ekki heim með samningstilboð og forráðamenn Start staðfestu í norskum fjölmiðlum í gær að ekki væri í myndinni að bjóða íslenska landsliðsmanninum samning að svo stöddu.

Þeir sögðu að sama skapi kæmi vel til greina að taka þráðinn upp síðar. **- hbg**

Bandaríska háskólakarfan:

## María Ben var stigahæst í sigri

**KÖRFUBOLTI** María Ben Erlingsdóttir átti góðan leik með Texas-Pan American háskólanum þegar liðið vann sinn þriðja leik í röð í bandaríska háskólaboltanum.

María Ben var stigahæst með 17 stig í 53-41 sigri á Air Force-háskólanum en hún hitti úr 4 af 8 þriggja stiga skotum sínum í leiknum. María lék í alls í 31 mínútu í leiknum og var einnig með 4 fráköst og 2 stolna bolta.

María hefur verið í byrjunarliðinu í öllum fjórum leikjum liðsins en UTPA er búið að vinna þrjá síðustu leiki sína og hefur María skorað 29 stig í síðustu tveimur leikjum. **- óój**

# Valdimar hefur skorað mest allra

**FH-táningarnir Aron Pálmarsson og Ólafur Guðmundsson eru báðir meðal fjögurra markahæstu leikmanna N1-deildar karla í handbolta en það stefnir í harða baráttu um markakóngstitilinn í vetur.**

**HANDBOLTI** Valdimar Fannar Þórsson, leikstjórnandi og skytta HK, er markahæsti leikmaður N1-deildar karla þegar deildin er komin í smá landsleikjahlé. Valdimar hefur skorað 80 mörk í 9 leikjum eða 8,9 að meðaltali í leik. Valdimar er með sex marka forskot á FH-inginn unga Aron Pálmarsson sem hefur slegið svo rækilega í gegn í vetur.

Valdimar hefur skorað yfir sex mörk í öllum níu leikjum HK í vetur og yfir tíu mörk í þremur leikjanna. Valdimar skoraði mest 15 mörk í einum leik en það gerði hann í sigri á FH í Kaplakrika. Valdimar hefur skorað 9,0 mörk að meðaltali í þremur leikjum nóvembermánaðar eftir að hafa gefið aðeins eftir í október þar sem hann skoraði 7,5 mörk að meðaltali í leik. Valdimar hafði skorað 23 mörk í fyrstu tveimur leikjum HK í september eða 11,5 mörk að meðaltali í leik.

Valdimar er ekki óvanur að leiða listann yfir markahæstu menn deildarinnar því hann var markahæstur í deildinni þegar hann lék þar síðast veturinn 2006 til 2007. Valdimar skoraði þá 162 mörk í 21 leik eða 7,7 mörk að meðaltali í leik. Valdimar lék sem atvinnumaður með Malmö í Svíþjóð á síðasta tímabili en snéri síðan aftur í Digranesið í haust.

Það stefnir samt í harða baráttu um markakóngstitilinn því FH-ingurinn Aron Pálmarsson og Framarinn Rúnar Kárason standa Valdimar ekki langt að baki. Rúnar hefur skorað átta mörkum minna en Aron en á leik inni og hefur í raun skorað 0,1 marki meira að meðaltali í leik það sem af er í vetur.

Aron er sá leikmaður deildarinnar sem hefur oftast brotið tíu marka múrinn en þessi 18 ára strákur hefur skorað 10 mörk eða meira í fjórum deildarleikjum í vetur.



**8,9 MÖRK Í LEIK** Valdimar Fannar Þórsson hefur spilað vel með HK í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Rúnar Kárason er ásamt Valdimar sá sem hefur skorað flest mörk í einum leik en hann skoraði 15 mörk í leik á móti FH. Framarar eiga flesta leikmenn sem hafa brotið tíu marka múrinn í vetur því bæði Andri Berg Haraldsson og Magnús Stefánsson hafa líka náð því að skora yfir tíu mörk í einum leik það sem af er í vetur.

FH-ingar eru með frábært sóknarlið sem sést meðal annars á því að ekkert lið er að skora fleiri mörk að meðaltali í leik. FH-ingar eiga líka tvo leikmenn meðal fjögurra efstu manna á listanum því auk Arons er Ólafur Guðmundsson einnig búinn að skora yfir sex mörk að meðaltali í leik. Ólafur er jafnaldri Arons og hefur oft þurft að sitja í skugganum en þessi stórefnilega skytta er farinn að minna vel á sig og skoraði meðal annars 13 mörk í síðasta leik á móti HK. Það hefur enginn skorað fleiri mörk í einum leik fyrir FH í vetur en Aron hefur mest skorað 12 mörk í einum leik.

Allir fjórir markahæstu menn deildarinar eru að spila fyrir utan en hjá toppliði Valsmanna eru hins vegar hornamenn í tveimur efstu sætum. Arnór Þór Gunnarsson er fimmti markahæsti leikmaður deildarinnar með 6,0 mörk að meðaltali í leik og Baldvin Þorsteinsson er búinn að skora 5,5 mörk í leik. Arnór hefur reyndar spilað mikið í stöðu skyttu vegna forfalla leikmanna á hægri væng Valsliðsins. ÝR-ingar eiga líka tvo hornamenn á listanum í þeim Andra Snæ Stefánssyni og Oddi Grétarssyni en þeirra efsti maður er skyttan Árni Þór Sigtryggsson.

**ooj@frettabladid.is**



**8,2 MÖRK Í LEIK** Aron Pálmarsson í FH. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**6,3 MÖRK Í LEIK** Ólafur Guðmundsson í FH. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**8,3 MÖRK Í LEIK** Rúnar Kárason í Fram. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### MARKAHÆSTU MENN

| | |
|---|---|
| Valdimar Þórsson, HK | 80 (8,9 í leik) |
| Aron Pálmarsson, FH | 74 (8,2) |
| Rúnar Kárason, Fram | 66 (8,3) |
| Ólafur Guðmundsson, FH | 57 (6,3) |
| Arnór Gunnarsson, Val | 54 (6,0) |
| Árni Þór Sigtryggsson, Akure. | 54 (6,0) |
| Sigurbergur Sveinsson, Hauk. | 52 (6,5) |
| Andri Berg Haraldsson, Fram | 48 (6,0) |
| Sverrir Hermannsson, Víkingi | 48 (6,0) |
| Fannar Friðgeirsson, Stjörn. | 45 (5,6) |
| Baldvin Þorsteinsson, Val | 44 (5,5) |
| Andri Snær Stefáns., Akureyri | 42 (4,7) |
| Jónatan Þór Magnúss., Akure. | 41 (4,6) |
| Ásbjörn Friðriksson, FH | 36 (4,0) |
| Elvar Friðriksson, Val | 34 (3,8) |
| Guðmundur Pedersen, FH | 34 (4,3) |
| Oddur Grétarsson, Akureyri | 33 (3,7) |

**Flestir tíu marka leikir:**

| | |
|---|---|
| Aron Pálmarsson, FH | 4 |
| Valdimar Þórsson, HK | 3 |
| Rúnar Kárason, Fram | 2 |
| Ólafur Guðmundsson, FH | 2 |
| Árni Þór Sigtryggsson, Akureyri | 2 |

Fjármálaráðstefna ÍSÍ - 2008
Föstudaginn 28. nóvember kl. 13:00 – 16:00
Íþrótta- og sýningarhöllinni í Laugardal – Salur 1
Allir velkomnir !
Fjármálaráðstefna ÍSÍ - 2008
Dagskrá
- Setning – Ólafur Rafnsson, forseti ÍSÍ
- Ávarp – Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra
- Rekstur íþróttahreyfingarinnar – Gunnar Bragason, formaður Fjármálaráðs ÍSÍ
- Áhrif efnahagsástandsins á íþróttahreyfinguna – Lárus Blöndal, varaforseti ÍSÍ
- Réttur allra til íþróttaiðkunar, sveitarfélög – Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar
- Sjónarmið sérsambanda – Hörður Þorsteinsson, framkvæmdastjóri GSÍ
- Sjónarmið íþróttafélaga – Guðjón Guðmundsson, formaður KR
- Íþróttir og atvinnulífið – Hrund Rudolfsdóttir, framkvæmdastjóri og stjórnarmaður í SA
- Ný tækifæri – umræður
- Samantekt – Stefán Konráðsson, framkvæmdastjóri Íslenskrar Getspár
- Ráðstefnuslit – Ólafur Rafnsson, forseti ÍSÍ

Ráðstefnustjórn: Stefán Konráðsson, framkv.stj. Íslenskrar Getspár
Upplýsingar á www.isi.is

Heiðar Helguson fór eftir allt saman til QPR:

## Kominn til að skora

**FÓTBOLTI** Harðjaxlinn Heiðar Helguson er glaður með að vera loksins kominn til QPR eftir skrautlega atburðarás síðustu vikur og segist í viðtali við opinbera heimasíðu Lundúnafélagsins hlakka til þess að byrja að spila með liðinu.

„Þetta er frábært tækifæri fyrir mig og þegar ég heyrði af áhuga QPR þá hikaði ég ekki. Ég þarf að spila reglulega og vonandi fæ ég tækifæri til þess að gera það hjá QPR. Það tekur náttúrulega alltaf smá tíma að venjast nýju félagi en ég var fenginn hingað til þess að skora mörk og ég er sannfærður um að ég geti það," segir Heiðar.

Heiðar er vel þekktur fyrir markaskorunarhæfileika sína í Coca Cola Championship-deildinni en hann lék þar í fimm keppnistímabil með Watford við góðan orðstír. **- óþ**



**MARKASKORARI** Heiðar Helguson getur ekki beðið eftir því að spila með og skora mörk fyrir QPR. NORDIC PHOTOS/GETTY

# Vinsælustu

## heimilistækin á frábæru verði

Öll raftæki fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum

**Jólin vaxtalaus**
fyrsta afborgun í mars
Jólalán Hagkaups



1.990kr
FRÁBÆRT VERÐ

**Melissa hárklippur** 638141
• Öflugar hárklippur
• 4 kambar, skæri og greiða fylgja
• Litur: Silfur



**Exido ketill** 245059
• 1 lítra ketill
• 1800w
• Snúrulaus
• 1 lítra pressukanna
• Ryðfrítt stál

6.990kr
FRÁBÆRT VERÐ



**Melissa hárblásari** 635092
• 2200w
• 2 kalda- og 3 hitastillingar
• Kaldur blástur
• Með ionization - afrafmagnar hárið
• 2 hausar fylgja
• Ofhitunarvörn
• Hægt að taka út filter til að hreinsa

2.990kr
FRÁBÆRT VERÐ



**Phlips ferðatæki** AZ1027
• Útvarp FM/MB
• Dynamic Bass Boost
• Vandaður geislaspilari
• Spilar CD, CD-R/RW
• Segulband
• Góðir hátalarar
• Aux Line-in

9.990kr
FRÁBÆRT VERÐ



**Dantax ferðaútvarp** R40
• FM útvarp
• Innbyggt loftnet
• Gengur fyrir rafhlöðum eða 230V

3.490kr
FRÁBÆRT VERÐ



5.990kr
FRÁBÆRT VERÐ

**Exido handryksuga** 240111
• Flott handryksuga
• 4,8v rafhlaða
• Hægt að festa hleðslutæki á vegg



**JVC ferðaútvarp með IPOD vöggu**
RAP11
• Ferðaútvarp með iPod vöggu
• Stafrænt FM útvarp með 20 stöðvaminnum
• Klukka með vekjara
• Skjár með baklýsingu
• Hitamælir
• Gengur á 6 x AA rafhlöðum eða spennugjafa

16.990kr
FRÁBÆRT VERÐ



**Melissa raclette** 643045
• 8 manna
• 1200w

4.990kr
FRÁBÆRT VERÐ



**Philips útvarpsvekjari með veðurstöð** AJ210
• Sýnir veðurspá með myndum
• Inni hitamælir
• Sýnir með litum hvernig veður má búast við
• Stafrænt útvarp með stöðvarminnum
• Tveir vekjarar
• Stór skjár með baklýsingu

12.990kr
FRÁBÆRT VERÐ



**Toshiba DVD spilari** SD180
• Progressive Scan
• Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD
• Spilar CD, CD-R/RW og JPEG
• Dolby Digital og DTS
• Scart (með RGB), Component og CVBS tengi
• Digital Coaxial tengi
• Fjarstýring

10.990kr
FRÁBÆRT VERÐ



Gildir til 4. desember eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð

## ÚRSLIT

### *Undankeppni HM í handb.*

Ísland-Sviss 40-31 (20-14)
Mörk Íslands: Hanna Guðrún Stefánsdóttir 11, Dagný Skúladóttir 6, Rakel Dögg Bragadóttir 5, Ágústa Edda Björnsdóttir 5, Hrafnhildur Skúladóttir 4, Arna Sif Pálsdóttir 3, Elísabet Gunnarsdóttir 3, Ásta Birna Gunnarsdóttir 2, Hildur Þorgeirsdóttir 1, Sunna María Einarsdóttir 1.
Berglind Íris Hansdóttir stóð í markinu allan leikinn og varði 24 skot.

### *Æfingaleikur:*

Ísland-Dormagen 34-28 (19-11)
Mörk Íslands: Guðjón Valur Sigurðsson 6, Rúnar Kárason 6, Einar Hólmgeirsson 4, Logi Geirsson 3, Bjarni Fritzson 3, Aron Pálmarsson 3, Sturla Ásgeirsson 3, Sigurbergur Sveinsson 2, Þórir Ólafsson 2, Vignir Svavarsson 2.
Varin skot: Björgvin Páll Gústavsson 11, Hreiðar Levý Guðmundsson 7.

### *UEFA-bikarinn*

Schalke-Man. City 0-2
0-1 Benjani (32.), 0-2 Stephen Ireland (66.).
NEC Nijmegen-Tottenham 0-1
0-1 Jamie O´Hara (14.).
Portsmouth-AC Milan 2-2
1-0 Younes Kaboul (62.), 2-0 Kanu (73.), 2-1 Ronaldinho (84.), 2-2 Filippo Inzaghi (90.+2).



**BARÁTTA** Zambrotta og Traore berjast hér um boltann í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

UEFA-bikarinn:

## Inzaghi bjargaði AC Milan

**FÓTBOLTI** Filippi Inzaghi bjargaði einu stigi fyrir AC Milan gegn Portsmouth í gær með marki í uppbótartíma.

Fyrri hálfleikur var tilþrifalítill en Portsmouth var sterkara liðið í síðari hálfleik. Kaboul kom þeim yfir og Kanu bætti öðru marki við ellefu mínútum síðar þegar Zambrotta mistókst að spila Nígeríumanninn rangstæðan.

Ronaldinho kom inn af bekknum í stöðunni 2-0 og minnkaði muninn með glæsilegu marki beint úr aukaspyrnu sex mínútum fyrir leikslok. Það var síðan Inzaghi sem jafnaði í uppbótartíma og tryggði Milan stig.

Hermann Hreiðarsson sat á bekknum hjá Portsmouth líkt og venjulega. - hbg



**RÚNAR KÁRASON** Átti fínan leik gegn Dormagen í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Strákarnir okkar:

## Öruggt gegn Dormagen

**HANDBOLTI** Íslenska landsliðið hitaði upp fyrir vináttulandsleikina tvo með því að mæta þýska liðinu Dormagen í gær en Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari er fyrrum þjálfari þess félags.

Leikurinn reyndist hin besta upphitun fyrir strákana okkar sem unnu öruggan sigur, 34-28, og höfðu öll tök á leiknum frá upphafi til enda.

Allir leikmenn íslenska liðsins fengu að spreyta sig í leiknum og tókst öllum útileikmönnum liðsins að skora fyrir utan varnarbuffið Sverre Andreas Jakobsson.

Guðjón Valur Sigurðsson og Rúnar Kárason voru markahæstir með sex mörk hvor. - hbg

Landsliðsþjálfarinn vill lítið tjá sig um ummæli Eiðs:

# Ekki heyrt þetta frá Eiði

**FÓTBOLTI** Ummæli Eiðs Smára Guðjohnsen í spænska íþróttablaðinu Sport hafa vakið talsverða athygli. Þar sagði Eiður Smári að hann hefði velt því fyrir sér á stundum hvort það væri þess virði að spila fyrir íslenska landsliðið.

Hann sagði enn fremur að hann myndi framvegis velja sér þá landsleiki sem hann vilji spila.

Fréttablaðið hafði samband við Ólaf Jóhannesson landsliðsþjálfara í gær en hann hafði þá ekki séð umrætt viðtal en var fræddur um innihald þess af blaðamanni.

„Ég hef voða lítið um þetta að segja. Ég get í raun lítið verið að tjá mig um það sem er haft eftir honum í blöðunum enda er það ekki alltaf rétt. Til að mynda var ekki haft rétt eftir honum í Morgunblaðinu um daginn," sagði Ólafur en hann sagði enga sérstaka ástæðu til þess að hringja í Eið Smára og ræða málið við hann.

„Ég vel bara landsliðið í næsta leik. Það er ekkert flóknara en það. Ég vel alltaf sterkasta liðið nema ég gefi annað út eins og síðast. Ég vil ekkert ræða þessi ummæli því ég hef ekki heyrt þetta beint frá honum og þá get ég ekki verið að tjá mig. Auðvitað var hann hundfúll að meiða sig í landsleiknum um daginn en menn geta meiðst líka annars staðar en með landsliðinu," sagði Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari. - hbg



**MEIDDIST SÍÐAST** Eiður Smári meiddist í síðasta landsleik og landsliðsþjálfarinn segir hann hafa verið hundfúlan með það. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Alvaran byrjar um helgina

**Íslenska kvennalandsliðið í handbolta vann öruggan sigur á Sviss, 40-31, í öðrum leik liðsins í undankeppni HM. Íslenska liðið hefur unnið báða leiki sína í riðlinum. Tveir erfiðustu leikir stelpnanna fara þó fram um helgina.**

**HANDBOLTI** Kvennalandsliðið fer vel af stað í undankeppni HM en liðið er búið að vinna tvo fyrstu leiki sína í undankeppninni. Fyrst gegn Lettum og svo gegn Sviss í gær. Íslensku stelpurnar fá frí í dag en um helgina taka við tveir erfiðir leikir gegn Slóvökum og Pólverjum en aðeins eitt lið kemst áfram upp úr riðlinum.

Íslenska liðið fékk aðeins meiri samkeppni gegn Sviss í gær en gegn Lettum á miðvikudag, en sigur liðsins var þrátt fyrir það aldrei í hættu.

„Fyrstu 20 mínúturnar voru svolítið erfiðar en við keyrum svo yfir þær á síðustu tíu mínútum fyrri hálfleiks og náum þá mest átta marka forskoti. Það gerði verkið þægilegra fyrir í síðari hálfleik en ég var samt ekkert í rónni fyrr en svona fimm mínútur voru eftir. Ég er kannski svona slæmur á taugum," sagði Júlíus Jónasson landsliðsþjálfari léttur eftir leik en hann var ánægður með margt í leik sinna stelpna.

„Ég var sérstaklega ánægður með sóknarleikinn í þessum leik. Þær byrjuðu með framliggjandi vörn gegn okkur sem við leystum mjög vel af hendi. Þær bökkuðu síðan í 6/0 vörn og við leystum það einnig vel. Vörnin hjá okkur var skárri en gegn Lettum og við fengum nokkurn slatta af hraðaupphlaupum," sagði Júlíus. Hanna Guðrún Stefánsdóttir batt endahnútinn á flest hraðaupphlaupin en hún er búin að skora 27 mörk í fyrstu tveim leikjunum og hefur hreinlega farið á kostum.

„Við spiluðum 6/0 vörn og Berglind Íris var frábær þar fyrir aftan. Annars höfum við ekki verið að spila út öllum okkar trompum ennþá og í raun verið að spila smá póker. Okkar besta vörn er 5/1 vörnin en við ætlum ekkert að sýna hana fyrr en við mætum sterkari andstæðing á laugardag," sagði Júlíus.

Á morgun mætir liðið einmitt Slóvakíu og á sunnudag bíða Pólverjar en bæði þessi lið eru nokkuð sterkari en þau lið sem stelpurnar hafa spilað við til þessa.

„Það má í raun segja að alvaran byrji um helgina. Það er alveg ljóst að við þurfum að eiga toppleiki gegn þessum liðum og margt að ganga upp. Hindrunin er samt alls ekki óyfirstíganleg. Það er búinn að vera fínn stígandi í okkar leik og vonandi náum við að toppa um helgina," sagði Júlíus að lokum.

henry@frettabladid.is



**FÍNN LEIKUR** Rakel Dögg Bragadóttir átti fínan leik í liði Íslands í gær og skoraði fimm mörk í öruggum sigri á Sviss. FRÉTTABLAÐIÐ/TIHI JOVANOVIC



**GALLAS** Er nú sterklega orðaður við félagaskipti til AC Milan í janúar. NORDIC PHOTOS/GETTY

Breskir fjölmiðlar í gær:

## AC Milan ætlar að kaupa Gallas

**FÓTBOLTI** Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, vonast til þess að sigurinn á Dynamo Kiev í Meistaradeildinni á þriðjudaginn verði til þess að létta andrúmsloftið í herbúðum Lundúnafélagsins eftir vindasama daga undanfarið í kjölfar harðrar gagnrýni Williams Gallas á liðsfélaga hans. Gallas var sem kunnugt er sviptur fyrirliðastöðunni vegna ummæla sinna og settur út úr hóp fyrst um sinn en lék svo með að nýju gegn Kiev og Wenger hrósaði honum fyrir endurkomuna.

„Gallas var ákveðinn í að standa sig vel í leiknum og gerði það og ég var ánægður með að aðdáendur okkar hafi tekið eftir því og veitt honum stuðning," segir Wenger.

Breskir fjölmiðlar greindu hins vegar frá því í gær að hinn franski Gallas væri sterklega orðaður við AC Milan og að ítalska félagið væri tilbúið að greiða allt að því fimm milljónir punda fyrir varnarmanninn. - óþ

Óþekktur áhugaknattspyrnumaður, Arton Baleci, mun æfa við toppaðstæður í ár til að ná markmiði sínu:

# Ætlar að komst í úrvalsdeildarklassa

**FÓTBOLTI** Hinn 23 ára gamli Arton Baleci ætlar í eitt ár að helga sig alfarið lokamarkmiði sínu, að breyta sér úr því að vera meðal góður knattspyrnumaður í það að verða leikmaður í úrvalsdeildarklassa á Englandi. Til þess að ná settu marki mun hann njóta aðstoðar toppþjálfara, næringarfræðinga og annarra sérfræðinga á ýmsum sviðum tengdum íþróttafræði.

BBC Sports greindi í gær frá verkefninu „The Beautiful Aim" eða „Fallega markmiðið" sem maður að nafni Arton Baleci stendur að. Markmiðið gengur út á það að Baleci, sem er aðeins meðalgóður knattspyrnumaður, ætlar í heilt ár að gangast undir stífar æfingar, kennslu og rannsóknir til þess að bæta sig það mikið að hann verði að ári loknu leikmaður í úrvalsdeildarklassa á Englandi. Baleci er fúlasta alvara með þessu og hefur fulla trú á því að hann nái markmiði sínu, en undirbúningurinn að verkefninu hefur tekið um átján mánuði.

„Ég hef sett saman þjálfaralið sem hefur hjálpað mér í undirbúningnum og stendur við hlið mér alla leið. Það er svo undir mér komið að ná árangri og ég hef trú á því að ég geti náð markmiði mínu," segir Baleci.

Nick Grantham, fyrrum þolþjálfari hjá breska fimleikalandsliðinu, mun sjá til þess að Baleci komist í jafn gott líkamlegt ásigkomulag og leikmaður í ensku úrvalsdeildinni en þjálfarinn telur raunhæft að ná því á níu mánuðum.

Baleci mun enn fremur notast við heldur framandi tækni við þjálfun sína eins og hina svokölluðu Feldenkrais-aðferð sem stuðlar að auknu valdi á líkamsbeitingu og hefur til að mynda verið notuð til þess að berjast gegn Parkinsonsveiki.

Þá mun hann einnig þjálfa samkvæmt NLP-aðferðinni sem felur í sér að þátttakandinn hermir nákvæmlega eftir viðfangsefni, í þessu tilviki atvinnumanni í knattspyrnu, til þess að tileinka sér hæfni og eiginleika þess. „Robin van Persie hjá Arsenal er leikmaður sem ég mun fylgjast vel með og rannsaka í sambandi við NLP-aðferðina. Hann nær til dæmis nær undantekningarlaust að plata andstæðinga sína með ákveðnum snúningi sem ég ætla að reyna að tileinka mér," segir Baleci vongóður.

Á heimasíðunni www.thebeautifulaim.com er hægt að fylgjast með gangi mála hjá Baleci. - óþ

### FULLKOMINN LEIKMAÐUR

**-Í samhengi við markmið Baleci bjó BBC Sports til hinn fullkomna leikmann úr eiginleikum nokkurra valinkunna stjórstjarna úr fótboltanum:**

| | |
|---|---|
| Heilinn - | Dimitar Berbatov |
| Spyrnutækni - | David Beckham |
| Hreyfing á velli - | Thierry Henry |
| Snúningsgeta - | Robin van Persie |
| Markaskorun - | Ruud van Nistelrooy |
| Líkamsstyrkur - | Didier Drogba |
| Sprengikraftur - | Fernando Torres |
| Jafnvægi - | Zlatan Ibrahimovic |
| Knattrak - | Lionel Messi |
| Skallatækni - | Cristiano Ronaldo |
| Knattleikni - | Robinho |



**FYRIRMYND** Robin van Persie hjá Arsenal er einn af þeim leikmönnum sem Arton Baleci mun rannsaka í von um að ná að tileinka sér hæfni hans að einhverju leyti. NORDIC PHOTOS/GETTY



Gjafir sem gagn er að
Silit
Hágæða áhöld í eldhúsið
Keramík steytill til að mylja hráefni.
VERÐ 1.690
Sker epli í báta og skilur frá kjarna.
VERÐ 2.950
Brauðkassi úr stáli með glerloki.
VERÐ 11.300
SEVERIN
Gæði á góðu verði
Sjálfvirk brauðbakstursvél fyrir brauð-, botna-, kökur ofl.
VERÐ 15.900
Öflug 600w safapressa.
VERÐ 10.690
8 bolla kaffikanna sem sýður vatnið.
VERÐ 15.900
Saeco
Frábær jólatilboð á betri kaffivélum
Saeco Incanto Deluxe
Sjálfvirk 1200 w kaffivél með Digital skjá og SBS kerfi, 2 kötlum úr ryðfríu stáli, keramík kvörn, 300g baunahólfi ofl. Tekur einnig malað kaffi.
HÁTÍÐARVERÐ
79.990
FULLT VERÐ 139.900
Saeco Talea Touch
Sjálfvirk 1300 w kaffivél með Digital snertiskjá og SBS kerfi, 2 kötlum úr ryðfríu stáli, keramík kvörn, 250g baunahólfi ofl. Tekur einnig malað kaffi.
HÁTÍÐARVERÐ
89.990
FULLT VERÐ 159.900
MEÐ SNERTISKJÁ
KitchenAid
Gjöf til framtíðar
KitchenAid 5KIT780EWH
Hágæða brauðrist með tímastilli.
VERÐ 39.990
KitchenAid 5KSB52EWH
500w blandari með 5 hröðum, stórum stálhníf og glerkönnu.
VERÐ 32.600
KitchenAid 5KFPM770H
650 W matvinnsluvél með fjölnota blaði úr stáli, deigblaði, eggjaþeytara ofl.
VERÐ 49.400
DENON
Hljómtæki og heimabíó í miklu úrvali
TOSHIBA
Hágæða LCD sjónvörp í öllum stærðum
WilliamBounds
Hágæða pipar- og saltkvarnir
- margar gerðir
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

> **Sugar Ray Leonard**

„Box er stærsta áskorunin. Það er ekkert sambærilegt við þá prófraun sem maður þreytir inni í hringnum.“ Leonard er maðurinn á bak við þáttinn The Contender þar sem leitað er að næstu hnefaleikastjörnu. Þátturinn er sýndur á Skjá einum í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON FÆR HUGMYND

# *Idol-auðmannastjörnuleit*

Í gamla daga (góðærið er það kallað núna) fékk maður ósjaldan fréttir af skemmtilegum uppátækjum auðmanna. Þeir voru nefnilega hressir karlar, þessir náungar sem gerðu Ísland heimsfrægt á einni nóttu og leiddu okkur á fund hinna stórskemmtilegu fýra hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Ég man einu sinni eftir frétt um að Jón Ásgeir ætlaði að taka þátt í Celebrity X-Factor í Bretlandi. Það varð nú ekkert úr þeim söng enda voru upptökurnar víst hugsaðar fyrir árshátíð Baugs eða eitthvað þvíumlíkt. En svona gátu þeir verið uppátækjasamir.

Auðjöfrarnir voru líka miklir músíkantar. Bjarni Ármannsson lék víst í hljómsveit og söng stundum með Stuðmönnum. Ólafi Ólafssyni fannst ekki mikið mál að fljúga Elton John til Íslands og Ármann Þorvaldsson varð svo frægur að bjóða bæði Tom Jones og Duran Duran í áramótaveislur sínar. Kóngarnir í þessum efnum voru síðan auðvitað Bjöggarnir: Björgólfur Thor splæsti í Fifty (50 Cent) og sá eldri var einhver stórtækasti tónleikahaldari landsins. Sá um menningarnæturtónleikana og var að láta byggja tónlistar- og ráðstefnuhús við höfnina þegar allar þessar hörmungar dundu yfir.

En nú eru allir þessir gæjar blankir. Eiga varla bót fyrir boruna ef marka má síðustu fréttir. Þeir ættu því að hafa hoppað hæð sína þegar Stöð 2 tilkynnti um Idol-stjörnuleit. Ég er nefnilega alveg viss um að þjóðin myndi flykkjast að skjánum ef hún vissi að hinir bráðhressu auðkýfingar ætluðu að taka fræg og vinsæl lög eftir fyrrum vini sína, poppstjörnurnar. Nú, ef þeir vilja ekki gera það af fúsum og frjálsum vilja þá getum við, Íslendingar, neytt þá til þess. Enda kominn tími til að þeir skemmti okkur á sinn kostnað en ekki öfugt.



**STÓRSKEMMTILEGIR** Þeir Ármann, Jón Ásgeir og Bjarni voru allir bráðhressir og gætu sómt sér vel í Idol-stjörnuleit í vetur.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.15** **Útsvar** SJÓVARPIÐ



▶ **20.45** **Wipeout** STÖÐ 2



▶ **21.00** **Singing Bee** SKJÁREINN



▶ **21.30** **Kenny vs. Spenny** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **01.00** **Phoenix - Miami, BEINT** STÖÐ 2 SPORT

## SJÓNVARPIÐ

**16.00 Káta maskínan** (e)

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)

**17.15 Táknmálsfréttir**

**17.25 Matta fóstra og ímynduðu vinirnir hennar** (60:65)

**17.47 Músahús Mikka** (32:55)

**18.10 Ljóta Betty** (30:41) (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

▶**20.15 Útsvar** Í þessum þætti eigast við lið Snæfellsbæjar og Skagafjarðar. Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir stýra þættinum. Dómari og spurningahöfundur er Ólafur Bjarni Guðnason.

**21.15 Löggur** (Kopps) Sænsk gamanmynd frá 2003. Þegar stendur til að loka lögreglustöð í smábæ vegna þess hve lítið er um glæpi þar þarf lögreglan að grípa til sinna ráða. Aðalhlutverk: Fares Fares, Torkel Petersson, Göran Ragnerstam, Sissela Kyle og Eva Röse.

**22.45 Gamli skólinn** (Old School) Bandarísk gamanmynd frá 2003. Þrír menn sem eru óánægðir með hve líf þeirra er dauflegt reyna að endurvekja kæruleysi skólaáranna. Aðalhlutverk: Luke Wilson, Will Ferrell, Vince Vaughn, Jeremy Piven, Ellen Pompeo og Juliette Lewis.

**00.15 Vopnasalinn** (Lord Of War) Bandarísk bíómynd frá 2005 um efnaðan vopnasala á flótta undan Alþjóðalögreglunni. Aðalhlutverk: Nicolas Cage, Bridget Moynahan, Jared Leto, Ethan Hawke, Ian Holm og Donald Sutherland. (e)

**02.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 I'm With Lucy**

**10.00 Shrek**

**12.00 Saved!**

**14.00 I'm With Lucy**

**16.00 Shrek**

**18.00 Saved!**

**20.00 Wild Hogs** Gamanmynd um miðaldra úthverfiskarla sem stofna mótorhjólagengi og brenna malbik í leit að ævintýrum.

**22.00 A History of Violence**

**00.00 Fallen: The Destiny** Þriðji hluti

**02.00 No Good Deed**

**04.00 A History of Violence**

**06.00 Little Miss Sunshine**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Smá skrítnir foreldrar, Louie, Fífí, Ruff's Patch og Stóra teiknimyndastundin.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 La Fea Más Bella** (202:300)

**10.15 Newlywed, Nearly Dead** (2:13)

**10.55 America's Got Talent** (12:15)

**12.00 Grey's Anatomy** (20:25)

**12.45 Neighbours**

**13.10 Forboðin fegurð** (79:114)

**13.55 Forboðin fegurð** (80:114)

**14.40 Meistarinn** (9:15)

**15.35 Bestu Strákarnir** (19:50)

**16.00 A.T.O.M.**

**16.23 Bratz**

**16.48 Nornafélagið**

**17.08 Dexter's Laboratory**

**17.33 Bold and the Beautiful**

**17.58 Neighbours**

**18.23 Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.17 Veður**

**19.35 The Simpsons** (8:25) Áttunda þáttaröðin um Simpson-fjölskylduna óborganlegu og hversdagsleika hennar

**20.00 Logi í beinni** Spjallþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar.

▶**20.45 Wipeout** (4:11) Raunveruleikaþáttur þar sem keppendur þurfa að ganga í gegnum ýmsar þrautir til að vinna 50.000 þúsund dollara.

**21.30 Sálin – hér er draumurinn** Ný heimildarmynd um hljómsveitina Sálin hans Jóns míns.

**23.05 Stander** Mynd byggð á sannsögulegum atburðum um Andre Stander sem varð uppvís að voðaverkum sem tengdust aðskilnaðarstefnunni í Suður-Afríku á áttunda áratugnum. Hann lagði á flótta undan réttvísinni en Stander og klíkan hans urðu síðar alræmd fyrir fjölda bankarána.

**01.00 The Longest Yard**

**02.50 Stone Cold**

**04.15 Peep Show** (1:12)

**04.40 Wipeout** (4:11)

**05.25 The Simpsons** (8:25)

**05.50 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Evrópukeppni félagsliða** Útsending frá leik Portsmouth og AC Milan.

**16.30 Evrópukeppni félagsliða** Útsending frá leik Portsmouth og AC Milan.

**18.10 Utan vallar** Umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport fá til sín góða gesti og ræða málefni líðandi stundar.

**19.00 Gillette World Sport** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi.

**19.30 NFL-deildin** Rich Eisen og Deion Sanders skoða allar viðureignirnar og spá í spilin.

**20.00 Spænski boltinn**

**20.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**

**21.00 Ultimate Fighter** Þáttaröð þar sem sextán bardagamenn keppast um að komast á milljónasamning hjá UFC.

**21.45 UFC Unleashed** Bestu bardagarnir í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.

**22.30 World Series of Poker 2008**

**23.20 NBA - Bestu leikirnir** Lakers - Philadelphia, 1980.

▶**01.00 NBA körfuboltinn** Bein útsending frá Arizona þar sem Phoenix og Miami mætast í NBA-körfuboltanum.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**17.30 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Man. City og Arsenal.

**19.10 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Liverpool og Fulham í ensku úrvalsdeildinni.

**20.50 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**21.20 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í enska boltanum. Farið yfir viðureignir helgarinnar og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.

**21.50 PL Classic Matches** Arsenal - Blackburn, 2001. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**22.20 PL Classic Matches** Arsenal - Man. United, 1997.

**22.50 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í enska boltanum. Farið yfir viðureignir helgarinnar og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.

**23.20 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Portsmouth og Hull.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Game tíví** (12:15) (e)

**09.15 Vörutorg**

**10.15 Óstöðvandi tónlist**

**17.35 Vörutorg**

**18.35 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.

**19.20 Friday Night Lights** (11:15) Dramatísk þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas. Þar snýst allt lífið um árangur fótboltaliðs skólans og það er mikið álag á ungum herðum. (e)

**20.10 Charmed** (11:22) Bandarískir þættir um þrjár fagrar og kynngimagnaðar örlaganornir. Billie fær foreldra sína í heimsókn um leið og hún er að grennslast fyrir um hvarf systur sinnar. Fyrir slysni breytir Billie foreldrum sínum í kaldrifjaða morðingja.

▶**21.00 Singing Bee** (11:11) Nýr, íslenskur skemmtiþáttur þar sem fjörið ræður ríkjum. Íslensk fyrirtæki keppa í skemmtilegum leik þar sem keppendur þurfa ekki að kunna að syngja heldur einungis að kunna textann við vinsæl lög.

**22.00 The Contender** (2:10) Bandarísk raunveruleikasería þar sem leitað er að næstu stórstjörnu í hnefaleikaheiminum. Efnilegir boxarar mæta til leiks og berjast þar til aðeins einn stendur uppi sem sigurvegari.

**22.55 In Plain Sight** (10:12) (e)

**23.45 The American Music Awards** (e)

**02.05 Jay Leno** (e)

**02.55 Jay Leno** (e)

**03.45 Vörutorg**

**04.45 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Föstudagsþátturinn.** Endurtekið á klst. fresti til 12.15 daginn eftir.

**N4 Sjónvarp Norðurlands**
**Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 21.30**
**Sálin – Hér er draumurinn**

Ný heimildarmynd um sögu Sálarinnar hans Jóns míns, sem er ein af vinsælustu hljómsveitum Íslandssögunnar. Hljómsveitin fagnar um þessar mundir tuttugu ára starfsafmæli sínu og af því tilefni hefur Jón Egill Bergþórsson tekið saman þessa heimildarmynd þar sem stiklað er á stóru í sögu sveitarinnar. Myndin var frumsýnd í bíó 31. október og verður lengri útgáfa gefin út á DVD-diski.




**▶ VIÐ MÆLIUM MEÐ**
**Logi í beinni**
**Stöð 2 kl. 20.05**

Lauflléttur og skemmtilegur spjallþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar. Hann fær góða viðmælendur í heimsókn og auk þess verður boðið upp á tónlistaratriði og ýmsar uppákomur. Gestir Loga í kvöld eru Raggi Bjarna, Jörundur Ragnarsson og Kristín Helga Gunnarsdóttir.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Bulgari sambandið
**15.30** Heimsauga
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Auðlindin
**18.23** Fréttayfirlit og veður
**18.26** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stjörnukíkir
**21.10** Flakk
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7** FM957 / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (69:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**16.30 Hollyoaks** (70:260)
**17.00 Ally McBeal** (23:23)
**17.45 ET Weekend**
**18.30 Kenny vs. Spenny** (10:13)
**19.00 Hollyoaks** (69:260)
**19.30 Hollyoaks** (70:260)
**20.00 Ally McBeal** (23:23) Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar en einkalíf þeirra og ástarmál eru drepfyndin og stórfurðuleg.
**20.45 ET Weekend** Fremsti og frægasti þáttur í heimi þar sem allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíundað á hressilegan hátt.
**▶21.30 Kenny vs. Spenny** (10:13) Kenny og Spenny eru æskufélagar sem hafa gaman að því að keppa hvor við annan. Í þessum þáttum etja þeir kappi í hinum ýmsu keppnum. Þar á meðal nektarkeppni, danskeppni, biblíusölu og kossakeppni. Þeir svífast einskis til að geta lagt hinn að velli og lenda oft í mjög neyðarlegum aðstæðum.
**22.00 Prison Break** (9:22) Michael Scofield braust út úr skelfilegu fangelsi í Panama með aðstoð Lincolns bróður síns. Til þess að sanna sakleysi sitt og leita hefnda þurfa bræðurnir að uppræta Fyrirtækið, dularfulla stofnun sem er ábyrg fyrir því að þeir eru hafðir fyrir rangri sök. Til þess njóta þeir aðstoðar fyrrverandi samfanga sinna Sucres, Bellicks og Mahones.
**22.45 My Bare Lady** (4:4)
**23.30 Tónlistarmyndbönd frá Skífunni TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst...** Raunveruleikasjónvarp þar sem konur tjá sig hispurslaust um málefni sem alla varðar. Umsjónarkona er Ásdís Olsen.
**21.00 Sportið mitt** Sigurður Ingi Vilhjálmsson og Sverrir Júlíusson mæta galvaskir til leiks með nýjan íþróttaþátt.
**21.00 Birkir Jón** Pólitískur umræðuþáttur í umsjón Birkis Jóns Jónssonar.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**12.00** Aftenshowet med Vejret **12.30** Uventet besøg i Sydafrika **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Boogie Listen **16.00** Min funky familie **16.30** Det kongelige spektakel **16.45** Den lille prinsesse **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** Enden er nær **20.00** TV Avisen **20.30** Reimers **21.10** No Way Back **22.40** Tim Christensen - Perfektionist **23.10** En æressag

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Doc Martin **13.00** NRK nyheter **13.05** Niklas' mat **13.35** 'Allo, 'Allo! **14.00** NRK nyheter **14.01** MGPjr 2008 - norsk finale **15.00** NRK nyheter **15.10** MGPjr 2008 - norsk finale **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Billedbrev fra Europa **16.35** Lyset i mørketida **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Fragglene **17.25** Sauer **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** Beat for beat **19.55** Nytt på nytt **20.25** Grosvold **21.10** Kodenavn Hunter **22.10** Kveldsnytt **22.25** Si at du elsker meg **23.10** Andrea Bocelli - forutbestemt til sang

## SVT 1

**11.50** Mitt i naturen **12.40** Carin 21.30 **13.10** Svensson, Svensson **13.40** Andra Avenyn **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Bobster **15.30** Djursjukhuset **16.00** Disneydags **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** På spåret **20.00** Robins **20.30** Matchstick Men **22.25** Morgonsoffan **22.55** Kulturnyheterna **23.10** Farligt begär **01.05** Sändningar från SVT24


# Ráð við kvefi

**Bólgu í munni og hálsi má lina með því að...**
- Sjúga Strepsils-hálstöflur
- Drekka heita drykki - til dæmis kamillute með hunangi
- Forðast tóbaksreyk

**Stífluð nasir má lina með því að...**
- Nota nefúða - til dæmis Otrivin
- Sofa með hátt undir höfði - sem dregur einnig úr hósta

**Þegar maður er með kvef og særindi í hálsi er almennt gott að...**
- Drekka mikið af vökva
- Þvo hendurnar oft
- Forðast líkamlega áreynslu
- Lofta vel og vandlega heima fyrir en forðast þó vind og kulda
- Nota snýtupappír og henda eftir notkun




**Otrivin auðveldar þér andardrátt þegar þú ert með kvef!**
- Otrivin skal úða einu sinni í hvora nös eftir þörfum, 2-3 sinnum á dag.
- Nota í mesta lagi 10 daga í röð.

**Strepsils, við særindum í hálsi!**
Strepsils er fáanlegt með fjórum bragðtegundum:
- Ávaxtabragði
- Sítrónu- og hunangsbragði
- Sítrónu- og jurtabragði (sykurlaust)
- Mentólbragði

**OTRIVIN** nefúði og nefdroparnir innihalda xýlómetasólin sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bólgu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 6-10 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. **Otrivin 1 mg/ml:** Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 10 ára. **Otrivin 0,5 mg/ml:** Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2 ára. Einungis ætlað 2-10 ára börnum að læknisráði. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xýlómetasólin ættu ekki að nota Otrivin. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.

**STREPSILS** töflur innihalda: Amýlmetakresól 0,6 mg, 2,4 tvíklóróbensýlalkóhól 1,2 mg. Strepsils töflur eru látnar renna í munni og leysast þar hægt upp. Þannig nást fram staðbundin sótthreinsandi áhrif í munni og koki. Auk þess hafa bragðefnin væg kælandi áhrif sem slá á ertingu. Venjulega er ein tafla látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst. fresti. Einnig má leysa upp 1-2 töflur í heitu vatni og drekka sem heitan drykk. Lyfið þarf venjulega að nota í 3-4 daga og stundum í allt í eina viku. Notkun lyfsins hefur engin áhrif á önnur lyf sem notuð eru samtímis. Ofnæmi eða ofnæmislík viðbrögð geta komið fyrir en eru afar sjaldgæf. Hver pakki af Strepsils inniheldur 24 munnsogstöflur, sem eru í hentugum þynnupakkningum. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég hlusta mikið á Rás 2 og hef gaman af síðdegisútvarpinu þar. Þegar ég set eitthvað á fóninn er ég dálítið fyrir ballöður, til dæmis eftir KK og Magga Eiríks. Megas er líka mjög oft spilaður. Platan þar sem hann er að syngja þessi gömlu dægurlög féll alveg í kramið hjá mér.“*

Símon Jón Jóhannsson kennari.

# Þjóðleikhússtjóri leikur hórumömmu

Lögfræðidramasjónvarpsþættirnir Réttur eru nú í tökum en þar fara þau hjón Egill Ólafsson, tónlistarmaður og leikari, og Tinna Gunnlaugsdóttir þjóðleikhússtjóri með veigamikil hlutverk. Meðan Egill fer með hlutverk eldri lögmanns hér í bæ þá er hlutverk Tinnu öllu nýstárlegra. Hún leikur hórumömmu í Reykjavíkurborg. Að sögn Sigurjóns Kjartanssonar handritshöfundar er Tinna sem sköpuð fyrir hlutverkið.

„Já, hún er mjög flott hórumamma,“ segir Sigurjón. Fréttablaðið greindi frá því fyrir um mánuði að helstu hlutverk í Rétti eru í höndum þeirra Jóhönnu Vigdísar Arnardóttur, Magnúsar Jónssonar og Víkings Kristjánssonar en þau mynda þriggja manna lögfræðiteymi. Um er að ræða sex þátta sjónvarpsseríu og er hver þáttur sjálfstæður þótt þeir tengist. Leikstjóri er Sævar Guðmundsson. Fjöldi þekktra leikara kemur við sögu – þó er enginn Hilmir Snær Guðnason né Ingvar Sigurðsson. „Nei,“ segir Sigurjón. „Ég held bara ekki. Það er mikið af ungum leikurum en nefna má Ragnheiði Steindórsdóttur sem leikur saksóknarann Urði. Meistarar á borð við Stefán Jónsson skjóta upp kollinum. Og svo leika þau hjónin Unnur Ösp Stefánsdóttir og Björn Thors í þáttunum – þó ekki hjón. Nei, nei, það er ekkert hjónaþema í gangi. Þetta er tilviljun.“ **- jbg**



**TINNA GUNNLAUGSDÓTTIR** Ekki vefst fyrir þjóðleikhússtjóra að bregða sér í líki hórumömmu í Rétti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**LÁRÉTT**
**2.** héldu brott, **6.** í röð, **8.** prjónavarningur, **9.** maka, **11.** þys, **12.** gljáun, **14.** ríkis, **16.** átt, **17.** í viðbót, **18.** kirna, **20.** svörð, **21.** fugl.

**LÓÐRÉTT**
**1.** teikning af ferli, **3.** belti, **4.** prófuðum, **5.** suss, **7.** verksmiðja, **10.** temja, **13.** kvk nafn, **15.** fótabúnaður, **16.** sjáðu, **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** **2.** fóru, **6.** rs, **8.** les, **9.** ata, **11.** ys, **12.** fágun, **14.** lands, **16.** sv, **17.** auk, **18.** ker, **20.** mó, **21.** orri.
**LÓÐRÉTT:** **1.** graf, **3.** öl, **4.** reyndum, **5.** uss, **7.** stálver, **10.** aga, **13.** una, **15.** skór, **16.** sko, **19.** rr.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Fjármála- og viðskiptaráðherra.
2. Steven Gerrard.
3. Yfirvaraskegginu.








**SYNGJA MEÐ SÖNDRU KIM** Eurobandið syngur með Söndru Kim á risastórri aðdáendahátíð Eurovision-keppninnar sem fram fer í München. Regína ber barn undir belti og á von á sér í Eurovision-mánuðinum maí. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### REGÍNA ÓSK ÓSKARSDÓTTIR: Á VON Á EUROVISION-BARNI Á NÆSTA ÁRI

# Eurobandið syngur með Söndru Kim í Þýskalandi

Eurobandið verður meðal skærustu Euovision-stjarna á árlegri árshátíð eins stærsta Eurovision-aðdáendaklúbbsins sem um getur. Árshátíðin er haldin í München í byrjun janúar og meðal þeirra sem þar koma fram auk Eurobandsins er hin belgíska Sandra Kim. „Svo skemmtilega vill til að við erum að spila á sama stað og hún. Það verður forvitnilegt að hitta hana og heyra hana syngja, rúmum tuttugu árum eftir sigurinn,“ segir Friðrik Ómar, ein aðalsprautan í Eurobandinu. Hann bendir á að þrátt fyrir að rúmlega tveir áratugir séu liðnir síðan Kim sigraði er hún aðeins 36 ára í dag. Sandra var enda aðeins fjórtán þegar hún fór með framlag Belga, J'aime la vie, alla leið árið 1986 á stóra sviðinu í Bergen. Sama ár og Gleðibankinn sigraði heiminn með Icy-tríóinu.

Friðrik hefur að undanförnu þeyst um landið og sungið fyrir landsbyggðina í kirkjum og félagsheimilum. Þessari miklu tónleikareisu lýkur í næstu viku í Salnum í Kópavogi og þá verður nokkrum jólalögum skotið inní hefðbundna dagskrá Friðriks. Hann þarf hins vegar á næstu mánuðum að horfa í kringum sig eftir nýrri söngkonu í Eurobandið vinsæla. Ekki þó vegna einhvers ósættis milli hans og Regínu heldur á söngkonan von á öðru barni sínu.

Regína segist þó ekki fyrir sitt litla líf ætla að missa af Eurovision-partíinu í München. „Ég ætla að reyna að syngja fram á síðasta dag,“ segir Regína í samtali við Fréttablðið en erfinginn er væntanlegur í maí, Eurovision-mánuðinum mikla. „Þetta verður Eurovision-barn, ekki nokkur spurning,“ bætir Regína við en hún og eiginmaðurinn, Sigursveinn Þór, giftu sig í sumar. Má því segja að barneignin sé rökrétt framhald hjá þeim hjónakornum. Að sögn Regínu er ekki búið að ákveða hver taki við míkrafóninum í Eurobandinu en unnið sé markvisst í þeim málum. **freyrgigja@frettabladid.is**



**VARÐ FRÆG FJÓRTÁN ÁRA** Sandra Kim vann Eurovision aðeins fjórtán ára gömul. Hún syngur enn á hinum og þessum Eurovision-hátíðum.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir** mun aftur taka að sér hlutverk kynnis í Eurovision. Ragnhildi fórst það vel úr hendi síðasta vetur og hefur nú í vetur fengið til sín góða tónlistargesti í tónlistarþættinum Gott kvöld. Verður Eurovisionið því rökrétt framhald af þeim sjónvarpsþætti en fastlega má gera ráð fyrir því að þjóðin sitji límd fyrir framan tækin þegar nýju lögin taka að hljóma.



Uggur er í starfsmönnum RÚV sem búast við blóðugum föstudegi nú í lok mánaðarins með uppsögnum. **Páll Magnússon** útvarpsstjóri lét þess enda getið í viðtali við Fréttablaðið að endurskoðaðrar fjárhagsáætlunar væri að vænta í lok viku sem tæki mið af miklu verra rekstrarumhverfi en var til grundvallar fyrri áætlun. Telja má líklegt að niðurskurðurinn bitni að einhverju leyti á nýsameinuðu fréttasviði stofnunarinnar. Þar starfa um 140 manns sem telst þar með vera um einn þriðji af rekstri RÚV.



Ef menn fá hugmyndir er betra að viðra þær í hófi þar til eitthvað er fast í hendi. Þannig var **Hildur Dungal**, forstjóri Útlendingaeftirlitsins, búin að leggja nokkuð í að útfæra hugmyndabanka sem orðið gæti til eflingar hinu nýja Íslandi og sóknar í samfélaginu. Hildur nefndi þetta við starfsmann Eyjunnar og vissi ekki fyrr en vefmiðillinn var búinn að stofna slíkan banka.

**-fgg, jbg**








# Séð & heyrt sakfellt fyrir Tarantino-myndir

Tímaritið Séð og heyrt mátti ekki nota myndir Ingu Birnu Dungal af bandaríska leikstjóranum Quentin Tarantino í blaði sínu í janúar á þessu ári. Héraðsdómur Reykjavíkur kvað í gær upp úrskurð þess efnis að blaðið og blaðamaður þess, Atli Már Gylfason, hefðu brotið höfundarrétt með birtingu myndanna sem vöktu mikla athygli á sínum tíma. Myndirnar sýndu vinkonu Ingu Birnu, Birgittu Ingu Birgisdóttur, í innilegum samræðum við bandaríska leikstjórann Quentin Tarantino á skemmtistaðnum Nasa.

„Ég get ekki sagt að dómurinn komi mér á óvart. Það er hins vegar gott að ég er búin að fá staðfestingu á máli mínu. Nú getur maður loksins sett myndir inn á Netið áhyggjulaus,“ segir Inga Birna í samtali við Fréttablaðið. Atli og útgáfufélag blaðsins Séð og Heyrt, Birtíngur, voru dæmd til að greiða Ingu Birnu 180 þúsund krónur vegna fjártjóns og miska. Atla Má var jafnframt gert að greiða 80 þúsund krónur í sekt til ríkissjóðs og Birtíngur sömuleiðis. Var þeim einnig, hvorum um sig, gert að greiða þrjú hundruð þúsund krónur í málskostnað.

Gunnar Ingi Jóhannsson, lögmaður Birtíngs og Atla Más, sagði dóminn ekki hafa verið í samræmi við þeirra væntingar. Spurður hvort til greina kæmi að áfrýja honum sagði Gunnar að nú yrði farið yfir dóminn, vel og vandlega. Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson, lögmaður Ingu Birnu, sagði að þetta væri algjörlega í samræmi við það sem hann hefði búist við. „Þetta sannar bara að það er ljótt að stela,“ sagði Vilhjálmur. **freyrgigja@frettabladid.is**



**SÁTT** Inga Birna er sátt við niðurstöðu dómsins. Hún segist nú áhyggjulaus geta sett myndir af sér og vinkonum sínum á Netið.



**FÁMÁLL** Atli Már Gylfason var fámáll eftir að dómur var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# LADDI 6-TUGUR

## KOMIN Á DVD






100% ÍSLENSKT

**Vinsælasta leiksýning síðari ára loksins komin á einstaklega veglegum DVD diski!**

Hátt í 70.000 gestir og 130 upp-seldar sýningar samfleytt í tvö ár segir allt sem segja þarf. Diskurinn er auk þess stútfullur af spennandi aukaefni.

Jólagjöfin í ár er að hlæja þar til þú missir andann, ferð að gráta og getur ekki meira.

Sjáðu myndbrot á og taktu þátt í léttum leik á nýrri heimasíðu disksins: www.bravo.is/laddi þú gætir unnið eintak.

bravó!

**FÁANLEGT Í NÆSTU VERSLUN**

sena
okkar heimur // þín skemmtun

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**





**Gesthús Dúna**

Tveggja manna herbergi á kr. 5.000 nóttin

Uppbúið rúm í svefnpokaplássi kr. 2.000 nóttin

Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is




**BAKÞANKAR**
Bergsteins Sigurðssonar

## *Björgvin Geisp Zzzigurðsson*

Í vor sá ég merkilega fréttaskýringu í hinum virta bandaríska sjónvarpsþætti 60 mínútur. Innslagið fjallaði um svefnrannsóknir og nýjustu niðurstöður sprenglærðra háskólamanna þar í landi, sem hafa komist að því að svefn sé manninum miklu mikilvægari en við höfum hingað til gert okkur grein fyrir.

**AÐ SÖGN** vísindamanna þurfa flestir 7,5 til átta tíma nætursvefn. Bandaríkjamenn sofa að meðaltali um 6,7 stundir á hverri nóttu, Ekki ólíklegt að svipað gildi um Íslendinga, enda útbreidd hugmynd á hinum Vesturlöndunum að til að koma sem flestu í verk þurfi að vaka sem mest. Rannsóknir leiddu hið gagnstæða í ljós. Minni svefn raskar heilastarfseminni svo um munar; dregur úr afköstum, veldur gloppóttu minni, skapsveiflum, sljóleika og sleni og skerðir dómgreindina.

**ÞAÐ ER** víst nóg að sofa lítið aðeins eina nótt, áhrifin gera vart við sig strax og versna eftir því sem vökunóttum fjölgar. Vísindamennirnir telja sig geta sýnt fram á orsakasamhengi milli tíðni bílslysa og svefnleysis. Þeir skrifa jafnvel nokkur þekktustu stórslys sögunnar á reikning Óla lokbrár. Olíuskipið Exxon Valdez hafi til dæmis steytt á skeri laust eftir miðnætti en sá sem var við stjórnvölinn hafði aðeins sofið í fjóra tíma nóttina áður; bæði kjarnabráðnunin í Tjernóbil í Rússlandi og geislalekinn í kjarnorkuverinu á Three Mile Island í Bandaríkjunum urðu á næturvakt og í báðum tilfellum komu mannleg mistök við sögu.

**MEÐ** öðrum orðum stóreykur skertur svefn líkurnar á að menn geri ofureinföld mistök sem á ögurstundu geta valdið miklum hörmungum. Þetta er ekki síst skuggalegt í ljósi þess að hinir svefndrukknu gera sér sjaldnast grein fyrir ástandi sínu, jafnvel þótt það blasi við öðrum, heldur telja sig þvert á móti færa í flestan sjó.

**ÞAÐ** sótti því að mér hrollur þegar ég las viðtal við Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra í tímaritinu Monitor. Þar var hann spurður hvort hann hefði sofið mikið undanfarinn mánuð, eftir að efnahagshamfarirnar riðu yfir landið: „Ekki mikið. Svona kannski 40% af því sem lágmarkið ætti að vera.“

**Í ÞESSU** ástandi ætti Björgvin G. Sigurðsson auðvitað ekki að vera við stýrið á kassabíl, hvað þá þjóðarskútu. En reyndar má vera að ráðherra bankamála sé úthvíldur og sprækur þrátt fyrir allt. Hann svaf jú vel á verðinum.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 28. nóvember, 333. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.38 | 13.16 | 15.53 |
| Akureyri | 10.45 | 13.00 | 15.16 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


# ÖMMUR VITA BEST.

Þess vegna notum við bara Pillsbury Best í jólabaksturinn. Próteinríka, ameríska, vítamínbætta hveitið sem amma notaði - og amma hennar líka.




ÍSLENSKA SIA.IS NAT 44272 11.2008